

# AÐALSKRÁNING FORNLEIFA Í BLÁSKÓGABYGGÐ I:

*FORNLEIFASKRÁNING Á LAUGARVATNI OG SNORRASTÖÐUM*

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG JAKOB ORRI JÓNSSON

---

REYKJAVÍK 2015

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

FS589-15222



*Forsíðumynd er af leifum fjárhúsa skammt frá Laugarvatnshellum sem byggð voru í upphafi 20. aldar (ÁR-409:063). Horft til NNV. Ljósmynd: Jakob Orri Jónsson.*

©2015

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

[www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## Efnisyfirlit

I. INNGANGUR .....	5
II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....	7
III. SKRÁNINGARADFERÐIR.....	9
IV. FORNLEIFASKRÁ .....	11
V. NIÐURSTÖÐUR .....	87
HEIMILDASKRÁ.....	93

VIÐAUKI 1: Hnitalisti yfir allar skráðar minjæiningar (ISN93)

VIÐAUKI 2: Sérheitalisti

VIÐAUKI 3 Minjakort

*MINJAKORT 1: Minjar í úthögum Snorrastaða*

*MINJAKORT 2: Minjar í heimahögum Snorrastaða*


*MINJAKORT 3: Minjar í úthögum Laugarvatns*

*MINJAKORT 4: Minjar í heimahögum Laugarvatns*



## I. Inngangur

Á vordögum 2015 gerðu Bláskógabyggð og Fornleifastofnun Íslands með sér samning um svæðis- og aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Ráðist var í skráninguna í tengslum við vinnu sem nú fer fram við aðalskipulag sveitarfélagsins. Skráningin sem um er að ræða var annars vegar full heimildaúttekt (svæðisskráning) á þeim hluta sveitarfélagsins sem slík heimildaskráning hafði ekki gerð áður og hins vegar vettvangsskráning (aðalskráning) á þremur svæðum innan Bláskógabyggðar þar sem ljóst þótti að yrðu talsverðar framkvæmdir á næstu árum. Fjármagnaði sveitarfélagið skráninguna með stuðningi frá Skipulagsstofnun. Bæði svæðis- og aðalskráningin voru unnar á sumar- og haustdögum 2015 og kom á haustmánuðum 2015 út skýrsla um svæðisskráningu fornleifa.<sup>1</sup> Aðalskráningin sumarið 2015 var gerð á þremur svæðum sem töldust í sérstökum forgangi hjá sveitarfélaginu, þ.e. á Laugarvatni/Snorrastöðum, Laugarási/Iðu og Litlafljóti/Stórafljóti (Reykholti). Um öll svæðin þrjú verða gefnar út sérstakar skráningarskýrslur og er sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós sú fyrsta í röðinni. Á Laugarvatni og Snorrastöðum voru samanlagt skráðar 113 fornleifar.



*Íslandskort þar sem það svæði sem fjallað er um í þessari skýrslu, Laugarvatn og Snorrastöðir, er afmarkað. Grunnkort: Gísli Pálsson.*

<sup>1</sup> Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2015.

Áður en aðalskráning var unnin fyrir Snorrastaði og Laugarvatn sumarið 2015 hafði takmörkuð skráning verið unnin á svæðinu. Engin skráning hafði áður farið fram í landi Snorrastaða en á Laugarvatni hafði Bjarni F. Einarsson skráð þrjár minjar á deiliskipulagsreit norðarlega í þéttbýlinu á Laugarvatni árið 1999 og Sólveig Guðmundsdóttir Beck skráð þrjár minjar vegna skipulagsreits sunnarlega á svæðinu árið 2007.<sup>2</sup> Að auki höfðu talsverðar rannsóknir farið fram á Vígðulaug og nokkrar fornleifar verið skráðar vegna deiliskráningar á nýjum Gjábakkavegi.<sup>3</sup> Um vettvangsskráningu minja á Laugarvatni og Snorrastöðum sáu þau Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Jakob Orri Jónsson og sá Elín um ritun skýrslu, uppsetningu og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu eða Jakobi nema annað sé tekið fram.

Loftmyndirnar í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. en Bláskógabyggð veitti aðgang að þeim. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum þeirra fjölmörgu heimildamanna sem rætt var við á svæðinu. Þeir miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingsskap.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafla 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og yfirlitskort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

---

<sup>2</sup> Bjarni F. Einarsson. 1999 og Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2007.

<sup>3</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Eva Kristín Dal. 2015, Orri Vésteinsson. 1998 og Bjarni F. Einarsson. 2003.

## II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn í raun ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafla 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.



### III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað að því frátöldu að hnit var tekið í Landshnitakerfi (ISN93).

greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar


minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## IV. Fornleifaskrá ÁR-408 Snorrastaðir

Túnakort fyrir Snorrastaði  
-byggt á túnakorti frá 1920



*Túnakort Snorrastaða frá því um 1920. Inn á kortið hafa verið merktir þeir staðir sem skráðir voru 2015.*

**1568:** "Vtey atte skögarhogg j Kietilvallatorfu j Snorrastaðar landeign. Enn Snorrastader attu v kapla beit a veur j Vteyarland. Suo og eingiatak j Merkurgerde," DI XV, 163.

**1686:** 20 hdr. Bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

**1695:** 16 hdr, skv. The Old Icelandic Land Registers, 112. 1708: "Jarðardýrleiki er 16 hdr [...] Eigandi að hálfri er Jón Sigurðsson að Kirkjubóli í Höfnum. Annar eigandi að hálfri jörðunni Eyjólfur Jónsson að Þorkötlustöðum í Grindavík," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 318.

**1708:** "Munnmæli eru að jörðin [Útey] hafi skóg átt í Snorrastaða landi, en Snorrastaðir þar í mót engiatak í Úteyar engi; aldrei hefur það brúkast í þeirra minni, sem nú lifa, og ei heldur frá Snorrastöðum engiatakið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 321.

**1847:** 16 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 70.

Jörðin er nefnd í Páls sögu biskups: "En sá maðr er Eiríkr hét ok bjó skammt frá Skálaholtum á þeim

bæ er heiti á Snorrastöðum [...]," ÍF XVI, 311. Í þætti um Ögmund biskup í Skálholti segir: "Eignarmaður Katrínar [Sigmundardóttur f. 1532] var Egill Einarsson, sem átti alla Snorrastaði í Laugardal," Biskupa sögur II, 293.

**1896:** 9 bæjarhús og 12 peningshús á Snorrastöðum (Hlaða ótalin). Eftir jarðskjálftana sama ár var 1 peningshús gjörfallið. 2 bæjarhús og 2 peningshús voru mjög skemmd. 7 bæjarhús og 9 peningshús voru lítið skemmd skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddssen, 178.

**1934:** "Árið 1934 er stofnað nýbýlið Skógar úr landi Snorrastaða [... Árið1965] leggst býlið aftur undir Snorrastaðina og hefur ekki verið búið þar síðan, " segir í Sunnlenskum byggðum III, 58.

Túnakort 1920: Tún 6,5 ha. Girt. Matjurtag.: 820 m<sup>2</sup>.

**1709:** "Afrjett á jörðin [Efsti Dalur] ásamt öllum Grímsnesingum norður og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið [...]. Skógur sem segir um Hjálmsstaði [þ.e. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur]. Torfrista og stúnga bjargleg. Silúngsveiðivon í Hjálmsstaðaá má valla telja. Engjar öngvar, nema hvað hent verður í hagamýrum. Hætt er högunum fyrir skriðu, og hefur það kvikfje til meins orðið. Hætt er kvikfé fyrir foröðum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 313, 318.

"Hún er að mestu vel gróin, mýrlendi er neðst í landinu en skógivaxnar hlíðar þegar ofar dregur, síðan talsvert fjalllendi, fremur lítið gróið. Snorrastaðir er talin góð beitarjörð og skjólagóð en talsvert miklar hættur voru í mýrlendinu. Engjaslægjur voru lélegar," segir í Sunnlenskum byggðum III, 58.

**ÁR-408:001** *Snorrastaðir* bæjarstaði bústaður X: 417485 Y: 416548

Bæjarhóll Snorrastaða var um 280 m NNV við þjóðveg og um 80 m norðan við núverandi íbúðarhús á jörðinni, á hæðinni sem er beint ofan það. Bærinn var fluttur af gamla bæjarstaðinu um 1980. Ástæða flutningsins var samkvæmt Sveinbirni Jóhannssyni heimildamanni var sú að brekkan upp á gamla bæjarstaðið var brött og erfið á vetrum. Á Snorrastöðum var farkennsla um skeið.



*Bæjarhóll Snorrastaða ÁR-408:001. horft til VSV. Aspirnar sem sjást á myndinni eru innan lóðar núverandi íbúðarhúss á jörðinni.*

Mikið rask hefur orðið á bæjarhól Snorrastaða á síðari hluta 20. aldar. Hóllinn er fremur óskýr.

Bæjarhóllinn er skýrastur að austan og suðaustan. Hann er mest um 1,5 m á hæð en víða aðeins 0,2-0,4 m á hæð. Bæjarhóllinn er gróflega áætlaður 65 x 38 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Austast á honum eru steypuleifar af fjósi og sunnan í honum hefur verið gerður stallur inn í hólinn þar sem er nú (2015) hjólhýsi. Samkvæmt Sveinbirni Jóhannssyni var sjálft bæjarstæðið þegar hann mundi eftir því vestast á bæjarhólnum, nálega þar sem slóði liggur nú upp á efri túnin. Líklega hefur eldri bær (samkvæmt túnakorti frá því um 1920) verið svolítið austar, ofan við kálgarð en engin ummerki sjást nú um hann. Mörg hús hafa staðið á bæjarhólnum á Snorrastöðum á 20. öld og eitt þeirra, sem var mögulega síðasti torfbærinn á hólnum, fór t.d. í jarðskjálfta á 3. áratug 20. aldar. Sveinbjörn vissi um hús sem byggt á 5. áratug 20. aldar og enn síðar var byggt steinhús sem stóð allt til 1980. Á bæjarhólnum voru einnig a.m.k. tvö fjós byggð á seinni hluta 20. aldar. Samkvæmt Sveinbirni var tvíbýli á Snorrastöðum á 5. áratug 20. aldar og þá stóðu tvö íbúðarhús á svipuðum stað, á bæjarhólnum og var annað timburhús en hitt sem stóð svolítið vestar var steinsteyp og í því bjó m.a. faðir Sveinbjörns. Eins langt og Sveinbjörn þekkti til var fjósið stakstætt og stóð austan og framan við bæinn. Yngstu fjósleifarnar eru steinsteypar og sjást enn allra austast á þessu svæði en samkvæmt Sveinbirni var eldra fjós örlítið vestar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-408:002** heimild um leið

X 417430 Y 416517

Gata er merkt inn á túnakort frá 1920 frá bæ 001 og liggur hún í sveig suðvestur frá bænum 001.

Þar sem gatan lá eru nú (2015) sléttuð tún. Samkvæmt Sveinbjörn Jóhannsson, heimildamanni, hafa traðirnar legið vestar en núverandi vegur að bænum, en enginn ummerki eru greinileg um þær á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:003** gerði kálgarður

X 417491 Y 416522

Um 5 m frá bæ 001 er matjurtagarður merktur inn á túnakort frá 1920. Garðurinn hefur verið á svipuðum slóðum og nú (2015) er sléttuð flöt og hjólhýsi. Á sama stað var skrúðgarður þegar Sveinbjörn Jóhannsson heimildamaður man fyrst eftir en honum var eitthvað raskað þegar flati fyrir hjólhýsið var gerður. Enn má greina mikinn hrygg að austanverður, líklega þar sem austurveggur gerðis var. Framkvæmdirnar við stallinn hafa þó vafalítið ýkt þessa hlið. Framan eða sunnan við gerðið sést lágur kantur og hafa runnar verið gróðursettir þar.



*Hjólhýsi á þeim slóðum sem kálgarður ÁR-409:003 horft til suðvesturs.*

m á breidd. Aðeins sést suðurbrún suðurveggjar en innan þessa horns er sléttuð grasflöt og hjólhýsi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:004** heimild um kálgarð X 417454 Y 416515

Um 20 m frá bæ 001 merktur matjurtagarður inn á túnakort frá 1920. Kálgarðurinn hefur verið í brekku sem hallar til suðurs, innan lóðamarka íbúðarhússins sem stendur nú (2015) á Snorrastöðum.

Í brekkunni þar sem kálgarðurinn hefur verið vaxa aspir í röð og á kafla vex þar talsverður njóli.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:005** heimild um útihús X 417460 Y 416539

Um 5 m frá bæ 001 er merkt útihús inn á túnakort frá 1920. Húsið hefur staðið nálægt þeim stað þar sem nú (2015) er vegslóði. Húsið hefur verið nálægt girðingu sem nú girðir af efri tún á Snorrastöðum.

Engin ummerki sjást nú um húsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:006** heimild um útihús X 417462 Y 416521

Um 10 m frá bæ 001, við horn á fimmhyrndum matjurtagarði, er útihús merkt inn á túnakort frá 1920.

Húsið hefur líklega staðið á brekkubrúninni

Gerðið virðist hafa verið um 32 x 14 m stórt. Einu ummerkin sem mögulega gætu byggt á gerðinu eru sem fyrr segir suðausturhorn, þ.e. hluti suðurlangveggjar og austurveggjar. Austurveggur hefur verið ýktur við framkvæmdir á svæðinu og er nú um 1,5 m á hæð en 1,5-2


Sléttuð grasflöt er nú (2015) á þessum slóðum og girðing sem markar lóð íbúðarhússins á Snorrastöðum liggur syðst á flatanum. Engin ummerki um útihúsið sjást lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:007** þúst útihús

X 417434 Y 416555



*Þústin sem er á þeim slóðum sem útihús ÁR-408:007 stóð. Á ljósmynd er horft til norðurs.*

Um 30 m frá bæ 001 eru tvö sambyggð útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Við girðingu milli túna vestan bæjar er þústarleg hæð í túnbrekkunni. Steinar eru á dreif um hæðina og gras vaxið yfir þá að hluta. Syðst í hæðinni mótar fyrir dæld sem er um 2 x 1 m stór og snýr norður-suður, en ekki má greina útveggi. Dældin er um 0,1 m djúp. Líklega eru umrædd ummerki leifar úthússins sem þarna stóð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:008** heimild um útihús

X 417426 Y 416601

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 60 m vestan frá bæ 001. Sléttuð tún eru nú á þessum slóðum og engin ummerki sjást umhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:009** heimild um útihús

X 417333 Y 416518

Útihús merkt inn á túnakort frá 1920 um 130 m vestur frá bæ 001 og um 5 m norður frá matjurtagarði 010. Nú (2015) er sléttuð túnbrekka á þessum stað. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:010** heimild um kálgarð

X 417339 Y 416518

Matjurtagarður er merktur inn á túnakort frá 1920 um 125 m vestur frá bæ 001 og um 5 m suður frá útihúsi 009. Nú (2015) er sléttuð túnbrekka á þessum stað. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:011** *Lambhús* hleðsla lambhús

X 417464 Y 416669



*Óljós ummerki eftir mannvirki á svipuðum slóðum og hús  
ÁR-408:011 stóð. Horft til VSV.*

Um 105 m frá bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Húsið var þar sem nú eru tún um 40 m sunnan við bragga sem þar stendur. Í túni sem nú er nýtt fyrir hrossabeit.

Á þessum stað voru fjárhús sem líklega tóku um 50 kindur þegar Sveinbjörn Jóhannsson heimildamaður man fyrst eftir sér. Hann hafði það eftir eldra fólki að þarna hefði verið hlaða á undan en hún var horfin fyrir hans minni. Á þessu svæði sjást óljós ummerki og grjót í grassverðinum. Hægt er að greina

grjótrönd sem er L-laga og 5-6 x 3 m að stærð. Grjótið er einföld röð snýr norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:012** *Austurhús* heimild um lambhús

X 417491 Y 416676

Um 100 m frá bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Húsið var þar sem nú eru tún sunnan við bragga sem þar stendur. Í túni sem nú er nýtt fyrir hrossabeit. Ekki sjást ummerki um húsið lengur en á þessum slóðum sést mjög ógreinileg upphækkun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-408:013** heimild um útihús

X 417554 Y 416668

120-130 m frá bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Húsið er horfið en var ofan við veg 039, nálægt túnhorni. Sléttur blettur í túni sem hallar til suðurs. Engin ummerki sjást lengur um húsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



**ÁR-408:014** *Veita* garðlag áveita

X 417512 Y 416340

"Ofar við ána og afmarkaðist af henni og þurrlendi að vestan og norðan og þjóðvegi að sunnan er Veita," segir í örnefnaskrá. Veitan var um 210 m suður af bæ 001 og liggur Kóningsvegur ÁR-701:002 í gegnum hana. Veitan er deiglendi, norðan við veg framhjá Snorrastöðum. Syðst í Veitunni er grunn tjörn.

Garðlag liggur sunnan við tjörnina í Veitunni, um 320 m suður af bæ 001, og rennur lækur sem rennur í tjörnina meðfram því, norðan megin. Garðlagið er um 0,3 m á hæð, um 0,5 m að breidd og um 50 m langt. Það snýr austur-vestur. Annað garðlag liggur slitrótt í blautlendi norðan tjarnarinnar. Það er um 0,4 m á hæð og um 0,5 m að breidd. Frá tjörn liggur garðlagið mjög slitrótt í um 30 m til norðvesturs, en hverfur á um 10 m kafla í miðju garðlaginu, liggur áfram í ANA í um 120 m. Garðurinn er rofinn á köflum af ágangi hrossa.



*Garðlag ÁR-408:014, horft til vesturs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 1

**ÁR-408:015** frásögn brunnur

X 417567 Y 416485

"Norður af Veitunni [014] tekur túnið við og nefnist þar Niðurtún frá Hjálmsstaðaá á mótis við bæjarhús að heimreið að vestan," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Sveinbirni Jóhannssyni heimildamanni var brunnur nálægt gamla bænum 001 og sést enn hvar hann var, m.a. á því að á ákveðnum tímum ársins seytlar enn fram vatn á þessum slóðum. Á þessum slóðum er grunn lág í brekkunni. Staðsetning brunnsins er fremur ónákvæm en líkleg staðsetning er um 70 m sunnan við bæinn 001.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 1

**ÁR-408:016** *Stiklur* heimild um vað

X 417692 Y 416589

"Beint frá bænum austur að Hjálmsstaðaá var Vatnsgata [039]. Þar voru Stiklur og göngubrú á ánni," segir í örnefnaskrá. Stiklurnar voru í hvammi við Hjálmsstaðaá og tæplega 230 m austan við bæ 001. Aflíðandi hvammur er beggja vegna við ána á þessum stað en ekki er augljóst nákvæmlega hvar

stíklurnar voru í læknum. Stíklurnar voru í beinu framhaldi af girðingu í túninu vestan ár en brúin var svolítið neðar, til móts við slóða (og tröppur sem sjást austan við á) og eru enn plankar á ánni á svipuðum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 1

**ÁR-408:017** heimild um garðlög X 417652 Y 416649

"Austast í túninu við Hjálmsstaðaá var skógarblettur, sem hét Mórauðaholt. Það er nú tún. Þar voru garðlög mikil og virtust forn að sögn Andrésar," segir í örnefnaskrá. Á þessum stað er nú (2015) sléttað tún um 100 m norðaustan við bæ 001. Umhverfis eru tún sem ekki eru lengur slegin, í halla til vesturs og eru þau nú vaxin mosa og grasi. Engin ummerki sjást lengur um garðlög á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 1

**ÁR-408:018** *Tjaldflöt* heimild um tjaldstaði X 417379 Y 416799

"Norður af bænum var skóglaus flöt, Tjaldaflöt. Þar tjölduðu leitamenn úr Grímsnesi og var þetta fyrsti næturstaður þeirra í fjallferðum," segir í örnefnaskrá. Tjaldflötin var um 270 m ofan við bæ 001 og næstum beint ofan við bragga. Grasi- og mosavaxin hlíð er einhvern tíma hefur verið sléttuð en er nú vaxinn mosa og lyngi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 2

**ÁR-408:019** *Stöðull* örnefni kvíar X 417307 Y 416744

"Vestan við Tjaldaflöt var Stöðull," segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var um 250 m NNV við bæ 001. Þar sem hann var er nú (2015) hæð í túninu en engin ummerki sjást um stekkin. Túnin eru í halla til suðurs. Nú er hrossum beitt á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 2

**ÁR-408:020** heimild um býli X 417177 Y 416384

"Hæðin vestur af bænum heitir Bali og nær vestur undir Stekká. Þar var greinilegur túngarður og líklega hefur þar verið býli, einnig voru þar fornar rústir. Nú er þetta allt slétt tún," segir í örnefnaskrá. Bali að Stekká er um 350 m suðvestur af bæ 001 og um 400 m VSV af Kóngsvegi ÁR-701:002. Nú (2015) er hóllinn Bali sléttaður túnhóll. Hann er aflangur og snýr austur-vestur.

Samkvæmt Sveinbirni Jóhannssyni, heimildamanni, var mikið um steina sem komu upp við sléttun og mátti sjá glitta í hleðslur, en ekki sjást þær nú. Óvíst er með nákvæma staðsetningu þessa býlis á hólum Bala en líklegast væri að finna það næst Stekká.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorraстаðir, 2

**ÁR-408:021** *Sauðabraut* gata leið

X 417399 Y 417123

"Norðan við túnið inn brekkubrúnina er kindagata, Sauðabraut," segir í örnefnaskrá. Sauðabraut var um 580 m norður af bæ 001 og lá þar sem nú (2015) er hlið milli túns og inn í kjarrskóg. Norðan núverandi túna er þéttur kjarrskógur. Við hliðið úr túninu í kjarrskóg má greina leiðina, sem Sveinbjörn Jóhannsson, heimildamaður, þekkti sem Selsgötu og stefnir hún norður, inn í skóginn og í átt að seli 023. Er leiðin líkust fjárgötum og hverfur fljótlega í þéttan skóginn og kjarrið.



**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Snorraстаðir, 2

*Sauðabraut ÁR-408:021, horft til norðurs.*

**ÁR-408:022** *Sökk* heimild um vatnsból

X 417406 Y 417172

"Norðan við túnið inn brekkubrúnina er kindagata, Sauðabraut [021]. Á þeirri leið, u.þ.b. 200 m. frá túnhliði, eru uppsprettur. Þær heita Sökk (hvk. et.) eða Sökkur (kk. et.). Þar er neysluvatn Snorrastaða tekið," segir í örnefnaskrá. Sökk var um 630 m norður af bæ 001. Í lág, vaxin kjarri og lyngi, við Hjálmsstaðaá. Uppspretturnar eru enn greinilegar, þær eru náttúrulegar og er ekki að sjá nein mannaverk við þær.

**Heimildir:** Ö-Snorraстаðir, 2

**ÁR-408:023** *Sel* örnefni sel

X 417162 Y 417799

"Innar með ánni er skóglendi og lág hæð með lautum er nefnist Holhöfði. Norðan við hann er Sel undir brekkurótum Hettu, en það er ávöl hæð allmikil og greinileg," segir í örnefnaskrá. Þéttur kjarrskógur er í hliðinni norðan bæjar 001 og hún er illfær þeim sökum. Samkvæmt Sveinbirni Jóhannssyni var lengi greinileg hæð eða þúst í hliðinni en skógur hefur þést mikið seinustu ár og fannst hæðin því ekki þrátt fyrir göngur um svæðið í leit að honum. Í þéttvöxnum kjarrskóg.

Samkvæmt Sveinbirni Jóhannssyni, heimildamanni, sjást ekki lengur tóftir í hæðinni í hliðinni norðan bæjar þar sem hann sagði selið hafa verið og ekki fundust ummerki um sel við vettvangsgöngur en svæðið er þéttvaxið skógi og kjarri og því mjög illfært til leitar að ógreinilegum rústum.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 2

**ÁR-408:024** Vestur-Klofningar gata leið

X 416390 Y 419508



"Vestan við Fagradal er Fagradalsfjall, sem nær inn í Vestur-Klofninga, en það er skarð milli Jafnafells í landi Hjálmsstaða og Fagradalsfjalls. Um þá er leiðin inn á afrétt um Klukkuskarð, sem er innar," segir í örnefnaskrá. Götturnar má rekja á talsverðum kafla. Þær eru t.d. Greinilegar um 3,15 km norður af bæ 001, nyrst í Fagradal, um 120 m norðvestur af tóft 042.

Upphaf götunnar er norðarlega í Fagradal þar sem graslendi dalsins sleppir og mólendi tekur við. Norðarlega í Fagradal sjást götturnar liggja norður, í gegnum mólendi til fjalla. Syðst eru götturnar eru tveir til þrjár troðningar, um 0,3 m djúpir, á um 2 m breiðu svæði en sameinast í einn norðar, um 1 m að breið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 2

*Götuslóðar ÁR-408:024, horft til norðurs.*

**ÁR-408:025** Sandtótt tóft hlutverk óþekkt

X 417626 Y 416322

"Ofarlega í fjallinu, syðst í Skálinni, eru allmiklir klapparhólar, sem bera við himin séð frá Hjálmsstöðum og heita Húsabæir," segir í örnefnaskrá. Lítil kofatóft er skammt norðan við Konungsveg ÁR-701:002 nærri Hjálmsstaðaá. Samkvæmt Sveinbirni Jóhannessyni, heimildamanni



0 2,5 5  
metrar

*Sandtóft ÁR-408:025. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*

kölluðu hann og vinir hans tóftina Sandtótt þegar þeir voru börn en hann vissi ekki til hvers hún hafði verið notuð. Tóftin er um 270 m suðaustur af bæ 001 og um 5 m vestur af Hjálmsstaðaá á þurrleнду beltu meðfram ánni. Tóftin er í austurjaðri Veitu 014, deiglendis sunnan bæjar.

Tóftin er um 6 x 5 m stór og snýr norður-suður. Hún er enn vel greinileg en rof hefur orðið til þess að veggir eru nánast alveg horfnir í suðvestur-, norðvestur- og norðausturhornum. Veggir eru mest um 0,4 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er enn greinilegt, um 2 x 1 m. Innangur hefur verið á suðurvegg tóftarinnar, en ekki sjást grjóthleðslur í veggjum. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 2

**ÁR-408:026** *Einsteinn* álagablettur

X 416634 Y 416153

"Einsteinn er stakur stór móbergssteinn vestan við Einsteinslæk. Á honum var sú trú, að ef hestar voru keyptir að úr fjarlægum héruðum, þá átti að leiða þá kringum Einstein 3 hringi áður en farið var með þá heim að Snorrastöðum. Þá reyndu þeir ekki að strjúka," segir í örnefnaskrá. Einsteinn er í gilinu við Einsteinslæk að vestan en lækurinn rennur nú um sumarbústaðahverfi í landi Snorrastaða. Steinninn er 10-20 m utan (austan) lóðamarka sumarbústaðar sem tilheyrir Stýrimannafélaginu. Steinninn er um 935 m VSV við bæ 001. Einsteinslækur er nú þurr en í gilinu vex birki, grenitré, aspir, lúpína og lyng. Einsteinn er klettanef sem skagar fram í gilið sem er annars aflíðandi og gróið. Sjálfur steinninn er gróinn mosa og lyngi.



*Einsteinn ÁR-408:026, horft til norðvesturs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3

**ÁR-408:027** *Stekkur* tóft beitarhús

X 416961 Y 416180

"Stekkáin, sem kemur upp í Skál, er oft nefnd Heimri-Stekká eða Heimrá. En í Geirunum kemur upp Ytri-Stekká nokkru innan við Einsteinslæk. Tungan milli Stekkáanna er nefnd Stekkjartunga. Þar eru garðlög, Stekkur," segir í örnefnaskrá. Nú (2015) er beitarhúsatóft í Stekkjartungunni þar sem stekkurinn var áður. Umrædd hús eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Stekkjartunga er grasi gróin og hafa þar verið tún þótt þau séu ekki lengur slegin. Svæðið er þó enn skóglaut en allt í kring er þéttur skógur.

Svæðið er um 80 x 50 m stórt og snýr austur-vestur. Á því vestast er greinilegur rústahóll sem



*Tóftir ÁR-408:027.*

er um 50 x 35 m stór og snýr NNV-SSA. Greinilegt er að einhver uppsöfnun er þar undir sverði. Á hólnum er stæðileg af fjárhúsum/beitarhúsum og er greinilega ekki mjög gömul og er hún hér nefnd tóft A til aðgreiningar. Tóftin er 15-16 x 12-13 m að stærð en til vesturs frá henni er á einum stað 2-3 m stórt, óljóst útskot. Tóftin snýr norður-suður. Hún er grafin inn í brekkuna til norðurs og skiptist í tvö hólf (aук útskots). Syðra hólfíð eru sjálf fjárhúsin. Þau eru 8-9 m á kant og eftir þeim endilöngum ganga tveir garðar. Op eru á suður útvegg fram af báðum görðum. Víðir vex í norðausturhorni fjárhúsanna. Norður af fjárhúsunum er hlaða sem er talsvert lægri en fjárhúsin. Ekki er veggur á milli en hlaðan er á að giska 9 x 2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er op á henni. Til vesturs frá vesturvegg tóftarinnar er lítið útskot sem er um 2 x 1 m að stærð en er annars samfallið og



*Tóftir ÁR-408:027. Á mynd til hægri sjást fjárhús A (horft til SSV) en gerði C á mynd til vinstri (horft til austurs).*

ógreinilegt. Veggir tóftarinnar standa mest í 1,5 m hæð og eru úr torfi og grjóti. Fjórhusin eru full af rusli. Um 5 m sunnan við fjárhústóftina, einnig á sama rústahól er óljósari ummerki eftir eldri tóft, hér nefnd B. Hún er 11 x 6-7 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er nú vart meira en þúst en veggjarhæð um 0,2 m á hæð. Hún gæti hafa skipst í tvö hól og þá væri það stærra sunnar, en öll eru þessi ummerki nú of óljós til að hægt sé að fullyrða um þetta. Op hefur líklega verið á miðjum suðurvegg. Öll er tóftin gróin og hvergi sér í grjóthleðslur. Umrædd tóft/þúst er líklega annað hvort verið eldri beitarhús eða stekkin sem örnefni í kring draga nafn sitt af. Um 35 m austan við rústahólinn er ferhyrnt gerði, C sem er á flata jaðri skógarins sem umlykur túnið. Gerðið virðist fremur nýlegt og gæti hafa verið undirstaða undir girðingu sem nú er horfin. Það er 7-8 m á kant og eru veggir þess torfhlaðnir og 0,8 m á breidd en um 0,2 m á hæð. Gerðið er vaxið mosa og grasi en talsverður skógur er við það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3 og Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

**ÁR-408:028** þúst mylla

X 416887 Y 416181

"Við Heimrána [Stekká] móts við bæinn var kornmylla. Hana setti upp Eyjólfur Magnússon bóndi á Snorrastöðum, afi Andrésar Pálssonar. Hann malaði korn fyrir mikinn hluta sveitarinnar. Síðar færði hann mylluna að Hjálmsstaðaá [sjá 037] og þar var malað fram yfir 1920. [...] Myllulækur var smálækur, sem rann í Ytri-Stekká ofan við Dýjamýri," segir í örnefnaskrá. Eldri myllan við Stekká var í litlum hvammi um 670 m VSV við bæ 001 og 60 m vestan við rústahól 027. Óljós ummerki sjást í þar sem mýrarsund liggur í krók og er þústin inni í króknum.



*Þúst ÁR-408:028, horft til vesturs.*

Þústin er um 5 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 0,2 m á hæð. Ekki er hægt að ráða innri skipan þústar og ekki sést greinilegt op. Ljóst er að þessi staður er mjög illa farinn af vatnsaga.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3-4

**ÁR-408:029** Ketilhöfði þjóðsaga legstaður

X 416187 Y 415851

"Vestur af Einsteinslæk í hliðinni heita Hellrabrekkur. Vestur af þeim er Ketilhöfði, svolítill höfði


kúftur og þar nær kjarrið einna lengst upp í hlíðina. Þar er sagt að Ketill sá, er byggði fyrstur á Ketilvöllum hafi verið heygður," segir í örnefnaskrá. Ketilhöfði er um 1,5 km suðvestur af bæ 001, norðan af sumarbústaðahverfi. Klettahöfði í brattri hlíð alvaxin birkikjarri. Náttúrulegur klettahöfði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3

**ÁR-408:030** *Skottatóft* tóft hlutverk óþekkt X 416536 Y 415650

"Skóglendið neðan við Eyjatorfu og Ketilhöfða niður að mýrarjaðrinum heitir Flatarskógur, sumir segja Flatiskógur. Í honum er tóft, Skottatóft. Munnmæli herma, að galdramaður, er Skotti hét, hafi verið brenndur þar. Sagt er, að hann hafi rétt tóbaksbaukinn út úr kestinum og boðið þeim, er störfuðu að brennuni í nefið," segir í örnefnaskrá. Pálmi Hilmarsson heimildamaður sagði söguna á hinn veginn, að Skotti hafi beðið um að fá í nefið frekar en boðið. Skottatóft er um 1,7 km suðvestur af bæ 001 og um 2,5 km NNA af Laugarvatnsbænum ÁR-409:001. Hún er nú í sumarbústaðahverfi, innan grasi gróinnar sumarbústaðalóðar um 5 m vestur af bústaðnum en víða er trjágróður í kring.



*Skottatóft ÁR-408:030. Á ljósmynd er horfi til suðurs.*

Tóftin er greinileg en sigrin. Hún er um 10 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er gott að sjá innri skipan tóftarinnar en litlum runnum hefur verið plantað innan veggja hennar. Veggir eru um 1,5 m að breidd og um 0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Tóftin er í aflíðandi halla sem gerir það að



verkum að ekki er hægt að greina ytri mörk norðurveggjar. Innanmál er um 7 x 1 - 1,5 m. Auk runnanna hefur skraut-akkeri verið komið fyrir á suðurvegg, en mögulega var þar inngangur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3

**ÁR-408:031** *Húsatorfsmýri* örnefni rista X 417127 Y 416478

"Ofan við Snorrastaðatún, vestur við Stekká, er mýrarblettur, Húsatorfsmýri, oft nefnd Húsatóttsmýri," segir í örnefnaskrá. Húsatóftsmýri er um 360 m vestur af bæ 001. Kjarri gróin mýri milli Stekkár og túns Snorrastaða.

Sveinbjörn Jóhannesson heimildamaður kannaðist við að torf hafi verið rist í mýrinni en kannaðist ekki við neinar tóftir þar. Á þessum slóðum var þó hvorki hægt að sjá ummerki eftir ristu eða tóftir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3

**ÁR-408:032** *Breiðagata* gata leið X 416887 Y 416781

"Frá Stöðlinum lá kúagata til norðvestur[s] að Stekká og kom að henni við Neðri Þverlág, Breiðagata," segir í örnefnaskrá. Breiðagata var um 410 m vestur af bæ 001. Leiðin liggur gegnum sléttáð tún, inn í kjarrskóg til vesturs að Stekká.

Í túni sést leiðin vel sem um 3 m breiður, um 150 m langur kafli mun grænni og grónari en annars í túni. Frá túni og vestur í átt að Stekká er leiðin illgreinanleg og hverfur í kjarr.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Snorrastaðir, 3

**ÁR-408:033** náma kolagröf X 417404 Y 417627

"Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Sveinbjörn Jóhannesson taldi að helstu kolagrafir jarðarinnar hafi löngum verið um 1 til 1,3 km norður af bænum 001, milli Stekkár til vesturs og Hjálmstaðaár til austurs. Brekka norðan bæjar er þéttvaxin kjarri.

Við skráningu fannst ein gröf á svæðinu. Er sú ferköntuð, um 1 x 0,4 m að stærð og um 0,5 m djúp en er mjög gróin, vex birkihrísla upp úr gröfni. Fleiri grafir



*Kolagröf ÁR-408:033, horft niður.*

eru væntanlega á svæðinu, helst til austurs, en þykkur kjarrgróður gerir mjög erfitt um vik að staðsetja þær nákvæmlega.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** JÁM II, 319

**ÁR-408:034** heimild um mógrafir X 416034 Y 416003  
"Torfrista og stúnga bjargleg," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Samkvæmt Sveinbirni Jóhannessyni, heimildamanni var helst að mór hefði verið stunginn í Dýjamýri, þar sem nú (2015) er sumarbústaðahverfi, nánar tiltekið þar sem vegarslóði um sumarbústaðahverfi liggur upp brekku, um 830 m VSV við bæ 001. Malarvegur í þéttum skógi sem hallar til suðausturs. Engin ummerki sjást lengur um grafir á þessum slóðum en svæðið er talsvert umturnað.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM II, 319

**ÁR-408:035** frásögn brú X 417633 Y 416318  
Brú var á Kónsvegi ÁR-701:002 á Hjálmsstaðaá. Brúin hefur líklegast verið í beinu framhaldi af veginum eins og hann sést í gegnum Veitu 014, um 270 m suðaustur af bæ 001 á ánni, um 30 m norðvestur af þjóvegi. Kjarrvaxinn bakki á Hjálmsstaðaá. Ekki eru augljós merki um brú við ána.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-408:036** tóft kvíar X 416388 Y 418919  
Tóftir sem Sveinbjörn Jóhannesson heimildamaður telur kvíar eru um 2,6 km norðvestur af bæ 001, í Fagradal. Fagridalur er grasivaxinn dalur norður af bænum en þar á Hjálmsstaðaá upptök sín í mörgum




Tóftir ÁR-408:036.

breiðum kvíslum. Þegar staðurinn var skráður í lok júní var enn snjór í kvíslunum.

Tóftin er á bakka, sunnan í einni kvíslinni sem mótar upptök Hjálmsstaðaár. Tóftin er að hluta niðurgrafið og skiptist í þrjú hólf auk steinshlaðins garðlags sunnan við tóftirnar sem liggur ofan í kvíslina. Tóftin er um 10 x 3 m að stærð auk garðsins, sem er um 1,5 m sunnar. Með honum talið verður svæðið um 10 x 4,5 m að stærð og snýr það austur-vestur. Hólf I er vestast hólfanna, niðurgrafið í bakkann um 0,5 m. Hólfíð er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hugsanlega

ætti hólf I að skiptast í tvennt en við það mitt hefur hugsanlega verið veggur, sem þó gæti verið hrun úr bakkannum. Skiptist það í tvennt er hólf Ia, vestara hólfíð, um 2 x 1 m að innanmáli norður-suður og hólf Ib um 2 x 1,5 m að innanmáli og með sömu stefnu. Hólf I er lægst hólfanna og opnast til



*Tóftir ÁR-408:036, horft til norðurs.*

suðurs en sjá má glitta í steina í grasverðinum fyrir opinu þar sem hefur hugsanlega verið þil eða hlið. Hólf II er á milli hólfanna I og III og er niðurgrafið um 0,3 m. Hólfíð er um 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Rof er á útmörkum hólfis II til vesturs, inn í hólf I, og suðurs. Hólf III er austast og ólíkt hinum hólfunum, hlaðið upp á bakka kvíslarinnar með steinum og torfi. Eru veggir þess um 1 m að hæð og sjálft hólvið er um 3 x 2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Austurveggur er hruninn að hluta sem og suðvesturhorn sem er mjög rofið. Innanmáls er hólfíð um 1 x 1 m og eru steinar úr vegghleðslum á dreif innan veggjanna. Fyrir neðan bakkann, um 1,5 m sunnan tóftanna er grjóthlaðið garðlag, um 1 m breitt og um 0,1 m hátt en aðeins sést eftir neðsta steinröndin. Ekki er gott að segja nákvæmlega um lengd garðlagsins, eins og það sést er það um 5 m að lengd en endi þess hvarf undir snjó. Þar sem svæðið var að hluta hulið snjó er erfitt að útiloka að fleiri mannvirki geti leynst á því, staðsetning þess bendir helst til að þarna hafi verið haft í seli fremur en að þar hafi einungis verið kvíar.

**Hættumat:** engin hættu

ÁR-408:037 þúst mylla



*Þúst ÁR-408:037, horft til vesturs.*

Jóhannssyni, heimildamanni á svipuðum slóðum og rafstöð var síðari byggð en sjást leifar síðarnefndu byggingarinnar enn. Myllan var um 10 m sunnan við rafstöðina. Hún er í hvamminum við Hjálmsstaðaá og um 175 m austan við bæ 001. Svolítill dæld/vatnsfall er á þessum slóðum og við enda þess má greina óljósa grjóthleðslu. Dældin er um 5 x 2 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hleðsluendinn er um 0,3 m áhæð og sést þar sem dokkin endar í lækjarfarveginum sem veitt hefur verið um hvamminn.

**Hættumat:** hætta

ÁR-408:038 þúst hlutverk óþekkt



*Dældir ÁR-408:038, horft til austurs.*

X 417643 Y 416553

"Við Heimrána [Stekká] móts við bæinn var kornmylla [028]. Hana setti upp Eyjólfur Magnússon bóndi á Snorrastöðum, afi Andrésar Pálssonar. Hann malaði korn fyrir mikinn hluta sveitarinnar. Síðar færði hann mylluna að Hjálmsstaðaá og þar var malað fram yfir 1920. Yngri myllan var samkvæmt Sveinbirni

X 417196 Y 416441

Tvær þústir eða dældir þar sem líklegt virðist að mannvistarlög leynist undir sverði eru á hólum Bala um 310 m vestur af bæ 001 og um 430 m austur af Kóngsvegi ÁR-701:002. Um 4 m eru á milli þeirra. Í sléttuðu túni.

Dældirnar skera sig úr landslaginu, eru um 0,1 m djúpar og vaxnar grænna grasi og hundasúru. Austari dældin er um 6 x 3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur

en sú vestari er um 5 x 3 m að stærð og norður-suður. Er mjög líklegt að dældirnar séu leifar útihúsa sem hafi staðið þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-408:039** Vatnsgata gata leið

X 417544 Y 416611

"Beint frá bænum austur að Hjálmsstaðaá var Vatnsgata," segir í örnefnaskrá. Vatnsgata hefur legið til austurs frá bænum 001 og var m.a. gatan milli Snorrastaða og Hjálmsstaða. Þar sést nú dæld sem minnir á tröð, beint til austurs og að gömlum túnamörkum. Gatan liggur í raun á milli efri og neðri túna.

Ummerkin sem sjást eru talsvert umfangsmikil þó ekki séu þau merkjanleg á löngum kafla. Þau sjást óljóst á um 100 m löngum kafla frá bæjarhól og til ANA að þurrum farvegi sem markað hefur af gömlu túnin. Vegurinn er eins konar slóði og er 2-3 m á breidd og 0,3-0,4 m á dýpt. Ekki er ólíklegt að gatan hafi verið farin langt fram eftir 20. öld.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Vatnsgata ÁR-408:039, horft til vesturs.*

**ÁR-408:040** varða hlutverk óþekkt

X 416426 Y 418214

Tvær vörður eru um 2 km norðvestur af bæ 001. Upp á heiðarbrún, norðan við bæinn og sunnan Fagradals. Vörðurnar tvær eru hrundar að hluta. Báðar eru um 0,5 m að hæð og þvermáli, og á milli þeirra eru um 15 m. Óvíst er hvert hlutverk varðanna var.

**Hættumat:** engin hætta



*Vörður ÁR-408:040, horft til suðurs.*

Tóftir eru norðarlega í Fagradal, um 3 km norður af bæ 001 og um 450 m norður af tóft 036, sunnar í dalnum. Tóftirnar eru nyrst í Fagradal, sem er grasivaxinn. Þær eru um 100 m sunnan við þar sem mólendi tekur við að graslendi.

Á um 30 x 20 m svæði í Fagradal eru þrjár tóftir. Tóft A er norðaustast. Hún er einnig stæðilegust tóftanna og líklega yngst. Er hún um 4 x 3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggir eru mest um 0,4 m og um 0,5 m að breidd, nema austurveggur sem er um 1 m að breidd. Í suðvesturhorni virðist hafa verið útbúið sæti en steinn stendur upp á kant þar, nú skakkur en gæti hafa verið ágætis sætisbak. Tóftin er um 3 x 1,5 m að innanmáli og er inngangur á suðurvegg. Tóft B er um 15 m suðvestur af tóft A. Hún er sigin og virðist eldri en tóft A. Hún er um 3,5 x 3 m að stærð, einföld



Tóftirnar þrjár í Fagradal, A lengst til vinstri, þá B og loks C lengst til hægri.



Tóftir ÁR-408:041.

og snýr norður-suður. Hún er mjög óskýr að innan en veggir eru á milli 0,5 og 1 m að breidd. Veggir eru mest um 0,3 m á hæð og virðist sem tóftinni hafi verið skipt í tvennt eða að veggur eða þak hafi hrunið inn í hana. Hugsanlega var inngangur við suðvesturhorni

tóftar. Tóft C er innan við 1 m vestur af tóft A og er hún óljósust tóftanna og virðist hafa verið niðurgráfin að hluta. Hún er um 3 x 2,5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Má greina útveggi til suðurs og suðvesturs en tóftin virðist grafin niður til norðurs og austurs, nema hún hafi laskast við byggingu tóftar A. Veggir eru um 0,2 m háir og um 1 m breiðir.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-408:042** hús

X 417652 Y 416559

Á Snorrastöðum var byggð heimarafstöð um 1930 og var hún í notkun fram á 6. áratug 20. aldar. Ummerkin um rafstöðina teljast ekki til fornleifa í lagalegum skilningi þar sem miðað er við 100 ára aldur en þau eru merkur minnisvarði um mikið framfaraskeið í sveitum landsins og því var ákveðið að skrá leifar af rafstöðinni



*Heimarafstöð ÁR-408:042, horft til SSA.*

með minjum á jörðinni. Rafstöðin var við um 130 m austan við bæ 001 og 15 m vestan við Hjálmsstaðaá þar sem kvísl úr ánni hefur verið veitt. Húsið er í grasi grónum hvammi við Hjálmsstaðaá. Lækjarsprænu hefur verið veitt úr Hjálmsstaðaá og vestur fyrir rafstöðina.

Húsið er steinsteipt 5 x 3 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það er hrunið að nokkru. Norðausturlangveggur og SSA-gafl hússins standa alveg heilir sem og syðsti hluti af langvegg að vestan. Aðrir veggir eru hrundir að mestu og sömuleiðis þak. Húsið er ein burst og eru gluggi og dyr á suðurgafli þess. Inni í húsinu er túrbína.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-408:043** heimild um útihús

X 416725 Y 415978

Útihús, um 900 m suðvestur af bæ 001, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Húsið hefur verið fast sunnan við lækjarfarveg sem þar liggur niður brekkuna. Húsið hefur líklega verið beitarhús en þar sem það stóð er nú sumarbústaðahverfi í þéttum skógi.

Ummerki um húsið fundust ekki en ekki var hægt að leita af sér allan grun enda svæðið bæði vaxið þéttum skógi og skipt milli fjölmargra sumarbústaðalóða. Er líklegast að ummerki um það séu horfin en ekki er óhugsandi að einhverjar leifar leynist einhvers staðar í skóginum eða innan sumarbústaðalóða..

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

**ÁR-408:044** heimild um leið

X 417371 Y 416573

Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktar traðir eða götur sem legið hafa frá bæ 001 og til VNV, fram hjá útihúsi 007 og áfram. Breiðugötur 032 gætu verið framhald þessara gatna til norðvesturs.


Þar sem göturnar lágu eru nú sléttuð tún í halla til suðausturs. Ummerki um götuna eru nú horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.



## ÁR-409 Laugarvatn



*Túnakort Laugarvatns frá því um 1920. Inn á kortið hafa verið merktir þeir staðir sem skráðir voru 2015.*

Minnst er á Laugarvatn í Brennu-Njálssögu: "Þeir [Flosi Þórðarson og lið] riðu þar til, er þeir kómu til Laugarvatns, ok váru þar um nóttina." ÍF XII, bls. 361. Ekki er þó ljóst hvort um er verið að ræða vatnið eða bæinn.

**1242:** Einnig er minnst á bæinn Laugarvatn í Sturlungasögu árið 1242 en þar segir svo: "Frá ferð Órækju er það að segja að hann kom til Laugarvatns um dagseturs skeið. Þar bjó sá maður er Sokki hét." Sturlungasaga I. bindi, bls. 461. Einnig er jarðarinnar getið í sömu sögu, bls. 519.

**1379:** Máldagi Blasiuskirkju á Laugarvatni, DI III, 343.

**1397:** Máldagi Blasiuskirkju á Laugarvatni, DI IV, 91.

**Fyrir 1497:** "Af henti oddvr brandzson lavgar vatnn med þesgvm tilgogdvm landamerkvim brodur ormi jonssyne conventubrodur j videy vegna klavstvrzins j videy," DI VII, 324.

**1540:** Konungsjörð/Viðeyjareign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 113.

**1570 og síðar:** "Laugarvatn. Hálfkirkian ä Laugarvatne. Ä iij kugillde og xc í heimalande." DI XV, 646.

**1686 & 1695:** 30 hdr. Bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 113.

**1708:** "Jarðardýrleiki 30 hdr. [...]. Eigandi vicelögmaðurinn Oddur Sigurðsson að Rauðamel eður móðir hans Sigríður Hákonardóttir." "Munnmæli eru, að hjer hafi til forna hálfkirkja verið, og sjást þess enn nú nokkur merki, en enginn minnst að húsið hafi þar uppi verið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 319.

Í Jarleinabók Þorláks biskups inni eldri segir: "En er hann var á leiðinni ok fór smám þá er hann mátti svá, þá kom hann of aptaninn fyr kyndilmessu á bæ þann er at Laugarvatni heitir ok var þar of nóttina," Biskupa sögur II, ÍF XVI, 121.

**1896:** 8 bæjarhús og 14 peningshús á Laugarvatni. (Í athugasemdum segir: "Tvær smáhl." Ekki er ljóst hvort hlöðurnar séu taldar með peningshúsum.) Eftir jarðskjáltana sama ár var 1 peningshús gjörfallið. 4 bæjarhús og 4 peningshús voru mjög skemmd. 3 bæjarhús og 6 peningshús voru lítið skemmd skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 178.

"Laugarvatn byggðist á landnámsöld og hefur jafnan verið þar höfuðból. Ekki er talið með öllu ósennilegt að býlið hafi upphaflega heitið Reykir.[...] Kirkja var á Laugarvatni til forna, Blaríusarkirkja, og var bændakirkja. Hún var orðin til árið 1200 og mun hafa verið uppi fram yfir aldamót 1600," segir í Sunnlenskum Byggðum III, bls 56. Hjáleigan Stekkjarbakki er nefnd í Jarðabók Árna og Páls. Einnig er minnst á aðra nafnlausu hjáleigu. Báðar voru í eyði 1708, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 320. "Laugartún var önnur hjáleiga, uppi fram yfir 1900," segir í Sunnlenskum byggðum III, 56. "Neðst á flötunum [Norðurflatir] sér fyrir gömlu býli, sem sagt er að hafi heitið Bullunga," segir í Sunnlenskum byggðum III, 5. "Vorið 1910 var reist nýbýli á Laugarvatnsvöllum og var þá hellirinn [Laugarvatnshellir] notaður í stað bæjar, sett var þil með gluggum fyrir hluta hellismunnans og nokkuð af hellinum þiljað til íbúðar en annað notað fyrir skepnur. Býlið hét Reyðarmúli," segir í Sunnlenskum byggðum III, 12

Túnakort 1920: Tún: 10,4 ha, girt matjg. 1714 m<sup>2</sup>. "Fóðrast kann á allri jörðunni x kýr, iiii geldnaut, 1 ær, xxxv lömb, viii hestar. Afrjett sem segir um Efstadal. Raftviðarskógur er gjöreiddur, en til kolgjörðar og eldiviðar er hann nýttur enn nú. Torfrista og stúnga sæmilig. Grasatekja má teljast eydd. Engjar öngvar nema það hent er í hagnýrum. Skógur og hagar hafa spilst af skriðum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 319-320.

"Laugavatn er landstór hlunnindajörð með fjölbreyttum gróðri. Skiptast þar á skógi eða kjarrivaxið land, mýrar, lyngheiðar, vallendi, hraun og fjallendi. Landið er skjólgott og vetrar- og sumarheit góð. Uppsprettur og rennandi vatn, sem aldrei þrýtur, er til og frá um landið. Í Laugarvatni er talsverð silungsveiði og jarðhiti er mikill.[...] Vestan til í landinu eru Laugarvatnsvellir, valllendisflatir miklar. Þar var heyjað áður fyrr," segir í Sunnlenskum Byggðum III, 56.

**ÁR-409:001** *Laugarvatn* bæjarstæði bústaður

X 415683 Y 413311

Í Landnámu segir frá þeim er nam Laugardal: "Ketilbjörn hét maðr ágætr í Naumudal; hann var Ketilsson ok Æsu, dóttur Hákonar jarls Grjótgarðssonar; hann átti Helgu, dóttur Þórðar skeggja.



*Laugarvatnsbærinn 1895 en myndina tók Frederick W. W. Howell og birtist hún í bók Franks Ponzis, bls. 97.*



*Laugarvatnsbærinn í kringum aldamótin 1900. Á myndinni má sjá hvar búíð er að byggja timburhús inn í bæjarsamstæðuna sem ekki er á myndinni 1895. F.W.W Howell tók myndina sem birtist í bók Franks Ponzis, bls. 98.*

Ketilbjorn fór til Íslands, þá er landit var víða byggt með sjá; hann hafði skip þat, er Elliði hét; hann kom í Elliðaárós fyrir neðan heiði. [...] Ketilbjorn nam Grímsnes allt upp frá Hoskuldslæk ok Laugardal allan ok alla Byskupstungu upp til Stakksár ok bjó at Mosfelli." Í Sunnlenskum byggðum

segir svo: "Laugarvatn byggðist á landnámsöld og hefur jafnan verið þar höfuðból. Ekki er talið með öllu ósennilegt að býlið hafi upphaflega heitið Reykir." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnæssýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðarsóknir segir svo: "Sunnar og vestar [en Snorrastaðir] er Laugarvatn, sunnan undir Laugarvatnsfjalli [...] Jörðin liggur vestan við samnefnt vatn og er að dýrleika 30 hndr.[...] Vel húsaða bæi má hér telja Hóla, Miðdal og Laugarvatn. Kaupstaðartimbur og skógarraftur er til húsa brúkaður." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1961 segir svo: "Ekki er vitað hvenær fyrst var reistur bær að Laugarvatni. Fyrst er Laugarvatns getið í Njálu. Flosi var þar nóttina eftir að hann kom í Bræðratungu til að troða illsakar við Ásgrím Elliða-Grímsson, á leið sinni til alþingis 1012, vorið eftir Njálsbrennu. Að vísu má vera, að þar sé aðeins átt við vatnið, en líklegra er þó, að átt sé við bæinn." Fast norðvestan við svæðið þar sem bæjarhóll Laugarvatnsbæjar var fyrir 1960 er nú Menntaskólinn á Laugarvatni. Samkvæmt heimildamanni, Hlíf Böðvarsdóttur, voru smám saman nýjar byggingar að rísa í kringum árið 1907 í stað torfkofa er Böðvar Magnússon flutti á Laugarvatn. Bærinn var svo rifinn í kringum 1960 og var þá öllu ýtt út með jarðýtum svo ekkert sést á yfirborði í dag. Bærinn stóð því þar skólahúsin eru nú og á flötinni SSA við hann. Í sléttuðu grasigrónu túni.

Ekkert sést til fornleifa. Ítarleg lýsing á gamla bænum finnst í "Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur" eftir Bergljótu Magnadóttur. Þar segir m.a.: "Gamli bærinn á Laugarvatni stóð sunnan við þar sem Menntaskólinn er nú og reyniviðarlundurinn, sem enn stendur, leifar af garði, sem var framan við bæinn. Þjóðbrautin var norðan við bæinn á svipuðum slóðum og nú, og heimreiðin var vestan við bæinn nokkurn veginn þar sem aðkeyrslan að Menntaskólanum er nú. Vestan megin við bæinn var hlaða, en á milli bæjarhússins og hlöðunnar var seinna byggð geymsla. Vestan og norðan við hlöðuna, en sambyggt, var hesthúsið. Komið var heim að bænum vestan við hesthúsið á hlað, sem var í horninu sem myndaðist milli hlöðunnar og hesthússins. Síðan var gengið að bæjardyrnum eftir stétt framan við bæinn. Austan við bæinn var gömul smiðja og fjósið sem Böðvar byggði 1907 en seinna flutti hann fjósið vestur fyrir bæinn þar sem hlaðan var. Norðan við bæinn, framan við eldhúsgluggana, var allstór heygarður. Vestan við hlöðaeldhúsið norðan stofunnar var eldiviður, hrís og skán, geymdur." Í grein Bergljótu Magnadóttir "Gamli bærinn á Laugarvatni er greinargóð lýsing á bænum. Þar segir: "Þegar Böðvar og Ingunn fluttu frá Útey að Laugarvatni vorið 1907 var bygging nýs bæjarhúss forgangsverkefni hjá Böðvari enda hús þá orðin gömul á Laugarvatni og þröng fyrir svona mannmargt og gestkvæmt heimili, en um 20 manns voru þá í heimili á Laugarvatni og gestagangur mikill. Þrátt fyrir mikinn eril og tafir byggði Böðvar nú nýjan bæ og einnig fjós fyrir 12 kýr og þrjú fjárhús. Byggingarlag og herbergjaskipan bæjarins var hefðbundin en bærinn þótti stór á þeirra tíma mælikvarða. Bærinn var í heild um 34 x 10 m álnir (u.þ.b. 130 m<sup>2</sup>). Það þurfti að flytja moldina úr kjallaranum og allri tóftinni á hjólbörum og voru 3 karlmenn við það verk allt vorið. Á meðan var Böðvar við annan mann að flytja að efni í húsið á 20 hestum úr Reykjavík og fór eina ferð í viku á allt vorið, en þess á milli hlóð hann kjallarann og tóftina. [...] Veggir bæjarhússins voru úr timbri og útveggir klæddir hvítmáluðu bárujárnri, gluggakarmarnir voru bikaðir svartir og eins bárujárnsklætt þakið. Timburgólf, hvítskúruð,

voru í öllu húsinu en þó voru steinhellur og moldargólf í kjallara og í hlóðældhúsinu. Veggir voru einangraðir með reiðingi og mosa og enda þótt engin eiginleg upphitun væri í bænum var hann óvenju hlýr og það gjarnan þakkað góðum kjallara." Nánari lýsingu og uppdrátt af íbúðarhúsinu er að finna á bls. 114-116 í sömu grein. "Góðar ljósmyndir af bænum á Laugarvatni er að finna í bók Ponzis: Ísland Howells.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920; ÍF I, 384-385; SB III, 56; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnessýslu, 148-149; ÁFÍ 1961, bls. 53; Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117; Frank Ponzi, 96-98

**ÁR-409:002** *Blaríusarkirkja* heimild um hálfkirkja X 415698 Y 413291

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Munnmæli eru, að hjer hafi til forna hálfkirkja verið, og sjást þess enn nú nokkur merki, en enginn minnst að húsið hafi þar uppi verið." Í Sunnlenskum byggðum III segir svo: "Laugarvatn byggðist á landnámsöld og hefur jafnan verið þar höfuðból. Ekki er talið með öllu ósennilegt að býlið hafi upphaflega heitið Reykir.[...] Kirkja var á Laugarvatni til forna, Blaríusarkirkja, og var bændakirkja. Hún var orðin til árið 1200 og mun hafa verið uppi fram yfir aldamót 1600." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðarsóknir segir svo: "[...]bænahús hefur verið á Laugarvatni og mun hafa verið af tekið hér um bil 1742, hvört Eyvindartunga og Útey munu hafa átt kirkjusókn." Í Gíslamáldaga frá því um 1570 og síðar er hálfkirkja skráð á Laugarvatni: "CC. Laugarvatn. Hálfkirkian á Laugarvatne. Ä iij kugillde og xc í heimalande." DI XV. Einnig er talað um Blasíusarkirkju á Laugarvatni í Íslenskum Fornbréfum: "LXXVIII. Laugarvatn. Blasiuskirkia ad Laugarvatni a j heimalandi .xc. Ij. Kyr .ix. Ær. Jnnan sig .ij. Krossar. Mariuskriptt. Blasius lykneski .iij. Alltarisklædi. Alltarisdvcur oc annar glitadur. Glodarkier oc kluckur. Ij. Portio Ecclesiae vmm .x. Är .xij. Alnar aa hveriu äre." DI IV. Í riti um "Laugarvatnshjónin" segir svo: "Framan við bæinn austan til var afgirtur blóma- og trjagarður. Þennan garð skipulagði Einar Sæmundsen skógarvörður. Í miðjum garðinum var hringlaga beð með trjám, reyni og birki en þríhyrnd beð í hornunum með trjám og fjölærum blómum, og göngustígar á milli. Á þessum sama stað var allt fram undir 1800 lítil kirkja eða bænhús." Á túnakorti frá árinu 1920 er kálgarður um 15 m sunnan við bæ 001. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðasóknir segir svo: "Allir stunda hér kálgarðarækt sæmilega, en önnur jarðepli eru hér ei brúkuð." Sagt er að kirkjan hafi verið sunnan við bæinn þar sem síðar var gerður hringlaga trjagarður. Aðeins eru um 10 m á milli bæjarins eins og hann er merktur inn á túnakort frá um 1920 og gerðis sem merkt er inn á sama túnakort og var á sama stað og trjagarðurinn var síðar 046. Ofar (norðar) er sléttuð grasflöt umhverfis skólann en neðar tekur við brekka til suðausturs.

Engar fornleifar sjást á þessum stað en runnar marka af hringlaga reit sem er um 23 m í þvermál. Innan reitsins vaxa reynitré og runnar. Þar er grasflöt, skilti og minnismarki um Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunni Eyjólfsdóttur og bekkur í L-laga hlöðnum

skjólgarði.

LAUGARVATN (Á) - Blasíusi - HÁLFKIRKJA [1379]: Maldagi aa laugarvatni.

Blasíus kirkia aa lavgarvatni aa j heimalandi xc. Máld DI III 343

1397: a j heimalandi .xc.

portio Ecclesiae vmm .x. ár .xij. alnar aa hveriu äre; Máld DI IV 91

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 52}.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 319; SB III, 56; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnassýslu, 149; DI XV, bls. 646; DI IV, bls. 91; Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, bls. 115-117; DI III, 343; DI IV, 91; AM 263 fol. bl. 52

**ÁR-409:003** heimild um hrútakofa X 415529 Y 413303

Á túnakorti frá 1920 er útihús um 120 m VNV við bæ 001. Í riti um hjónin á Laugarvatni segir svo: "Þá eru ótalin sauðahús, sem var vestur á Hálsi og lítið fjárhús fyrir hrúta, sem var rétt norðan við lambhúsið [004]." Þar sem hrútakofinn stóð er sléttuð grasflöt norðan við þar sem nú (2015) stendur íbúðarhúsið Bali. Sléttuð grasflöt. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117;

**ÁR-409:004** heimild um lambhús X 415545 Y 413278

Inn á túnakort frá 1920 er merkt útihús um 120 m vestan við bæ 001. Aðeins um 20 m eru á milli útihúsa 003 og 004. Í riti um Laugarvatnshjónin segir: "Fjárhúsin þrjú er Böðvar byggði líka árið 1907, voru lambhús, norðvestan við bæinn, nokkurn veginn þar sem skólameistarabústaðurinn er nú, og ærhús, fyrir yngri ærnar, sem hann byggði norðan við heimreiðina þar sem heitir Steinhöll." Í örnefnaskrá segir: "Þar vestur af [Melhól þar sem Laugarvatnsskóli stendur] er túnið nefnt Lambhúsatunga [...] Vestan við bæinn, vestur af lambhúsunum, er nefnt Vesturtún." Lambhúsið var þar sem steinsteypt íbúðarhús, Bali, stendur nú (2015). Steinsteypt íbúðarhús í þéttbýlinu á Laugarvatni. Ekki er kjallari á húsinu. Ekkert sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117; Ö-Laugarvatns, 5-6

**ÁR-409:005** heimild útihús X 415815 Y 413443

Inn á túnakort frá 1920 er merkt útihús um 160 m ANA við bæ 001. Húsið hefur verið beint niður (SSV) af vesturenda gamla Héraðsskólans. Víða í kring eru ójöfnur í túni en engin greinileg ummerki sjást um hvar húsið hefur staðið. Fjarlægðir á túnakorti eru ekki alltaf fullkomlega nákvæmar og því er

ekki óhugsandi að þúst 015 gæti verið þar sem hús 005 er merkt á túnakortið þótt hún sé of suðvestarlega miðað við uppgefna fjarlægð á túnakortinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-409:006** heimild um kálgarð

X 415978 Y 413559

Inn á túnakort frá árinu 1920 er merkt kálgarður um 320 m austan við bæ 001. Hann hefur verið austan við núverandi sundlaug á Laugarvatni þar sem nú er gata og umhverfi hefur mikið verið raskað þannig að engin ummerki sjást nú um hvar kálgarðurinn hefur staðið. Á þessum slóðum er nú (2015) sundlaug, bílastæði, íþróttasvæði og fleiri mannvirki. Ekkert sést til fornleifa.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-409:007** *Laugarvatnshellar* hellir fjárskýli

X 408542 Y 414132


"Á Lyngdalsheiði, austan við Þingvöll, er hellir í berginu. Kallast hann Laugarvatnshellar. Ferðamenn, sem fara hinn langa fjallveg milli Vestur- og Suðurlands til Skálholts, nota hann sem sæluhús," segir í Ferðabók Eggerts og Bjarna. "Austan undir barminum [Reyðarbarmi] eru sléttur nokkrar, en út úr brekkunni að austan stendur lag af móhellu, og í því eru hinir svonefndu Laugarvatnshellar. Þeir eru þó ekki reglulegir hellar, en aðeins nokkrar ólögulegar hvelfingar eða skúrar, en þó notaðir sem sæluhús fyrir ferðamenn. [...] Bæði að utan og innan á hellunum var höggvinn aragrúi nafna, enda er það almennur siður á slíkum stöðum, þar sem margir ferðamenn koma," segir í Ferðabók Sveins Pálssonar. "Annar [Laugarvatnshella] er stór og dyravíður. Suður af honum er hinn minni með litlum dyrum. Í hann er innangengt úr þeim stærri. Veggir hins stóra eru útskornir með fangamörkum þeirra, er um hafa reist á seinni tímum, því hellarnir liggja nálægt þjóðvegi, og að því mega þeir einnig merkilegir heita, að þeir eru brúkaðir fyrir fjárhús á vissum árstímum," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum. Ítarlega er fjallað um hellinn í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi* en þar segir m.a.: "Miklum sögum fer af Laugarvatnshellum fyrir ofan Laugardal. Hellarnir eru skammt frá veginum yfir heiðina og eru vinsæll áningarstaður ferðafólks, enda er þeirra getið í fjölda ferðabóka og ferðaminninga. Þar hefur verið sæluhús, fjárhús, íbúðarhús og jafnvel greiðasala á þeim rúmu tveimur öldum sem saga hellanna er þekkt." Á öðrum stað í sömu bók segir: "Árið 1910 urðu umskipti á Laugarvatnsvöllum, en þá hófu Indriði Guðmundsson (f. 1885) og Jóhanna Guðrún Kolbeinsdóttir búskap í hellunum. Þegar Indriði kom í hellana voru þeir nær fullir af sauðataði sem hann mokaði út, en hellunum sjálfum virðist hann ekki hafa breytt neitt. Í þeim stærri innréttaði hann baðstofu en minni hellinn útbjó hann fyrir kýr og kindur. Milli hellanna gerði hann eldhús og setti upp litla kabyssu. Fyrir utan ræktuðu hjónin kartöflur í "viðfrægum kartöflugarði" eins og Indriði kemst sjálfur að orði. Hann stundaði mjög rjúpnaveiðar í Laugardalsfjöllum en tekjur sínar drýgðu þau Jóhanna Guðrún síðan með



*Laugarvatnshellar ÁR-409:007 og tóftir og gerði í kring.  
kaffi- og veitingasölu fyrir ferðamenn, sem töluvert var um á þeim tíma, þar sem hellarnir lágu í*



þjóðbraut. Veitingareksturinn stunduðu þau í tjaldi sem þau reistu á harðri flötinni framan við hellismunnann. Búskaparsaga þeirra Indriða í hellinum varð stutt því þau fluttu að Minna-Mosfelli að ári liðnu.[...] Búskap í Laugarvatnshellum lauk ekki með brottflutningi þeirra Indriða og Jóhönnu Guðrúnar. Árið 1918 hófu nýgift hjón, Jón Þorvarðarson og Vigdís Helgadóttir, búskap í hellunum. Býlið sitt kölluðu þau Reyðarmúla. Fyrstu mánuðina var Símon Símonarson með þeim Jóni og Vigdísu á Laugarvatnsvöllum og hugðust þau hafa þar tvíbýli. Unnusta Símonar vildi þó ekki setjast að í hellinum þegar til kom svo að hann gaf ráðagerðina upp á bátinn. Bergsteinn Kristjánsson segir svo frá síðustu nytjum hellanna: "Jón bóndi setti allveglegt bæjarþil fyrir hellismunnann, og þar fyrir innan - undir hellisskútanum fremst var allvegleg "baðstofa". Þar var eldavélin (maskínan), svo að hlítt var þar innan veggja. Þarna var þiljað, nema loftið það var dökkur og rakur sandsteinninn. Jón bóndi hjó gat á hellisloftið og stakk þar í gegn reykrörinu frá maskínunni. Þil voru á alla vegu en fyrir innan miðþilið - gaflinn hélt hellisrangali hækkandi inn í fjallið dálítinn spöl. Þar voru nokkur lömb höfð á vetrum. En fyrir vestan þennan helli er annar hellisrangali mjór og frekar lágur. Þar var kýrin (eina!) höfð og snéri höfði inn að dimmunni en bossanum út í birtuna, enda varð hún blind strax á fyrsta vetri. [...] Beitarhús hafði Jón skammt frá Vallarétt [041 og 063] við Konungsveginn [ÁR-701:002]. Tóftir þeirra sjást enn greinilega. Jóni og Vigdísu búnaðist vel í hellinum þótt fátæktin væri þar mikil. Þau eignuðust þrjú börn á búskaparárum sínum þar og voru tvö þeirra, dæturnar Ragnheiður og Hrafnhildur Ásta fæddar í hellunum. Þótt býlið væri afskekkt og tveggja tíma gangur til næstu bæja var þar ekki fásinnt því umferð var jafnan nokkur um heiðina. Oft var því gestkvæmt í Reyðarmúla. Í Íslandsheimsókn sinni 1921 kom Kristján tíundi konungur Íslands og Danmerkur í hellana og var boðið upp á skyr með rjóma hjá Vigdísu og gaf konungur henni 30 kr. að skilnaði. Árið 1922 fluttu þau hjón með börn sín þrjú úr hellinum að Meðalholti í Flóa." Í Manngerðum hellum segir einnig af frásögn sr. Helga Einarssyni sem var í Skálholti á seinni hluta 18. aldar en hann greindi frá því að skólapiltar frá Vesturlandi og Vestfjörðum hefðu haft þann sið að hittast á Þingvelli en fylgjast þaðan í Laugarvatnshella þar sem þeir höfðu náttstað. Í bók Böðvars Magnússonar frá Laugarvatni að að hellunum hafi verið um 2 kls. gangur frá Laugarvatni og þeir hafi í hans tíð tekið 300-400 fjár. Í lýsingu Böðvars kemur fram að margar sögur hafi farið af draugagangi í hellinum og að þar hafi átt að vera huldukona sem átti að gera öllum smölum sem höguðu sér skikkanlega gott. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson hefur eftirfarandi frásögn frá Indriða Guðmundssyni. "Það var þá almenn skoðun fyrir austan, að í fyrndinni hefðu hellarnir verið mannabústaður.....Við vorum sannfærð um það, að Papar, írskir munkar, hefðu tekið sér búsetu í hellunum, unnið sandsteininn með meitlum sínum og öðrum verkfærum....Ég álit líka, að Paparnir hafi notað minni hellinn fyrir bústað sinn, en hinn stærri fyrir kirkju eða bænahús. Þetta vissi ég meðan við bjuggum í hellunum, hvernig svo sem á því stóð," Hellarnir eru tæplega 500 m norðan við gamla veginn milli Þingvalla og Laugarvatns en um 2,2 km norðan við núverandi veg. Þeir eru 7,2 km vestan við bæ 001 í loftlínu.



Uppmæling á Laugarvatnshellum sem birtist í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi* (bls. 71).  
 Laugarvatnshellar eru ferðamannastaður þótt staðurinn sé nú komin úr þjóðleið eftir að

vegurinn að Þingvöllum var færður. Staðurinn er merktur með skilti, bílastæði eru við það og gangstígur upp að hellunum. Talsverð umferð virðist vera að hellunum. Viðsýnt er frá hellunum og yfir vellina.

Laugarvatnshellum er víða lýst, t.d. í Árbók Ferðafélags Íslands en hér er tekin upp ítarlegasta lýsingin sem byggir á nákvæmum mælingu og birtist í Manngerðum hellum á Íslandi: "Hellarnir tveir eru manngerðir að öllu leyti, höggirnir í þykkt ólagskipt móbergslag neðst í Reyðarbarmi. Bergið er gert úr finmöl og sandi. Ofan á þykka laginu er þunnlagskipt móberg og lagskiptingin lárétt að mestu. Munnarnir snúa til austuráttar. Hellarnir bera þess merki að hafa verið gerðir í nokkrum áföngum, t.d. eru þeir báðir myndaðir úr tveimur smærri skútum sem hafa verið sameinaðir við stækkun. Nyrðri hellirinn er eins og samrunninn úr tveimur samsíða hellum. Hann mælist nú 14-15 m, ívið styttri en hjá Þorvaldi Thoroddsen, svo lítillaga hefur brotnað ögn framan af ræfrinu. Breið brík gengur niður úr hellisloftinu en bogalaga þak er beggja vegna hennar. Þessi brík gengur niður úr hellisloftinu en bogalaga þak er beggja vegna hennar. Þessi brík sést þó hvorki innst né yst í hellinum. Gólfíð er ögn á fótinn þegar gengið er í hellinn og innst í honum er smá upphækkun, e.t.v. leifar af bálki. För eftir bita eru bæði í lofti og í veggjum. Fjórar berghillur eru á norðurvegg. Yst í hellinum sést far í veggnum eftir timburstafn sem hefur verið fyrir honum og þar má enn sjá strompgat Jóns og Vigdísar í loftinu. Vegghleðsluleifar eru þar einnig. Lítið sýnist hafa hrunið framan af og innan úr hellinum. Þó segja kunnugir að strompgatið sé nú mun nær þakbrúninni en var í öndverðu. Vatn lekur í dropatali úr loftinu fremst, jafnvel á þurrum sumardögum. Syðri hellirinn er lægri og þrengri. Gólf hans liggur hálfum til heilum metra neðar en gólf nyrðra hellisins (við núverandi gólfskánir). Yst í honum er útvíkkun en þar hefur stuttur skúti vaxið saman við aðalhellinn. Allmikið hrun hefur orðið úr þakbrúninni fremst og liggja stórir móbergssteinar þar á gólfi. Göng hafa verið hlaðin framan við þennan helli syðst og standa þar uppi allnokkrar hleðslur. Í framhaldi af norðurvegg hellisins hefur verið hlaðinn veggur yfir í fast bjarg sem þar er. Í því er dálítill gjóta. Þakþykktin í hellunum er mikil. Hún er komin yfir 1 m eiginlega strax við þakbrún og er margir metrar innst. Hellarnir eru útkrotaðir í hólf og gólf eins og þeir hafa verið um aldir, svo og klettarnir út frá munnunum beggja vegna, einnig lausir steinar og þar á meðal hestasteinninn sem stendur í brekkunni niður frá norðurmunna hellanna. Langmest af því kroti sem nú sést er frá síðustu áratugum. Erfitt er að greina eldra letur innan um allt það hrafnasark. Líklega er ekkert eftir af nöfnunum sem Sveinn Pálsson sá þar í lok 18. aldar. [...] Axarför sjást hvergi í hvelvingunni. Hinn "viðfrægi" kartöflugarður sést enn í brekkunni norður af hellinum 26 x 22 m<sup>2</sup>. Lækjargil eru norðan þeirra og sunnan en þau munu allajafna þurr. Vatn hefur orðið að sækja um langan veg niður á Vellina. Aldur og byggingarsaga þessara hella verður sjálfsagt seint fullskráð. Frá því að Sveinn Pálsson kom í þá seint á 18. öld og til þess er sr. Páll Tómasson ritaði sóknarlýsingu sína árið 1840, virðist sem nokkur breyting hafi orðið á þeim. Sveinn talar um nokkrar ólögulegar hvelvingar eða skúta en slíkt orðalag hefði hann tæplega notað um hellana eins og þeir líta út í dag. Á dögum Sveins hafa þarna e.t.v. verið þeir 4 skútar, sem enn sér móta fyrir og þeir þá notaðir sem sæluhús. Síðar er þeim breytt í sauðahús og þá hafa þeir e.t.v. verið sameinaðir. Það

virðist hafa verið gert á fyrstu áratugum 19. aldar. Matthías Þórðarson ræðir ekki Laugarvatnshella í skrifu sínu um manngerða hella í Rangárvallasýslu og Árnassýslu (ÁH og HG 16.-17.6.1986)".

Ekki er miklu við ítarlega lýsingu á hellunum að bæta. Þeir voru heimsóttir við skráningu í júní 2015. Undir þessu númeri voru skráðir hellarnir A (hólf I og hólf II), kálgarður B, gerði C, göng að hellum D og tóft eða gerði E en samtals náðu minjarnar yfir svæði sem var um 75 x 40 m stórt og sneri norður-suður. Hellarnir (sem hér fá bókstafinn A til aðgreiningar) eru sem fyrr segir tveir og



*Teikning af Laugarvatnshellum (ÁR-409:004) sem er birt í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi, bls. 73.*



*Laugarvatnshellar í júní 2015, horft til VSV.*

reyndist 13 x 5 m en sá syðri 10 x 3,5 m að innanmáli. Gólfið í nyrðri hellinum er enn talsvert hærra en gólfið í syðri hellinum. Fyrir framan hellana er talsverð grænka og mikið af móbergshnullungum, sérstaklega fyrir framan syðri hellinn (hólf II). Neðan við hellana að norðan er kálgarðurinn sem

aðeins mjótt haft á milli. Á einum stað hefur verið grafið niður með veggnum og sést þar yfir í syðri hellinn (hólf II). Talsvert að kindataði hefur safnast fyrir í hellunum og er hæð þeirra því minni nú en þegar þeir voru skoðaðir og mældir fyrir tæplega 20 árum eða mest 3 m í nyrðri hellinum og 2 í þeim syðri. Hellarnir voru ekki mældir í þetta sinn aðeins stikaðir og mælingar því ekki eins nákvæmar og 1986 en nyrðri hellirinn (hólf I)

minnst er á í heimildum (hér merkt sem kálgarður B og nánar lýst aftar í lýsingu þessari) og sunnar og neðar er annað gerði (heyttóft) sem hér fær bókstafinn D til að greiningar. Um 30 m sunnan við hellana er svo enn eitt gerði eða tóft, E. Kálgarður B er fyrir utan og norðan hellana A. Garðurinn er um 27 m x 25 m stór og snýr norðvestur-suðausturs. Til vesturs er garðurinn grafinn niður um 1 m, annars er hann markaður af garðlagi, nema að hluta til norðurs þar sem hann hefur hrúnið í lækjarfarveg. Garðlagið er um 1 m að breidd og um 0,30 m að hæð. Fast við suðausturhorn garðsins er manngerð dæld, vel gróin, um 2 m á kant og um 0,5 m djúp. Sunnan við syðri hellinn er hleðsla meðfram móbergsklöppinni til suðurs, alveg upp við hana, C. Hleðslan meðfram klöppin er um 10 m á lengd norður suður og frá henni eru hleðslur til austurs bæði að norðan og sunnan en er suðurhleðslan lengri eða um 11 m. Báðar fjara þær hins vegar út til austurs og ekki er greinilegur austurveggur. Hleðslan er gróin og virðist ekki sérstaklega vegleg. Gerðinu hefur hallað til austurs og líklega hefur það líka verið kálgarður. D er hleðsla meðfram norðurbrún gerðis C og saman mynda hleðslurnar tvær um 10 m langan göng að syðri hellinum. Tóft E er um 30 m sunnan hellana A, er tvískipt og grafinn inn í hlíðina. Hún er um 12 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrðra hólfíð I er stærra er um 6 x 6 m að innanmáli. Það er niðurgrafið, mest til vesturs þar sem það er grafið niður um 1,7 m en virðist aðeins hlaðið upp í suðausturhorni. Til austurs er enginn greinilegur veggur þar sem hólfíð vísar út á jafnsléttu. Minna hólfíð II er um 1 x 1 m að innanmáli, niðurgrafið til vestur um 0,4 m, en annars hlaðið um sömu hæð. Situr það mun herra í brekkunni en stærra hólfíð þar sem að er við suðvestur horn þess. Tóftin er grasi vaxin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** SB III, 12, 57; Ö-Laugarvatn, 4; ÁFÍ 1961, bls. 60; SSÁ, 144; FEB, 225; FSP, 219-220; Manngerðir hellar á Íslandi, 65-74, Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. Grær undan hollri hendi, 134, Böðvar Magnússon, 133-5

**ÁR-409:008** *Kárahella* sögustaður

X 408248 Y 413589

Í Sunnlenskum byggðum segir svo: "Rétt vestan við vellina [Laugarvatnsvellir] er Kárahella. Sagt er að Kári Sölmundarson hafi falið sig við hana og beðið þar eftir Brennu-Flosa." Í örnefnaskrá segir svo: "Syðst á völlum þessum [Laugarvatnsvellir] er klapparhóll, sem heitir Einbúi. Klettur einn er við endann á völlum, vestast og efst. Er það Kárahella." Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Skammt fyrir neðan hana [Vopnalág] er hraunhella mikil, rís þar upp á rönd, hallandi þó. Heitir hún Kárahella. Munnmæli herma, að þar hafi Kári Sölmundarson setið fyrir Flosa og brennumönnum, er þeir komu af alþingi að loknum brennumálum vorið 1012. En er Flosi kom austur í skarðið, sá hann fyrirsátina, og sneri við inn með Kálfstindum að vestan og komst austur úr skarði þröngu, sem er milli hæstu tindanna tveggja, síðan niður í Kálfsdal og þá austur úr. Heitir skarðið Flosaskarð, en tindurinn innan við það heitir Flosatindur, hnúkmyndaður." Kárahella austan við svokallað Barmaskarð í Vopnalág sem er ríflega 620 m suðvestan við Laugarvatnshella 007 og rúma 7 km austan við bæ 001. Hún er rúmlega 70 m norðan við gamla veginn að Þingvöllum en um 110 m vestan við veginn sem liggur að



*Kárahella ÁR-409:008, horft til norðurs.*

Laugarvatnshellum.

Hellan er í jaðri Barmahrauns en í kring er grasi- og lyngivaxinn mói. Hellan er í hálfgerðri hvilft á milli fjalls og hrauns en sunnan hennar eru flatir (Vellirnir). Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Skammt fyrir neðan hana [Vopnalág] er hraunhella mikil, rís þar upp á rönd, hallandi þó. Heitir hún Kárahella." Hellan er sem fyrr

segir í hraunjaðri. Hún er 2-2,5 m á hæð en um 4 m löng að neðan en um 30 cm þykk. Hún stendur upp á rönd og hallar niður til norðurs. Að baki hennar er hún að hluta hulin jarðvegi og er þar rúmur 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB III, 57; Ö-Laugarvatn, 4; ÁFÍ 1961, bls. 59-60.

**ÁR-409:009** náma kolagröf

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Raftviðarskógur er gjöreyddur, en til kolagjörðar og eldiviðar er hann nýttur enn nú." Talsvert skóglendi hefur lengst af verið í hlíðunum vestan við Laugarvatn en ekki er vitað hvar gert var til kola áður fyrr og því er ekki hægt að staðsetja kolagrafir innan jarðarinnar. Þó má benda á að örnefnið Kolhóll bendir til að þar hafi verið gert til kola og var hann skráður sérstaklega, sjá 409:058.


**Heimildir:** JÁM II, 319;

**ÁR-409:010** náma rista

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Torfrista og stúnga sæmilig." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnassýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðarsóknir segir svo: "Til eldsneytis er brúkað hrís, tað og moð." Ekki er vitað hvar torf var helst rist innan Laugarvatnsjarðarinnar á 18. og 19. öld og því var ekki unnt að staðsetja torfristustaðinn. Rétt er að benda á að ekki er ólíklegt að lýsing Árna og Páls gæti átt við Torfholt sem skráð var undir númeri 017 en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu.

**Heimildir:** JÁM II, 319; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnassýslu, 149;

Leið frá Þingvöllum í Laugardal er lýst á þessa leið í bók Guðrúnar Ásu Grímsdóttur um leiðir á Lyngdalsheiði: "Víst má telja að meginleið af Þingvöllum í Laugardal hafi fremur verið um grasvelli fyrir endann á Reyðarbarmi en austur úr Barmaskraði þar sem er um ógreitt hraun að ríða. Frá Barmshorninu lá leiðin suðaustur með stefnu á Haustrúgvörðu sem er á norðrenda Lyngdalsheiðar



Herföngjaráðskort frá 1910 (Kort númer 37 NA Hengill) þar sem búið að er að setja inn númer (með rauðu) á helstu leiðir á austanverðu skráningarsvæðinu. Kortinu var hlaðið niður af vefnum: [www.islandskort.is](http://www.islandskort.is)

suðaustur af Barmshorninu. Frá vörðunni sveigir leiðin til austurs og liggur að mestu um vallandi [svo] suðaustan undir Lyngdalsheiði milli heiðarjaðarsins og Vallanna sem svo eru kallaðir, Laugarvatnsvellir og Beitivellir, grösugra vallendisflata með vötnum sem liggja austan undir Stóra-Reyðarbarmi og Kálfstindum. Götturnar liggja með heiðinni sunnan Vallanna og stefna á hálsinn sem gengur undan Laugarvatnsfjalli vestan við Laugarvatn." Guðrún telur líklegt að Hjalti Skeggjason og

Gissur hvíti hafi farið þessa leið á leið úr Rangárþingi á Þingvöll, sbr. Kristni sögu. Einnig telur hún að höfundur Njálu hafi þekkt leiðina, enda segir að Flosi hafi áð á Beitivöllum á leið á þing eftir brennuna á Bergþórshvoli. Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Beitivellir eru mjög oft nefndir í fornum sögum, og hefur þarna legið ein helzta alþingisleiðin. Þarna hittast t.d. þeir Flosi og Hallur af Síðu á leið til alþingis vorið eftir Njálsbrennu. Þessa leið hefur Gizurr hvíti farið til alþingis kristnitökuárið 1000 ásamt tengdasyni sínum, Hjalta, en Hjalti varð eftir að Reyðarmúla, og hefur hann þá sjálfsgöðu ætlað að bíða á Beitivöllum". "Neðan við Hellinn eru geysistórar vallendisflatir, Laugarvatnsvellir (Beitivellir hinir efri). [...] Heiðin þar fyrir utan heitir Lyngdalsheiði og lautirnar norðan í henni Heiðarlautir. Vellirnir þar fyrir norðan heita Beitivellir hinir syðri," segir í örnefnaskrá. Beitivellir eru rúma 7 km vestan við Laugarvatnsbæ 001 og lá vegurinn milli Þingvalla og Laugarvatns um vellina allt fram á hin síðustu ár þegar hann var færður suður fyrir vellina, á núverandi stað. Flatirnar austan við hellana voru ýmis nefndar Laugarvatnsvellir eða Beitivellir hinir efri en sunnan við gamla Þingvallavegin voru svo Beitivellir austan Barmahrauns. Á þessum slóðum hefur því legið þjóðleið um aldir og var Konungsvegurinn [ÁR-701:002] á svipuðum slóðum. Enn er ekið um vellina og greinilegt að einhver hestaumferð er þar enn. Hestagötur má sjá hér og þar en ekki er hægt að tala um fornar og heillegar götur á þessum slóðum enda eins og fyrr segir talsvert farið þarna um enn þann dag í dag (2015). Ekki er þó ólíklegt að ummerki eldri gatna sjáist víða á hinni fornu leið. Vellirnir eru sléttir og sæmilega grasgefnir.

Göturnar hafa að mestu horfið í malarveg en frá honum þar sem afleggjari liggur að Laugarvatnshellum sjást til að mynda 4-6 slóðar í sveigju til suðausturs og í krók að hestagirðingu sem enn er notuð. Á fleiri stöðum má sjá merki um reiðslóða sem eru sjálfsagt enn notaðir en ekki er loku fyrir það skotið að einhverjar leifar fornu reiðgatnanna sjást merki hér og hvar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Guðrún Ása Grímsdóttir, 15-16, ÁFÍ 1961, bls. 59; Ö-Laugarvatn, 4, 6

**ÁR-409:012** *Þóroddssel* heimild um sel

Í Sunnlenskum byggðum III segir svo: "Örnefni sýna að áður fyrr hefur jörðin verið nýtt með seljabúskap: Seltóft [013], Þóroddssel o.fl." Í örnefnaskrá segir svo: "Þar niður undan [Náttmálaskletti], sem lengst sér í útnorður að heiman, heitir Þóroddarsel. Þar niður af og niður að vegi er kallað Hálsinn." Gengið var með hálsinum inn að Litluá/Helgadal meðfram fjallsrótum og til baka til austurs neðar í hlíðinni en engar leifar sels fundust. Svæðið er kjarri vaxið og talsvert erfitt er að leita af sér allan grun en hins vegar er undirlendi ekki mikið og virðast ekki margir staðir koma til greina. Mögulegt er að beitarhús 032 sem skráð voru um 500 m vestan við Litluá gætu hafa verið byggð á Þóroddsseli en ekkert verður nú um það fullyrt.

**Heimildir:** SB III, 56; Ö-Laugarvatn, 3




Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Örnefni sýna að áður fyrr hefur jörðin verið nýtt með seljabúskap: Seltóft, Þóroddssel o.fl. Rétt hjá Seltóft er Gvendarbrunnalækur. Í honum er vígt vatn." Í örnefnaskrá segir: "Niður af Seljamúla er há heiðaralda, Selalda. Milli hennar og Seljamúla er Seltóft. Er þar gamalt sel, sem enn sér móta fyrir." Selið var um 4,8 km vestur af bæ 001 og um 2,9 km norðaustur af Laugarvatnshellum 007. Þar er hóll með tóft í lægð milli Selöldu og Selmúla. Hóll er í brekku, aflíðandi til vesturs, gróin móa, og endar í melarflötum til vesturs. Norður af hólnum er annar, stærri hóll en úr honum rís klettastrýta sem greinileg er úr nokkurri fjarlægð.



Seltóftir ÁR-409:013, horft til suðvesturs.

Rústahóllinn er um 24 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Í hólnum eru greinileg fjögur hólf, auk þriggja dælda sem gætu verið hólf eða náttúruleg. Eru þau öll vel gróin grasi. Stærsta hólfíð I er í miðjum hólnum. Það um 6 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Greinilegur inngangur er á

suðurvegg, nálægt suðvesturhorni sem liggur út á brún hólins, um 2 m að lengd. Í suðvesturhorni er steinn upp á rönd og má finna fyrir grjóti meðfram veggjum og innan hólfsins sem hafa hrunið úr



Seltóft ÁR-409:013.

veggjum. Veggir eru mest um 0,4 m á hæð en víðast um 0,2 m að hæð. Vestan hólf I er hólf II. Það er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður en útveggir þess til norðurs og vesturs eru nánast horfnir. Austan hólfs I er langt og mjótt hólf III. Það er um 5 x 0,3 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til suðurs. Um 1 m norður af suðurenda hólfsins er útskot úr því, um 1 x 0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Austan hólfs III er hólf IV. Það er um 1 x 1 m að innanmáli og virðist vera inngangur á því til suðurs, í suðaustur horni. Austurveggur hólfsins hefur hrunið inn í það. Suður af hólfi I virðist vera annað hólf, V. Það er um 2 x 0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er frá hólfinu og yfir að hólfi I. Tvær dældir VI og VII eru um 1 m suður af hólfum III og IV, og er VII um 1 m sunnar en VI. Báðar dældirnar eru um 1 x 0,8 m að innanmáli og snúa austur-vestur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB III, 56; Ö-Laugarvatn, 3

**ÁR-409:014** heimild um leið

X 406838 Y 410804



Leið 050 hefur legið frá leiðinni um Laugarvatnsvelli/B eitivelli 011, til suðurs þvert á leið um Biskupabrekkur 069 og áfram til suðurs yfir vestanverða Lyngdalsheiði. Leiðin greinist reyndar í tvennt fljótlega og er (undir þessu númeri er skráður

*Götuslóðar í námunda við rudda reiðleið, á svipuðum slóðum og leið ÁR-409:014, lá í átt að Kaldárhöfða. Horft til VNV.*

vestari hluti hennar sem lá meðfram Drift og að Kaldárhöfða (og Soginu). Austari leiðin (sjá 054) lá hins vegar meðfram Nautabrekkum og að Efribrú. Þar sem leitað var eftir götunum, í landi Laugarvatns eru nú malarbornar hestagötur en víða má sjá glitta í hestagötur meðfram þeim sem gætu verið eitthvað eldri, þótt ómögulegt sé að fullyrða um það án frekari rannsókna. Götur sjást vel í framhaldinu, í landi Kaldárhöfða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 2, Herforingjaráðskort frá 1910 kort númer 37 NA Hengill

**ÁR-409:015** þúst útihús

X 415797 Y 413421

Rislítill hæð, grasi gróin er í túninu á milli Héraðsskólans á Laugarvatni og Menntaskólans að Laugavatni (Hótel Edda) og virðist líklegt að þar leynist mannvistarleifar undir sverði þótt ekkert sjáist nú á yfirborði. Þústin er um 150 m norðaustan við bæ 001 en um 20 m neðan (ASA) við þúst 005.



Hæðin er grasi gróin og ræktarleg en umhverfis er sléttuð grasflöt sem hallar til suðausturs.

*Þúst ÁR-409:015, horft til norðausturs.*

Hæðin er um 18 x 15 m stór og snýr með brekkunni eða norðaustur-suðvestur. Hún rís 0,3-0,8-0,9 m hærra en umhverfið. Beint fyrir neðan hólinn er svolítill hólnibba þar sem eru leifar af steinsteypu og greinilega hefur staðið eitthvað hnit (B-hnit tekið á þeim stað). Raunar eru fleiri hæðir í túninu á umræddu svæði þar sem mögulegt er að mannvistarleifar gætu leynst undir sverði enda algengt að útihúskofar af ýmsum stærðum og gerðum hafi verið víða um gömlu heimatúnin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 2

**ÁR-409:016** Gamla-Stekkjartún tóft stekkur/býli

X 415919 Y 414813

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Steckiarbacke, eyðihjáleiga, hefur 14 ár í auðu legið, hafði þá bygðin varað hjer um xx ár, á stekkjartæði fornu heimajarðarinnar.[...] Heyskapur var sá einn, sem heimabóndinn aflagði og ei má hjer aftur byggja, nema til rýrðar heimajörðunni." Frá þessari jörð segir einnig í Sunnlenskum byggðum III: "Stekkjarkakki hét lítill hjáleiga inn undir Stóragili; hún var til frá 1674-1694. Ekki er nú vitneskja um Stekkjarkakka önnur en sú að það er nær örugglega sami staður og fjallað er um í örnefnalýsingu en þar segir: "Fyrir vestan Stóragil eru Lurkabrekkur, en þar vestur af smátorfur, sem heita Stekkatúnsgeirar. Þar fyrir neðan er Gamla-Stekkjartún." Um 1,55 km norðan við bæ 001 er Gamla-Stekkjartún. Svæðið er fast ofan við göngustíg sem liggur frá tjaldstæðinu að Laugarvatni og að Stóragili og hjólhýsahverfi. Tóftin er um 370 m VNV við þjóðveginn í gegnum Laugarvatn en 25 m ofan við göngustíg. Enn er rjóður á þessum stað og í því má sjá stekkjartóft.

Göngustígurinn frá tjaldstæðinu, sem liggur skammt neðan við stekkin er í gegnum gróid skóglendi og allt í kringum stekkin er þéttur skógur í halla til suðausturs. Suðaustan við



*Tóft ÁR-409:016. Á ljósmynd er horft til SSA.*

stekkjartóftina er þó svolítið rjóður, Gamla-Stekkjartún, þótt skógur og runnagróður virðist þar í nokkurri sókn. Á þessum stað er stök, tvískipt tóft. Hún er 10, 5 x 9 m að stærð og er algróin og við það að hverfa í skóg. Stærri hólf tóftarinnar er sunnar. Það er 7,5 x 1,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Op er á austurgafli hennar miðjum. Norðan við þetta hólf er svo lítið hólf, byggt upp við tóftina. Það er 2 x 0,8 m að innanmáli og virðist opið til austurs. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og veggir hennar eru víða um 0,4 m á hæð. Ekki sást ummerki um aðrar minjar í rjóðrinu, s.s. garðlög eða annað það sem ætla mátti að gæti hafa tilheyrt eldra byggingarstigi svæðisins, þ.e. býlinu. Skógur er hins vegar svo þéttur allt í kring að ómögulegt er að leita af sér allan grun.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** JÁM II, 320; SB III, 56, Ö-Laugarvatn, 2

**ÁR-409:017** *Torfholt* örnefni rista

X 415970 Y 414223

Í örnefnaskrá segir: "Smáhæð er þar fyrir vestan [við Gamla-Stekkjartún 016]. Heitir hún Grængilshæð. Þá tekur við Torfholt, og nær það alla leið niður fyrir veginn. Þar upp af eru Torfholtsgearar." Ekki er nákvæmlega vitað hvar torf var rist við Torfholt. Það var þó líklega nálægt því þar sem þjóðvegur liggur nú í gegnum Laugarvatn og gatan Hrísholt liggur til ASA frá þjóðvegi. Gatan Torfholt liggur samsíða þjóðvegi suðaustan hans á þessum slóðum. Á þeim slóðum sem áður var rist torf er nú risið þéttbýli á Laugarvatni. Engin ummerki um ristun sjást á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 2

**ÁR-409:018** *Stöðull* heimild um kvíar

X 415558 Y 413489

Í örnefnaskrá segir: "En þar vestur af [Bekkjalág], fyrir ofan veginn, er Stöðull." Í riti um Laugarvatnshjónin segir svo: "[...] þar sem heitir Steinhöll. Þar fyrir neðan voru kýrnar mjólkaðar við

stöðul á sumrin." Á sama s er merkt útihús, inn á herforingjaráðskort frá 1910. Stöðullinn hefur líklega verið um 250 m vestur af bæ 001 þar sem nú (2015) er flöt í brekkunni. Þetta er milli Menntaskólans að Laugarvatni og Birkihlíðar sem er í brekkunni ofan við þjóðveg. Samkvæmt örnefnakorti sem hangir uppi í Menntaskólanum að Laugarvatni var stöðullinn um 50 m ofan NNV við þjóðveg.

Í sléttuðu túni norðan malbikaðs vegar að Laugarvatni. Engin ummerki sjást nú um stöðul á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 2; Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, bls. 115-117; Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

**ÁR-409:019** tóftir hlutverk óþekkt

X 416299 Y 414320

Bjarni F. Einarsson skráði tóftir á Einbúa árið 1999. Bjarni taldi tóftirnar af beitarhúsum. Uggi Ævarsson, minjavörður, kannað tóftirnar síðar og fékkst hnit á þeim hjá honum. Tóftirnar voru kannaðar við skráningu 2015 en eru u nú að hverfa í gróður. Þær hafa verið 1250 m NNA við bæ 001 en 180 m suðaustan við þjóðveg og 330 m norðan við Laugarvatn. Einbúi er lá hæð í mýrarflóa norðvestan við Laugarvatn. Svæðið er nú á kafi í þéttum birkiskógi og runnagróðri og eru þar einnig einhver grenitré.

Samkvæmt Pálma Hilmarssyni, heimildamanni léku börnin á Laugarvatni sér á Einbúa þegar hann var barn og voru þá greinilegar tóftir á svæðinu. Umræddar tóftir eru nú að hverfa í þéttan runnagróður og skóg. Bjarni F. Einarsson lýsir svæðinu á eftirfarandi hátt: "Rústirnar eru á ca. 20 x 60 m stóru svæði, í suðurhluta hólans Einbúa. Þær eru annars vegar á hæsta punkti hólans (nr. 1) og svo nokkru austar í dálítilli kvos á milli hæsta punktsins og hryggs sem er á hólnum norðanverðum (nr.2).

Athyglisvert er að rústirnar eru nánast alveg eins að stærð og lögun.

Báðar eru þær að auki ógreinilegastar í austurhlutanum

(dyr). Hugsanlega eru rústirnar fjárborgir frá Laugarvatni.“

Samkvæmt Bjarna var rúst 2 um 30 m NNA við rúst 1 og voru báðar

rústir hringlaga, grónar og óreglulegar og 10-12 m í þvermál og

veggir 1-2 m breiðir og 0,3-0,6 m háir en fallnir og óreglulegir. Í rúst 1

(syðri rústinni) austanverðri mótar samkvæmt Bjarna fyrir holu ca. 1,5

m í þvermál og 0,6 m djúpri. Á þessu svæði má óljóst greina mannverk á tveimur stöðum. Þar sem



*Niðurgröftur í ÁR-409:019, þúst 2, horft niður.*

Bjarni skráði rúst 1 er nú afar erfitt að finna hringlaga tóft. Á því svæði má þó enn greina holuna sem Bjarni gat um sem gæti mögulega verið kolagröf eða annar niðurgroftur og er 1,5 x 1 m að stærð og talsverður krugi er í kringum hana. Þúst B (sem Bjarni nefndi Rúst 2) er einnig mjög ógreinileg og horfinn inn í skóginn að mestu. Hún var staðsett eftir hnitum frá Minjaverði. Óljóst má þó sjá móta fyrir sporöskju- eða hringlaga gerði, um 10-12 m í þvermál. Ekki er hægt að útiloka að frekari veggir eða mannvirki hafi verið innan þess en ekki sáust þau við vettvangsskoðun um mitt sumar 2015. Best væri að reyna að mæla upp umrædd mannvirki þegar skógur er ekki laufgaður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 2, Bjarni F. Einarsson, 1999, fornleif 1 og 2.

**ÁR-409:020** þúst útihús

X 415716 Y 413463

Inn á túnakorti frá árinu 1920 er merkt mannvirki um 140 m norðaustan við bæ 001. Aflöng þúst, líklega eftir stóra útihúsasamstæðu, er í túninu milli Héraðsskólans og Menntaskólans að Laugarvatni á þeim slóðum sem útihúsið hefur staðið. Þústin er fast norðvestan við göngustíg milli bygginganna og um 150 m norðan við bæ 001. Þústin er í rennisléttu tún en umhverfis eru hús og mannvirki í allar áttir.



*Óljós þúst (ÁR-409:020) sést fyrir miðri mynd. Horft til norðausturs.*

Þústin er fremur stór og mögulega of stór til þess að hún geti talist dæmigerð útihústóft. Þó virðist líklegt að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað. Rústin er fremur afgerandi og er 0,6 m hærra en umhverfið. Hún er nú 30 x 20 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er ólíklegt að þeim mannvistarleifum sem kunna að leynast undir sverði hafi verið raskað talsvert. Húsið sem sýnt er á túnakortinu er

aflangt og snýr norðvestur-suðausturs og sama hús má sjá af korti af Laugarvatni frá því um 1930.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-409:021** lind vatnsból

X 414551 Y 413257

Í örnefnaskrá segir: "Í því gili [Kollugili] kemur tært uppsprettuvatn undan klöppinni. Er þar vatnsból Laugarvatnsskólans." Uppsprettan var um 1,1 km vestur af bæ 001 og um 20 m norður af gamla malarveginum í gilbotni. Hún var um 60 m norðvestur af núverandi vatnsbóli Laugarvatns. Í lyng

grónu lækjargili.

Vatnsbólið hefur verið steipt upp og sést það enn vel. Hluti þess er þó hruninn og má sjá málmlagnir stingast upp úr steypunni. Ekki er þekkt hvort vatnsbólið var notað áður en Laugarvatnsskóli var byggður. Ef ekki þá telst það ekki til fornleifa en það var hinsvegar látið að njóta vafans haft með.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 3

**ÁR-409:022** *Skyggnir* varða hlutverk óþekkt

X 412362 Y 413300

Í örnefnaskrá segir:

"Vestur af Rauðumýri er Hnúkheiði. Á henni miðri er Skyggnir. Er það allhár melhóll og vörðubrot á. Þar upp af er Fardalur, kvos, sem skerst inn á milli Rauðumýrarmúla og Seljamúla." Nokkrar vörður eru á þessum slóðum um 3,3 km vestur af bæ 001, á Hnúkheiði.



*Vörður ÁR-409:022, horft til austurs.*

Á henni eru þrjár mela- og klapparhólar og á

hverjum þeirra eru vörður eða vörðubrot. Móavaxin heiði.

Austasti hóllinn A er líklegast Skyggnir sá sem ritað er um í örnefnalýsingu. Er sá hæstur og grónastur hólanna þriggja. Á honum eru tvær vörður, auk vörðubrots og hundapúfu. Vörðubrotið er um 0,3 m að hæð, en vörðurnar eru um 0,4 m í þvermál og 1 m að hæð. Eru vörðurnar og brotið öll í nokkurn veginn beinni línu norður suður, um 1 m á milli þeirra. Hóll B er um 100 m vestur hóli A. Þar er varða, um 0,7 m að hæð og um 0,5 í þvermál. Í klöppina sem varðan er reist á hefur verið steiptur skildingur með áletrun "Dartmouth 10". Tilgangur hans er ekki þekktur. Skildingurinn er um 3,5 cm í þvermál. Vestasti hóllinn C er um 70 m vestur af B. Á honum er vörðubrot sem er um 0,4 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Óvíst er hvað hlutverki þessar vörður gegna en hugsanlega hafa þær verið leiðarvörður, þá líklegast vísað leið milli Laugarvatns 001 og Laugarvatnshella 007.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 3

Í Friðlýsingarskrá segir: "Laugarvatn. Heit laug, nefnd Vígðalaug, niðri við vatnið og stórir steinar hjá, nefndir Líkasteinar." Í örnefnaskrá segir svo: "Er það [Leirbulla] skammt fyrir austan Gróðrarstöðina. Milli hennar og vatnsins er gömul, upphlaðin laug, Vígðalaugin, sem Austfirðingar voru skírðir í árið 1000, að sagan segir. Stendur hleðslan enn nær óhöggðu. Sagt er, að þar hafi síðar verið þvegin lík þeirra Jóns Arasonar og sona hans, er þau voru flutt norður frá Skálholti 1550. Við Vígðulaugina eru 6 steinar, allstórir, sem kallaðir eru Líkasteinar." Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Hjá lauginni [Vígðulaug] eru 6 steinar, er nefnast Líkasteinar. Svo segir séra Jón Egilsson í Biskupaánnálum, þegar Norðlendingar sóttu til Skálholts lík Jóns biskups Arasonar og sona hans, hafi þeir farið til Laugarvatns og þvegið líkin þar. Er sennilegast, að þeir hafi þvegið þau við laugina, og er sagt að líkbörur þeirra feðga hafi verið settar á þessa steina og þeir fengið af því sitt nafn." Líkasteinar eru innan gerðis sem markar Vígðulaug 040 á Laugarvatni og um 530 m norðaustan við bæ 001.

Steinarnir eru á grasi grónum bletti við hlið Vígðulaugar og um 20 m VNV við Laugarvatn. Vígðalaug



*Líkasteinar (ÁR-409:023) horft til norðurs.*

er á mýrlendri tungu milli tveggja lækja. Annar lækurinn rennur í laugina en Líkasteinar eru á milli þeirra, á tungunni sjálfri.

Líkasteinar eru 6 talsins og standa í óreglulegri röð um 2 m NNA við Vígðulaug. Svæðið sem steinarnir ná yfir er um 7-8 x 2 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Steinarnir eru flestir um 60 cm í þvermál en 0,3-0,4 m á hæð. Steinarnir

eru friðlýstir með lauginni og í raun hluti af sama minjastaðnum.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** Friðlýsingarskrá, 60; ÁFÍ 1961, 54-55;



**ÁR-409:024** *Álfakirkja* huldufólksbústaður

X 409768 Y 415032

Í örnefnaskrá segir: "Suður úr Þverfelli er allhár melhryggur, sem heitir Rani. Þar eru klettur miklir og stórir, og syðst einn stærstur, líkur kirkju. Heitir þar Álfakirkja. Heyrðist oft messað þar til forna og söngur mikill." Álfakirkja er um 6,15 km vestur af bæ 001 og um 1,5 km ANA af Laugarvatnshellum 007. Á melhrygg í melarflötum. Álfakirkja er náttúrulegur



*Álfakirkja ÁR-409:025, horft til norðurs.*


klettur, um 10 m að hæð og um 30 m langur, snýr norðaustur-suðvestur. Álfakirkja líkist kirkju séð frá Laugarvatnshellum 007.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 3

**ÁR-409:025** *Bullunga* tóft býli

X 416039 Y 413971



*Tóft ÁR-409:025, horft til norðurs.*

Í örnefnaskrá segir: "Neðst á flötunum [Norðurflatir] sér fyrir gömlu býli, sem sagt er að hafi heitið Bullunga. Niður við vatnið er illfær djáblettur, sem heitir Leirbulla." Á umræddu svæði fannst tóft sem er um 740 m norðaustan við bæ 001 og um 10 m neðan (austan) við göngustíg sem liggur milli

Lindarbrautar og Hrísholts, í þéttbýlinu á Laugarvatni. Austan stígsins er gróið svæði niður að Laugarvatni sem er um 120 m austan við tóftina. Skammt frá tóftinni en ofan göngustígs er nýlegur leikskóli með afgirtum garði. Tóftin er á óræktarbletti milli Laugarvatns og göngustígs en svæðið er á kafi í gróðri og vex þar mikið af birkigróðri og runnum. Stígar liggja hér og hvar um svæðið þótt þeir séu víða að hverfa í gróður. Líklega hafa skátar nýtt sér svæðið en um það sjást ummerki víða.

Tóftin er 7 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist tvískipt og snýr norðaustara hólfið eins og tóftin og er 3,5 x 2 m að innanmáli. Ekki er greinilegt op á því. Suðvestara hólfið er minna og snýr þvert á tóftina. Það er tæpur 1 m á breidd og 1,5-2 m á lengd. Hólfið virðist opið til norðvesturs. Tóftin er gróin mosa og grasi. Hún er sigin og óvíða meira en 0,3-0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Ekki sáust fleiri tóftir eða garðlög í kring en svæðið er sem fyrr segir á kafi í gróðri og auk þess hefur svæðinu norðvestan við stíg verið umbreytt með byggingarframkvæmdum. Tóftin sem fannst líkist mest stekk eða útihúsi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 5

**ÁR-409:026** *Steinhöll* heimild um fjárhús X 415456 Y 413417

Í riti um Laugarvatnshjónin segir: "Fjárhúsin þrjú er Böðvar byggði líka árið 1907, voru lambhús, norðvestan við bæinn, nokkurn veginn þar sem skólameistarabústaðurinn er nú, og ærhús, fyrir yngri ærnar, sem hann byggði norðan við heimreiðina þar sem heitir Steinhöll." Steinhöll var um 250 m vestur af bæ 001 þar sem nú (2015) er flöt í brekku. Í sléttuðu túni. Engin ummerki sjást nú um útihúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117;

**ÁR-409:027** *Gamli-Stöðull* örnefni kvíar X 415423 Y 413310

Í örnefnaskrá segir: "Þar vestur af [Melhól þar sem Laugarvatnsskóli stendur] er túnið nefnt Lambhúsatunga, en vestur af henni, norðast í túninu, Gamli-Stöðull." Gamli-Stöðull var um 260 m vestur af bæ 001 þar sem nú (2015) er flöt milli heimavistar Menntaskólans að Laugarvatni og hringtorgs. Í sléttaðri flöt. Engin ummerki lengur um Gamla-Stöðul.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6

**ÁR-409:028** heimild um býli X 415656 Y 413441

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir norðan bæinn er Snúðsflöt. Þar er volgra í túninu. Þar austur af er forn heygarður og ef til vill bæjarstæði." Snúðsflöt hefur líklega verið þar sem bílastæði við Menntaskólann að Laugarvatni er nú (2015) og ofan (norðaustan) þess þar sem er grasflöt. Halldór Benjamínsson,

heimildamaður man eftir "volgrum" þar. Þar austan við er grasflöt og íbúðarhúsið Garður. Ekki er nákvæmlega vitað hvar á þessu svæði heygarður og meint bæjarstæði voru en útihús voru á blettinum í kringum Garð fram eftir 20. öld og um svæðið í heild má segja að ekki er ólíklegt að þar leynist mannvistarlög víða undir sverði. Hafi bæjarstæði verið á þessum slóðum er ekki ólíklegt að það hafi verið eldra bæjarstæði Laugarvatnsbæjarins, eða hafi verið tvíbýlt, önnur bæjarhús bæjarins. Þó er ekki hægt að útiloka að hjáleiga gæti hafa verið í heimatúninu, svo nærri bæ.

Á þeim slóðum sem líklegast þykir að heygarður/bæjarstæði hafi verið er býlastæði og sléttuð tún. Talsverðar hæðir eru í túninu norðaustan við Skólabraut sem liggur að Menntaskólanum og var hnit tekið þar. Ekkert sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6

**ÁR-409:029** *Fjóshóll* örnefni fjós X 415748 Y 413378

Í örnefnaskrá segir: "Þar austur af [Snúðsflöt norðan við bæ] er forn heygarður og ef til vill bæjarstæði. Þar fyrir neðan er Fjóshóll." Í bókinni um Laugarvatnshjónin segir: "Austan við bæinn var gömul smiðja og fjósið sem Böðvar byggð 1907..." Fjóshóll hefur líklega verið á svipuðum slóðum og þar sem íbúðarhúsið Garður stendur nú (2015). Ekki er vitað hvort byggingar voru á hólum fyrir 1907 en svæðið er nærri bæ og því líklegt að mannvistarleifar leynist þar undir sverði. Grasi gróinn hóll er á þessum stað og á honum stendur einbýlishús í afgirtum garði á svolítilli hæð. Engin merki sjást lengur um fjós á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6, Laugarvatnshjónin, 117

**ÁR-409:030** *Nátthagar* heimild um nátthaga X 415347 Y 413321

Í örnefnaskrá segir: "Þar upp af [Vesturtúni] eru Nátthagar" Nátthagar voru um 250 vestur af bæ 001 þar sem nú er sléttuð flöt í brekku, norðan malbikaðs vegar að Laugarvatni. Í sléttuðu túni. Engin ummerki sjást nú um Nátthagann.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6

**ÁR-409:031** *Borgarhóll* örnefni fjárskýli

Í örnefnaskrá segir: "Austarlega í þeim [Fossabringum] er lítill hóll, Hestholt. Þar upp af annar stærri, sem heitir Borgarhóll." Ekki er vitað hvort fjárborg var á Borgarhól né heldur um nákvæma staðsetningu Borgarhóls og því var ekki unnt að staðsetja hólinn.

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6



Tóftir ÁR-409:032.



Tóftir ÁR-40:032, horft til vesturs.

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir utan Stóragil er Gyltuhóll. Þar er sauðahús. Þar fyrir utan er rennslétt flöt, sem heitir Gyltuflöt (Gildruflöt). Nær hún út að Rauðagili." Í riti um hjónin á Laugarvatni segir svo: "Þá eru ótalin sauðahús, sem var vestur á Hálsi og lítið fjárhús fyrir hrúta [003], sem var rétt norðan við lambhúsið [004]." Beitarhúsin eru um 1,9 km vestur af bæ 001 og um 100 m suður af gamla malarveginum. Um 45 m suður af beitarhúsunum er önnur tóft. Bjarni F. Einarsson skráði húsin árið 2003 þegar hann vann að fornleifaskráningu vegna lagningar Gjábakkavegar. Við austur brún Stóragils, neðan Helgadals, er flöt, grasi gróin.

Tóft er vel greinileg, en líklega er um tvær byggingar að ræða, sú yngri byggð að hluta ofan á þeirri fyrri. Eru báðar grasivaxnar og hefur trjágróður skotið rótum í veggjum í norðurhelming yngri tóftar. Yngri tóftin er um 18 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Vestra hólfið er um 14 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður, en töluvert hrun er innan hennar. Má sjá glitta í steina í veggjum á nokkrum stöðum í hólfinu, sérstaklega við innan á miðjum suður vegg. Nyrst í hólfinu er bárujárns- og spýtnabrák. Eystra hólfið er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr einnig norður-

suður. Það er niðurgrafið um 1 m. Útveggir þess til norðurs og austurs eru óljósir. Hugsanlega hefur inngangur verið á suðurvegg miðjum. Veggir tóftar eru hæstir um 1,5 m. Fast sunnan yngri tóftar, og að hluta undir henni, er það sem virðist vera eldri tóft. Sá hluti hennar sem sést undan yngri tóftinni er um 13 x 5 m að utanmáli, líklegast einföld en innri skipting tóftarinnar er óskýr, og snýr í norður-suður. Er hún um 11 x 2 m að innanmáli, og eru veggir eru mest um 0,3 m á hæð. Vel gróin tóft og tekin að fletjast út. Hún er um 8 x 6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og um 3 x 2 m að innanmáli. Veggir eru mest um 0,4 m á hæð og á milli 1,5 og 2 m að þykkt. Bjarni F. Einarsson skráði þrjár tóftir á þessu svæði en ekki sáust ummerki um þriðju tóftina þegar beitarhúsin voru skráð (2015).

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6 ; Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117; Bjarni F. Einarsson, 74-76

**ÁR-409:033** *Haustrúarvarða* varða landamerki X 407512 Y 411149

"Haustrúarvarða er stór hlaðin grjótvarða á því afréttarlandi sem Grímsneshreppur keypti á sínum tíma úr Laugarvatnslandi. Hún er austan Kringlumýrar þar sem hin forna alfaraleið liggur norðvestur af Lyngdalsheiði í slakkann milli heiðarinnar og Reyðarbarns. Nafn vörðunnar er einkennilegt og sennileg afbökun. Tilraun til skýringar á nafninu Haustrúarvarða: Fyrir löngu gæti hafa verið þarna dys við alfararleiðina um heiðina. Síðar blés hún upp og komu bein og hauskrúpur í ljós. Því var staðurinn nefndur Hausahjúga. Fljótlega hefur verið farið að kasta steinum að beinunum eins og víða var gert. Þá myndaðist með tímanum varða sem fékk nafnið Hausahjúguvarða. En smám saman breyttist nafnið. Fyrst til að verða þægilegra og styttra í máli manna féllu stafirnir a og h og g burtu og úr varð Hausrúvarða. Síðar er stafnum t skotið inn og eignarfallið breytist. Nú veit enginn lengur hver upphafleg merking nafnsins var - en eftir stendur Haustrúarvarða", segir í viðbót við örnefnaskrá. Varðan er um 1,5 km austur af Kringlumýri og þangað liggur bílfær slóði. Varða er enn greinileg og



*Haustrúarvarða ÁR-409:033 til vinstri (horft til austurs) og grjóthjúga skammt frá til hægri (horft til norðurs).*

hefur greinilega verið endurhlaðin fyrir ekki svo löngu. Hún er á merkjum þess lands sem tilheyrir Laugarvatni og Grímsness- og Grafningshreppi. Varðan er um 2 km norðvestan við vörðu 034 sem er hornmark milli Laugarvatns, Grafar, Efra-Apavatns og Grímsneshrepps. Skammt sunnar hefur gamla þjóðleiðin frá Þingvöllum (hjá Gjabakka) að Skálholti 069 legið um norðanverða Lyngdalsheiði.

Miklar götur er enn þar sem þjóðleiðin 067 var og er talsvert rof út frá þeim. Biskupsvarða er á melrana sem snýr NNA-SSV og er varðan austan í honum þar sem talsvert rof er. Varðan er allra suðaustast á rananum. Þar sem raninn er ekki blásinn er hann gróinn mosa og lyngi en er talsvert grýttur.

Varðan var fyrst skoðuð 1999 og var henni þá lýst svona: "Varðan stendur á fastri klöpp og er nokkuð óvenjuleg því að hún er breiðust efst en mjókkar svo dálítið niður. Hún er 1 x 1 m að grunnfleti og 1,8 m há, vaxin mosa og skófum. Vörðunni hefur ekkert verið haldið við, enda er hún ótrúlega stöðug á klöppin og hafa meira að segja jarðskjálftar engin áhrif á hana." Greinilegt er að síðan þá hefur varðan verið endurnýjuð. Hún er nú mjög stæðileg og hefur sem fyrr segir greinilega verið endurhlaðin eða viðhaldið. Á henni er minjaskilti. Varðan stendur á klöpp. Hún er ríflega 2 m á hæð og er köntuð og 1,2-1,5 m á kant. Varðan mjókkar upp og er vel hlaðin. Um 100 m norðaustan við vörðuna hleðsla eða dys sem virðist mun eldri varðan. Líklega er um alveg hrunda vörðu að ræða þótt ekki sé hægt að útiloka að þarna hafi verið annars konar mannaverk (dys, smalakofi eða refagildra). Hleðslan er nú 2,5 x 2 m að stærð og sjást mest 2-4 umför af grjóthleðslu, 0,5-0,6 m á hæð. Steinarnir eru skófum vaxnir.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6-7 og Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 2

**ÁR-409:034** *Biskupsvarða* varða landamerki

X 409235 Y 410111

Í örnefnaskrá segir: "Biskupsvarða er á heiðarjaðrinum norðanverðum fyrir utan Beitivelli." Í örnefnaskrá segir: "Alllangt suður af henni [Brandsmýri] er há brekka með vörðu á. Heitir það Biskupsbrekka. Þar er hornmark milli Laugarvatns, Grafar, Efra-Apavatns og Grímsneshrepps." "Norðaustan í Lyngdalsheiði er brekka, sem heitir Biskupsbrekka. Um hana lá gamli vegurinn milli Þingvalla og Skálholts [sjá 069 og 415:015]. Uppi á brekkubrúninni er Biskupsvarða, stór og vel hlaðin varða", segir í örnefnaskrá. Í viðbót segir: "Biskupsvarða mun hafa fengið nafn sitt af því



*Biskupsvarða ÁR-409:034 horft til vesturs.*

að biskupar og fylgdarlið þeirra áðu á Biskupsbrekku á leið sinni milli Skálholts og Þingvalla og síðan áfram í Borgarfjörð og lengra vestur, en Biskupsvarða stendur á brekkubrún þar sem hæst ber." Varðan er 2 km ASA af Hausatrúarvörðu 033, efst á melhól. Varðan er enn greinileg á hornmarki. Hún sést víða að og er tæpum 300 m norðan við malarbornar reiðgötur en á breiðu beltum umhverfis þær má einnig sjá eldri reiðgötur (069) sem eru þar sem gamla þjóðleiðin lá um norðanverða Lyngdalsheiðina frá Þingvöllum hjá Gjábakka og að Skálholti. Varðan er um 7,2 km suðvestan við Laugarvatnsbæ 001.


Varðan er á sendnu og smágrýttu holti með slitróttri mosahulu. Upprunalega varðan er hrunin og gróin, 0,5 m há en grunnflöturinn um 2 x 1,5 m. Nýlegur vörðustubbur hefur verið hlaðinn á undirstöðunni og er þetta því samtals um 1 m á hæð. Gamla leiðin milli Skálholts og Þingvalla er ekki mjög greinileg á þessum stað en sést vel þegar komið er norðaustar í hraunið, t.d. rúma 700 m norður af Hamraselshelli.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6-7 og Ö-Grímsnesafréttur, 2

**ÁR-409:035** *Barmaréttir* hleðsla rétt

X 408438 Y 413394



*Barmaréttir* ÁR-409:035.

Í örnefnaskrá segir: "Vestast á efri völlum eru fornar réttir frá Grímsnesingum og Laugdælum. Heita þær Barmaréttir. Var réttað þar fram yfir síðustu aldamót." Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Gamlar réttir eru austan undir Litla-Reyðarbarmi. Voru þar réttir Grímsnesinga og Laugdæla, meðan báðar sveitirnar voru einn hreppur." Í Sunnlenskum byggðum III segir svo: "Í hraunjaðrinum, skammt sunnan vegarins frá Gjábakka til Laugarvatns, voru skilaréttir Grímsneshrepp hins forna, Vallaréttir. Voru þær byggðar um 1800 og hétu fyrst Barmaréttir. Þær voru aflagðar um 1920. Nú hafa þessar Réttarrústir verið friðlýstar." Ekkert er minnst á þessa friðlýsingu í Friðlýsingarskrá Ágústs Georgs Ólafssonar. Réttin er um 7,2 km vestur af bæ 001 og um 750 m suður af Laugarvatnshellum 007. Í hraunjaðri til vesturs en til austurs taka við Laugarvatnsvellir.



*Barmaréttir ÁR-409:035, horft til suðausturs.*

Barmaréttir eru samtals um 95 x 85 m stórar og snúa austur-vestur. Réttin samanstendur að almenningi eða nátthaga sem 65 x 45 m (snýr norður-suður) og 21 hólfi. Nátthaginn er mög ósléttur, með djúpum dældum, en vel gróinn grasi. Allar hleðslur eru ógrónar og hefur mikið hrunið úr þeim. Þær eru mest um 1 m að hæð. Einhvern tíma hefur verið girt með gaddavír í og við réttina, einkum í nátthagnum. Réttin, án nátthaga, eru um 50 x 45 m stór og snýr austur-vestur. Flestir dilkarnir eru á milli 10-15 m langir og 3-5 m breiðir, snúa flestir í norður-suður og eru allir austan nátthagans. Hleðslur standa sæmilega og eru víða um 1 m á hæð. Bjarni F. Einarsson skráði réttina árið 2003 þegar hann vann að fornleifaskráningu vegna lagningu Gjábyggavegar.

**Hættumat:** engin hætta



**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 7; ÁFÍ 1961, bls. 59; SB III, bls. 11; Bjarni F. Einarsson, 66

**ÁR-409:036** *Snorrahaugur* frásögn legstaður

X 414940 Y 414793

Í örnefnaskrá segir: "Laugarvatnsfjall er kallað einu nafni fjallið fyrir ofan bæinn. Austur á fjallsbrún er allstór hnúkur, sem heitir Snorrahaugur. Er sagt, að bóndinn frá Snorrastöðum hafi verið heygður



*Snorrahaugur ÁR-409:036. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til austurs yfir eina af vörðunum á hólnum á mynd til hægri.*

þar." Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Munnmæli herma, að í Laugardal hafi fyrst búið þrír bændur, Snorri á Snorrastöðum, Hjálmur á Hjálmsstöðum og Ketill á Ketilvöllum. Voru þeir svo miklir vinir, að enginn mátti af öðrum sjá. Hver þeirra kaus sér legstað: Snorri í Snorrahaug, en það er klapparhóll uppi á Laugarvatnsfjalli. Hefur verið grafið í hann, en þar var enga gröf að finna." Snorrahaugur er á Laugarvatnsfjalli í um 600 m h.y.s.. Haugurinn er um 1,7 km norðvestan við bæ 001, í loftlínu. Á þessum stað eru tvær klettaborgir og í raun ekki nákvæmlega vitað hvor þeirra er hinn meinti Snorrahaugur. Líklega er það þó sú minni sem er fram á fjallsbrúninni. Haugurinn er á náttúrulegum klapparhóli sem vaxinn er mosa og talsvert grýttur. Á honum eru fjórar vörður.

Vörðurnar á haugnum eru væntanlega fremur nýlegar. Þær eru að jafnaði 0,3-0,8 m á hæð og 1-2 m í þvermál. Ekki sést ummerki um hvar grafið var í hólinn. Hin klettaborgin er um 50 m vestar. Snorrahaugur er skemmtilegt dæmi um þjóðsagnakenndan legstað en ekki líklegur haugur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 7; ÁFÍ 1961, bls. 63;

ÁR-409:037 þúst hlutverk óþekkt

X 410541 Y 414848

Þúst er um 5,35 km vestur af bæ 001 og um 2 km austur af Laugarvatnshellum 007. Í grasi vaxinni lág milli lækjarfarvegs, sem var þurr þegar skráð var seint í júní, og móavaxins holts. Þúst er vel gróin lyngi í veggjum en gras innan þeirra og utan. Hún er um 4 x 4 m að stærð, einföld, og um 1 x 1 m að innanmáli. Veggir eru aðeins um 0,1 m að hæð. Ekki sést í op eða grjóthleðslur í veggjum þústarinnar.



ÁR-409:037, horft til suðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 7

ÁR-409:038 Barnhóll tóft hlutverk óþekkt

X 415819 Y 413342

Í örnefnaskrá segir: "Þar upp af [Móa] eru Hveraflatir og vestast á þeim er Barnhóll. [...] Á Barnhól er dálítil þúfa, sem talin er vera gamalt barnleiði. Má aldrei slá þessa þúfu. Sé það gert, á bezti gripurinn að drepast." Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Hóll einn er í túninu á Laugarvatni, niður af héraðsskólanum. Hann heitir Barnhóll. Ekki má slá efsta topp hólans, og liggja þau álög á, að þá missi bóndinn sinn bezta grip. Einu sinni var hóllinn sleginn í tíð Bjarna Bjarnasonar skólastjóra vegna ókunnugleika kaupamanns. Næsta dag drapst bezta kýrin á bænum, þá nýborin, úrvalsgripur." Barnhóll er um 140 m ANA við bæjarstaði 001, um 35 m norðan við hlaupabraut og um 185 m ANA við Menntaskólann á Laugarvatni. Hlíf Böðvarsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við neinar byggingar á þessum stað í sinni tíð en þá voru talin vera álög á hólnum svo ekkert var hreyft við honum.

Tóftin var skoðuð 2007 og þá rituð eftirfarandi lýsing: Hóllinn er óreglulega hringlaga og um 20 m í þvermál. Hann er grasi- og mosagróinn og örlítið þýfður. Ekkert sést til leiðis á Barnhól en efst á norðaustanverðum hólnum er lítil einföld tóft sem snýr NA-SV. Tóftin er um 4 m á breidd, 6 m á lengd og innanmál tóftarinnar er um 3 m á lengdina og 2 m á breiddina. Veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Innan í tóftinni miðri er hugsanleg undirstaða garða sem er um 1,5 m á breidd, um 2 m á lengd og 0,3-0,5 m á hæð. Í honum suðvestanverðum glittir í grjóthleðslur. Tóftin er grasi- og mosagróin en mjög sigin. Hugsanlegur



Tóft á Barnhóli ÁR-409:038 sem skoðuð var 2007. Á ljósmynd er horft til norðurs.

inngangur, um 0,6 m breiður, er á NA enda tóftar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 5; ÁFÍ 1961, bls. 56

**ÁR-409:039** *Syðsti Kálfstindur* þjóðsaga

X 409520 Y 417460

Í ornefnaskrá segir: "Syðsti Kálfstindur er hæstur og sést langt að. Er hann gott mið af Selvogsbanka og sést vestan af Sviði. Efst á honum er klettabelti, sem í fjarlægð líkist stórum steini. Um þennan stein á að vera spennt gullbelti af skessu. En til þess að ná því verður einhver að vera svo frækinn, að geta gengið aftur á bak upp tindinn, án þess að líta við." Kálfstindar eru nálægt/á núverandi merkjum við Grímsness- og Grafningshrepp. Syðsti tindurinn er þeirra hæstur eða 826 m y.s.m. Hann er um 7,5 km norðvestan við bæ 001 en um 3,4 km norðan við Laugarvatnshella 007.


Áberandi tindur sem sést víða að.

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 8

**ÁR-409:040** *Vígðalaug* laug bað

X 416025 Y 413706

Í Sunnlenskum byggðum segir svo: "Ekki er talið með öllu ósennilegt að býlið hafi upphaflega heitið Reykir. Má þar til nefna að Kristnisaga segir að Sunnlendingar og Norðlendingar hafi verið skírðir eftir kristnitökuna árið 1000 í Reykjalaug í Laugardal. Heitir hún nú Vígðalaug." Umrædd frásögn í SB III er úr Biskupasögum en þar segir svo: "Allir Norðlendingar ok Sunnlendingar váru skírðir í Reykjalaugu í Laugardal er þeir riðu af þingi því at þeir vildu eigi fara í kalt vatn." önnur útgáfa af sama texta úr sömu bók segir: "at Norðlendingar ok Austfirðingar vildu eigi fara í kalt vatn, ok váru þeir margir skírðir við laug at Reykjum í Laugardal." Vígðalaug var friðlýst árið 1970 en í Friðlýsingarskrá segir: "Laugarvatn. Heit laug, nefnd Vígðalaug, niðri við vatnið og stórir steinar hjá,



Vígðalaug (ÁR-409:040) og Líkasteinar (ÁR-409:023). Uppmæling gerð vorið 2015 við úttekt á friðlýstum minjastöðum á Suðurlandi.

nefndir Líkasteinar." Í ornefnaskrá segir svo: "Er það [Leirbulla] skammt fyrir austan Gróðrarstöðina. Milli hennar og vatnsins er gömul, upphlaðin laug, Vígðalaugin, sem Austfirðingar voru skírðir í árið 1000, að sagan segir. Stendur hleðslan enn nær óhöggðu. - Sagt er, að þar hafi síðar verið þvegin lík þeirra Jóns Arasonar og sona hans, er þau voru flutt norður frá Skálholti 1550. Við Vígðulaugina eru 6 steinar, allstórir, sem kallaðir eru Líkasteinar." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1961 segir svo: "Í Kristnisögu segir frá því, að Norðlendingar og Sunnlendingar, þeir er kristni tóku á alþingi árið 1000, hafi verið skírðir í Reykjalaug í Laugardal. Vera mætti að hér væri átt við Reyki í Biskupstungum, sem eru ekki allfjarri Laugardal, en Reykir eru austan Brúarár og hafa því aldrei til Laugardals talizt. Er því líklegra, að átt sé við Laugarvatn, þótt nafn sé annað, enda var Laugarvatn á alþingisleið. [...] Laug sú, er átt mun við í Kristnisögu, heitir Vígðalaug.[...] Laugin er 20 m frá vatninu, þar neðan við, sem Húsmæðraskóla Suðurlands stendur nú." Vígðalaug er vel merkt með skilti og greinilegt að ferðamenn skoða staðinn talsvert. Laugin er um 500 m NNA við bæ 001 og um 60 m NNA við Fontana á Laugarvatni. Hún er um 90 m neðan (ASA) við Lindarbraut. Laugin er í afgirtum, deiglendum reit, grasi grónum flata rétt ofan (vestan) við Laugarvatn. Aðgengi að staðnum er frábært. Bílaplan og upplýsingaskilti eru á staðnum. Svæðið umhverfis laugina sjálfa er blautt og þolir ekki mikinn umgang.

"Vígalaug er 1,72 m frá austri til vesturs og 1,85 m frá norðri til suðurs. Hún er nær því að vera ferningslaga en kringlótt, en hornin eru mjög ávöl og breið. Mesta dýpt hennar miðað við hæstu brún austanmegin er 0,76 m, en vatnshæð er innan við 0,5 m. Vatnsrás opnast í laugina austarlega á norðurhlið en affall er austarlega á suðurhlið. Hleðslan í barmi laugarinnar er mishá, 2-3 umför af misstöru grjóti. Hæst er hleðslan austanmegin og þar er svörður ofan á hleðslunum, en lægst er hún vestan og norðanmegin. Að vestan er um 1,5 m breið dæld niður að laugarbarminum en annars er landið umhverfis laugina nokkuð jafnhátt. Botn laugarinnar er allur grjótlagður og svotil sléttur. Grjótið í hleðslunum er ávalir hnullungar sem munu komnir úr fjallinu ofan við Laugarvatn. Allstórir hnullungar (50-90 sm) eru í neðsta lagi hleðslunnar en efri umför eru úr minni steinum (30-60 sm) og hafa sumir þeirra sigið til, einkum í austurhlið þar sem hleðslan er hæst og þar sem vatnsrásin opnast út í laugina en þar eru steinarnir greinilega lausir. Á fjórða áratug 20. aldar var grafin önnur rás austan við laugina þannig að hægt er stýra rennslinu með því að setja steina í rásina sem liggur að lauginni. Litlum steinum hefur verið raðað í brúnir beggja rásanna en ekkert grjót er í botni þeirra. Laugin er hlaðin á hörðum jökulleir um 20 m frá vatnsborði Laugarvatns. Botn laugarinnar er um 10 sm hærri en vatnsborðið. [...] Þó víst megi telja að baðlaug hafi verið við Laugarvatn, eða í það minnsta í Laugardal, á miðöldum er ekkert sem bendir til að það sé sama laug og sú sem nú er kölluð Vígðalaug. Elsta heimild um laugina er frá 1840 en það var ekki fyrr en tæpri öld síðar að farið var að kalla hana Vígðulaug og tengja hana við frásögn Kristni sögu um heitavatnsskír sunnanmanna og Norðlendinga eftir kristnitökuna árið 1000. Ekkert bendir til að sagnir um þetta efni hafi verið tengdar lauginni á 19. öld, enda væri það með ólíkindum ef það hefði farið fram hjá Kristian Kálund sem þó kom að lauginni



*Vígðalaug ÁR-409:040. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en niður á mynd til hægri.*

og lýsir henni. Á þeim tíma virðast heimamenn á Laugarvatni hafa haft trú á lækningamátt vatnsins úr lauginni, og væri af því réttast að flokka hana með Gvendarbrunnum. Hinsvegar er ljóst að hún hefur verið hlaðin til baða, og er ekkert sem útilokar að hleðslan geti verið allforn þó tæplega sé hún frá miðöldum. Uppgröftur við laugina leiddi ekkert í ljós um aldur hennar, en hann sýndi að laugin hefur haldið sínu upphaflega formi og ekki verið minnkuð eða henni breytt á annan hátt," segir í Árbók Hins

Íslenska fornleifafélags 2000-2001. Eftirfarandi texti byggir á skráningarferð starfsmanna Fornleifastofnunar Íslands vorið 2015 en minjarnar voru skráðar sem hluti af úttekt á friðlýstum minjum á Suðurlandi fyrir Minjastofnun Íslands. Upplýsingarskilti fyrir ferðamenn er við Vígðalaug en þess ekki getið að minjarnar séu friðlýstar. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Á skiltinu er stiklað á stóru í sögu laugarinnar og Líkasteina sem eru þar við. Fornleifarannsóknir voru gerðar við laugina af Fornleifastofnun Íslands undir lok síðustu aldar. Umhverfis laugina og Líkasteina er nýlega hlaðinn garður og bílastæði fyrir ferðamenn. Vígðalaug hefur verið endurhlaðin og nánasta umhverfi lagfært svo það þoli betur heimsóknir. Laugin er vel varðveitt og er á mýrlendri tungu milli tveggja lækja. Annar lækurinn rennur í laugina en Líkasteinar eru á milli þeirra, á tungunni sjálfri. Vígðalaug og Líkasteinar eru órjúfanlegur hluti af menningarlandslagi Laugarvatns og sögu hreppsins. Mikið hefur verið gert til þess að staðurinn sé hlut af landslaginu og myndi saman minjaheild þrátt fyrir að saga laugarinnar sé mun lengri. Vígðalaug (Reykjalaug) hefur mikið táknrænt gildi fyrir sögu landsins. Fyrst í tengslum við Kristnitöku og síðar þegar kemur að dauða Jóns Arasonar. Hún nátengd stórum atburðum og er víða getið í heimildum og sögum.

**Hættumat:** hætta


**Heimildir:** SB III, 56; ÍF XV, 36, 172; Friðlýsingarskrá, 60; Ö-Laugarvatn, 5; ÁFÍ 1961, bls. 53-55; Árbók 2000-2001, 206, 216; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 233, Orri Vésteinsson. 1998.

**ÁR-409:041** tóft beitarhús

X 408291 Y 413484

Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi er birt frásögn Bergsteins Kristjónssonar sem segir svo frá síðustu nytjum hellanna: "Jón bóndi setti allveglegt bæjarþil fyrir hellismunnann, og þar fyrir innan - undir hellisskútanum fremst var allvegleg "baðstofa". Þar var eldavélin (maskínan), svo að hlýtt var þar innan veggja. Þarna var þiljað, nema loftið það var dökkur og rakur sandsteinninn. Jón bóndi hjó gat á hellisloftið og stakk þar í gegn reykrörinu frá maskínunni. Þil voru á alla vegu en fyrir innan miðþilið -gaflinn hélt hellisrangali hækkandi inn í fjallið dálítinn spöl. Þar voru nokkur lömb höfð á vetrum. En fyrir vestan þennan helli er annar hellisranghali mjór og frekar lágur. Þar var kýrin (eina!) höfð og snéri höfði inn að dimmuni en bossanum út í birtuna, enda varð hún blind strax á fyrsta vetri. [...] Beitarhús hafði Jón skammt frá Vallarétt [sjá einnig 063] við Konungsveginn [ÁR-701:002]. Tóftir þeirra sjást enn greinilega." Beitarhúsin eru um 680 m SSV við Laugarvatnshella 007 en um 7,35 km vestan við Laugarvatnsbæinn 001. Tóftin er tæpa 40 m sunnan við gamla veginn að Þingvöllum, í eins konar viki í hraunjaðrinum. Hún er um 70 m ASA við beitarhúsatóft 070 en er gamla Þingvallavegurinn á milli. Tóftin er 150 m norðvestan við Barmaréttir 035. Grasi- og lyngivaxin dokk í hraunlendi. Tóftin er byggð austan í jaðri hraunsins og myndar hann vesturgافل hennar.

Jón Þorvarðsson, bjó í Laugarvatnshellum 1918-22 og byggði þar tvönn beitarhús. Önnur beitarhúsin 063 eru vel þekkt og er getið í örnefnaskrá og á skilti við Laugarvatnshella 007 en það hús sem hér er skráð virðist hafa verið að mestu gleymt. Tóftin fannst hins vegar við fornleifaskráningu 2015. Tóftin er einföld og 8 x 5 m að stærð. Hún snýr austur-vestur og op er á austurgafli hennar.



*Tóft ÁR-409:041, á ljósmynd er horft til NNA.*

Tóftin er grasi gróin nema að utanverðu við suður- og vesturvegg. Á einstaka stað sér glitta í grjóthleðslur en tóftin er þó nærri algróin. Veggir hennar eru 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Manngerðir hellar á Íslandi, 65-74

**ÁR-409:042** frásögn hlutverk óþekkt

X 415290 Y 413762

Pálmi Hilmarsson heimildamaður taldi að tóftir hefðu mögulega einhvern tíman verið merkjanlegar ofan við Birkihlíð. Þær voru um 590 m norðvestur af bæ 001 á svæði í hlíðinni sem er gróðursnaðara en umhverfið. Svæði sem var gróðursnautt en tekið er að gróa og mikið er um lágt kjarr þar nú (2015).

Ekki tókst að finna tóftir á þessu svæði, líklegast vegna aukins gróðurs á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**ÁR-409:043** bæjarstaði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Hjáleigunefna var hjer önnur, hjer um fyrir 30 árum; hún varaði um í ár alleina, og hafði öngva bújarðarkosti nema þá, sem heimabóndinn leyfði. Ei má hjer aftur byggja nema til rýrðar heimajörðunni." Ekki er lengur vitað hvar hjáleigan sem var í byggð síðla á 17. öld stóð en ekki er útilokað að hún hafi verið á sama stað og fornleif 028 var skráð, í heimatúni Laugarvatns.

**Heimildir:** JÁM II, 320

**ÁR-409:044** heimild um kálgarð

X 415708 Y 413311

Á túnakorti frá árinu 1920 er kálgarður fast upp við suðausturenda bæjar 001. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnassýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðasóknir segir svo: "Allir stunda hér kálgarðarækt

sæmilega, en önnur jarðepli eru hér ei brúkuð." Kálgarðurinn á túnakortinu var fast neðan (suðaustan) við bílastæði sem er við hlið Menntaskólans að Laugarvatni. Á þessum slóðum er nú (2015) grasi gróin, mjög aflíðandi brekka. Svæðið er á kafi í háu grasi og sóleyjum. Engin ummerki sjást nú um kálgarð á þessum slóðum.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnessýslu, 149

**ÁR-409:045** gata traðir



*Leifar traða ÁR-409:045, horft til SSA.*

lækkar til vesturs. Svæðið þar sem umrædd dæld sést er um 60 m langt norðaustur-suðvestur og sést frá bílastæði í norðri að Skólatúni í suðri. Botninn er um 0,5 m lægri en svæðið vestan við. Mögulegt er að þetta sé austurhlið traðanna og virðist staðsetning dældarinnar passa vel við traðirnar eins og þær eru merktar inn á túnakort frá 1920.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-409:046** Álþóll álagablettur

X 415753 Y 413312

Samkvæmt Halldóri Benjamínssyni, heimildamanni hét hóllinn fast norðaustan við bæ 001 Álþóll og var trú manna að hann mætti ekki slá ellegar myndi besti hestur húsbóndans deyja. Hóllinn er eins konar hólrani sem gengur til suðurs ofan við íþróttavöll og tæpum 100 m ASA við bæ 001. Hóllinn er beint niður af íbúðarhúsinu Garði. Grasi gróinn hóll. Hann lætur lítið yfir sér nema helst þar sem hann gengur út úr brekkubrúninni að vatni (til suðausturs).

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda



**ÁR-409:047** þúst útihús

X 415674 Y 413674

Þúst er í túninu á milli Menntaskólans að Laugarvatni og gamla Héraðsskólans um 130 m norðan við bæ 001 og 20 m VSV við þúst 020. Túnið þar sem húsið hefur staðið er svolítið ójafnt og eru hæðir í því á nokkrum stöðum. Gera má ráð fyrir að mannvistarleifar geti leynst í því víða. Greinileg þúst er í túninu á þessum stað. Hún er um 20 x 12 m að stærð og rís um 0,8 m hærra en umhverfið. Þústin snýr nálega norður-suður.



*Óljós þúst ÁR-409:047 í túninu á Laugarvatni, horft til suðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**ÁR-409:048** heimild um kálgarð

X 415966 Y 413558

Inn á túnakorti frá árinu 1920 er merktur kálgarður um 320 m ANA við bæ 001. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnassýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðasóknir segir svo: "Allir stunda hér kálgarðarækt sæmilega, en önnur jarðepli eru hér ei brúkuð." Tveir kálgarðar (sjá líka 049) eru merktir inn á túnakort frá 1920 á svipuðum slóðum en á korti frá 1930 virðast þeir ná saman. Kálgarðarnir hafa verið niður við Laugarvatn milli hverasvæðis og Fontana. Svæðið er nú umturnað og þar eru hús, malbikaðar götur o.fl. Engin ummerki sjást um kálgarðinn lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnassýslu, 149

**ÁR-409:049** heimild um kálgarð

X 415989 Y 413577

Inn á túnakorti frá árinu 1920 er merktur kálgarður um 350 m ANA við bæ 001. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnassýslu fyrir Miðdals- og Úthlíðasóknir segir svo: "Allir stunda hér kálgarðarækt sæmilega, en önnur jarðepli eru hér ei brúkuð." Tveir kálgarðar (sjá líka 048) eru merktir inn á túnakort frá 1920 á svipuðum slóðum en á korti frá 1930 virðast þeir ná saman. Kálgarðarnir hafa verið niður við Laugarvatn milli hverasvæðis og Fontana. Svæðið er nú umturnað og þar eru hús, malbikaðar götur o.fl. Engin ummerki sjást um kálgarðinn lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnassýslu, 149

ÁR-409:050 gata leið

X 408518 Y 413318



Leið ÁR-409:050, horft til norðurs.

Vegur er merktur inn á Herforingjaráðskort frá 1910 frá leið 011 sem lá frá Þingvöllum að Laugarvatni um Barmana og beint til suðurs, fram hjá Barmarétt 035 og áfram til suðurs að Biskupsbrekkum þar sem hún sameinaðist leið 069 sem lá frá Gjábakka á Þingvöllum og til suðvesturs yfir Lyngdalsheiði að Skálholti. Göturnar hafa legið um grasi gróna velli og svo suður Lyngdalsheiði. Vegurinn hefur legið

frá 011, fram hjá Barmarétt fast austan við hana og suður Vellina. Bílvegur hefur legið að réttinni og í framhaldi af honum sjást nokkrir skorningar eða götur, þó líklega ekki mjög fornar enda sjást víða hestagötur á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 4; ÁFÍ 1961, bls. 59-60

ÁR-409:051 Kot tóftir býli/beitarhús

X 415039 Y 412803

Um 815 m suðvestan við bæjarstæði 001, um 10 m A við Kotskeldu og um 270 m suðvestan við hús Húsasmíði Laugarvatns og Gröfufjónustu Guðmundar er óljós tóftaþyrping sem að sögn Guðmundar R. Valtýssonar, heimildamanns, voru fjárhús sem kölluðust Kot. Ekki er minnst á þessar tóftir í örnefnaskrá Laugarvatns sem skrifuð var af Böðvari Magnússyni bónda árið 1935. Samkvæmt Hlíf Böðvarsdóttur, heimildamanni, var Kot einnig kallað Laugartún og var þar áður lítið býli. Í hennar tíð (1909-1935) var þó aðeins beitarhús og hlaða sem kölluðust Kot á þessu svæði. Umrætt hús er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Í riti um hjónin á Laugarvatni segir svo: "Þriðja fjárhúsið, fyrir eldri ærnar, byggði hann síðan vestur í Koti, sem kallað er, nokkuð langt suðvestur af bænum." Í Sunnlenskum byggðum III segir svo: "Laugartún var önnur hjáleiga, uppi fram yfir 1900." Tóftirnar eru á hól í vel grasi- og mosagrónu túni. Á svæðinu er mikið af grjóti á víð og dreif en svæðið er í dag nýtt sem beutiland fyrir hross.

Kot var skráð 2007 og í lýsingu á aðstæðum þá segir: Höllinn er um 30 x 40 m að stærð og vel grasi- og mosagróinn. Á honum eru sjáanleg ógreinileg ummerki um tvær tóftir. Tóftirnar eru samsíða NNV-SSA og eru um 6 m á milli þeirra. Eystri tóftin (A) er mjög ógreinileg að mestu leyti en hefur líklega verið fjárhús og hlaða. Dæld hlöðu er ennþá frekar greinileg og var hún um 9 x 7 m stór er nú aðeins um 0,3-0,5 m á dýpt. Langás hlöðu snýr ANA-VSV. Grjóthleðslur sjást ennþá í norður- og austurveggjum og bárujárnsleifar eru í vesturhorni hennar. Botn dældarinnar og brúnir eru grasigrónar.



*Kot ÁR-409:051, á ljósmynd er horft til SSA. Ljósmynd: Sólveig Guðmundsdóttir Beck.*

Fast SSV við dældina eru ógreinilegar leifar fjárhússins og vottar þar fyrir tveimur hugsanlegum undirstöðum garða. Undirstöðurnar hafa verið um 16 m langar og um 0,5 m breiðar en í dag eru þær ekki hærrí en 0,4 m. Um 3 m eru á milli þeirra en ekkert sést í grjóthleðslur þar sem svæðið er mjög vel gróið. Einnig vottar fyrir hugsanlegum ytri veggjum en aðeins sjást mjög ógreinileg merki um innri brún þeirra 2 m frá sitt hvorri garðaundirstöðunni. Fjárhúsið hefur verið um 8 til 9 m á breidd og um 18 m á lengd að innanmáli. Vestari tóftin (B) er mjög greinileg, 18 m löng, 6 m breið og 0,4-0,8 m há. Tóftin er grasigróin en þó glittir í grjóthleðslur í austur- og vesturveggjum við norðurenda hennar. Engar dældir eru greinanlegar í tóft. Norðan við NNV enda vestari tóftarinnar og VSV við dæld hlöðunnar er svo einnig grasigróin hringlaga dæld (C), um 3 m í þvermál, sem hugsanlega gæti t.d. gefið til kynna gamla súrheysgryfju. Ekki er ólíklegt að fleiri fornleifar leynist undir sverði á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117; SB III, 56; Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

**ÁR-409:052** gerði hlutverk óþekkt

X 415745 Y 413271

Gerði er um 75 m ASA við bæjarstæði 001, um 55 m NV við hlaupabraut og um 120 m ASA við Menntaskólann á Laugarvatni. Gerðið er í brekku sem hallar 5-10° í SSA. Brekkan er svo til öll vel grasigróin nema þar sem gerðið er. Þar er svæðið mjög rofið vegna framkvæmda og vatnsrofs.

Gerðið var skráð 2007 og í lýsingu því frá því ári segir: Gerðið hefur verið um 30 x 10 m stórt og snýr ANA-VSV. Gerðið er mjög rofið og eru um 13 m af VSV enda þess svo til horfnir undir svörð og malarveg og sjást aðeins ógreinileg merki um innri brún útveggja þess. ANA helmingur gerðis er ennþá til staðar og er hann um 17 m langur en veggir þess eru þar þó mjög rofnir vegna vatnsaga. Veggir gerðisins eru torfhlaðnir, grasi- og mosagrónir, 0,6-1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Þar hefur gerðinu verið skipt í a.m.k. 3 hólf, tvö stór hólf (A og B) og svo eitt smærra hólf (C) innan í öðru



Gerði ÁR-409:052 sem skoðað var 2007. Á ljósmynd er horft til norðurs. Staðurinn var ekki skoðaður aftur 2015 en líklega hefur hann horfið í framkvæmdum 2007-2008. Ljósmynd: Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

stærri hólfinu (B). Eystra stærri hólfið (A) er um 4 m á breidd og um 8 m á lengd að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það vestara (B) er 10 m lengd og um 8 m á breidd að innanmáli og snýr ANA-VSV. Í norðausturhorni þess er svo minnsta hólfið (C) en það er 4 m á lengd, 3 m á breidd og snýr ANA-VSV. Svo til allur norðurveggur gerðisins er horfinn vegna framkvæmda og vatnsrofs (veggur hólfa B, C og hluti af vegg A). Suðurveggur vestara hólfsins (B) er einnig allur horfinn en óljóst er hvers vegna það er. Inngangur hefur verið inn í eystra hólfið (A) við SA horn þess á suðurvegg og er það um 2 m breitt í dag. Inngangur hefur verið í litla hólfið (C) við SV horn þess og í dag er hann um 1 m á breidd. Óljóst er hvar inngangur í vestara stærri hólfið (B) hefur verið vegna rasks. Svo til allur vesturveggur þess er ennþá til staðar. Líklega hefur gerðið verið byggt utan um kálgarð.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**ÁR-409:053** Réttartunga heimild um rétt

X 414931 Y 413301

"Vestanvert við Húfulaska er Eystra-Réttartungugil. Þar er torfa í skóginum, sem heitir Réttartunga, þá annað gil, Vestra-Réttartungugil, og enn torfa þar fyrir vestan, Vestri-Réttartunga. Tófumelur heitir melurinn vestan við réttimar," segir í örnefnaskrá. Réttin var um 750 m vestur af bæ 001 og um 5 m norðan malbikaðs vegar. Ekki er vitað hvað eldri rétt á umræddum stað var gömul en ekki víst að hún hafi verið mjög forn. Á hálfgrónu holti milli nýrri vegar og hins gamla, malarvegar. Á þessum slóðum er nú (2015) einföld hestagirðing og sér ekkert eftir að eldri rétt.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 2

**ÁR-409:054** heimild um leið

X 406906 Y 410851


Inn á herforingjaráðskort frá 1910 er merkt leið sem legið hefur frá leið 014 (sem lá frá leið 050 sem legið hefur á milli leiðar 011 frá Þingvöllum og að Laugarvatni og leiðar 069 frá Þingvöllum og að Skálholti). Leið 014 liggur sum sé til SSV og greinist fljótt annars vegar í vestari leið sem lá til suðurs hjá Drift og að Kaldárhöfða (sjá 014) og eystri leið sem og nánast beint til suðurs um vestanverða

Lyngdalsheiði, um Nautabrekkur og áfram að Efribrú.

Talsverðar reiðgötur eru hér og þar um vestanverða Lyngdalsheiðina og er líklegt að einhverjar leifar gatnanna megi finna með nákvæmari leit. Við skráningu undust slóðar hér og þar en þeim var ekki fylgt á löngum köflum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Herforingjaráðskort frá 1910 kort númer 37 NA Hengill



*Hluti af leið ÁR-409:054 horft til ANA.*

**ÁR-409:055** heimild um andakofa

Í riti um Laugarvatnshjónin segir svo: "Fyrir neðan túnið var bæjarlækurinn, sem er nú horfinn. Við bæjarlækinn, nær vatninu, var á síðustu árunum andakofi. Eggin voru nýtt og þóttu þau búbot en endurnar voru aldrei hafðar til matar." Ekki er lengur vitað hvar andakofinn var og virðist staðsetning bæjarlækjarins einnig týnd. Því var ekki unnt að staðsetja andarkofann. Rétt er að taka fram að ekki er víst að kofinn teldist til fornleifa en þar sem ekki er hægt að fullyrða um það er hann látinn njóta vafans.

**Heimildir:** Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117

**ÁR-409:056** *Gvendarbrunnar* þjóðsaga vatnsból X 411253 Y 415258

"Vestur af Selöldu lækkar landið mikið og kennir þar ýmissa grasa, valllendi, mýri, tjarnir og melar. Er það einu nafni nefnt Gvendarbrunnar. Lækur einn er þar og nefnist hann Gvendarbrunnslækur. Er í honum vígt vatn eftir Guðmund góða," segir í örnefnaskrá. Um 4,8 km vestur af bæ 001 er seltóft 013. Í nágrenni seltóftar 013 er mikið af lækjarfarvegum, mest til norðurs en einnig suðurs og vesturs, sem allir voru þurrir þegar skráð var og því óvíst hver þeirra er Gvendarbrunnslækur. Mosavaxin hlið norðan seltóftar 013.

Nákvæm staðsetning óþekkt en mikið er af þurrum lækjarfarvegum norðan seltóftar 013.

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 3

**ÁR-409:057** *Mjúkur* heimild um leikvöll

"Fyrir neðan túnið er Bæjarlækurinn. Hjá honum er lítill, þýfður hóll, sem heitir Mjúkur. Hafa börn löngum reist þar bú," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað hvar Bæjarlækurinn né heldur hvar hóllinn Mjúkur var og reyndist því ekki unnt að staðsetja minjastaðinn.

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6

**ÁR-409:058** *Kolhóll* örnefni kolagröf

X 413393 Y 412704

"Út við gilið [Rauðagil], fyrir utan Háumýri, er markahóll milli Laugarvatns og Eyvindartungu, sem heitir Kolhóll," segir í örnefnaskrá. Kolhóll er um 2,35 km vestur af bæ 001. Þar hefur nú verið gert stórt bílapan og útsýnispallur. Útsýnispallur og áningarstaður er á hólnum nú. Engin ummerki um kolagrafir fundust á þessum slóðum enda hefur umhverfi mjög verið umturnað við framkvæmdir. Bjarni F. Einarsson skráði vörðu á þessum slóðum 2003 og var hún 1,3 m í þvermál en 0,9 m há. Ekki sást merki um vörðuna 2015.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 6, Bjarni F. Einarsson, fornleif nr. 9

**ÁR-409:059** *Álftahólmar* álagablettur

X 416394 Y 414070



*Álftahólmi ÁR-409:059, horft til austurs.*

"Vestur af nesoddanum eru eyrar fyrir utan árosinn, Hjálmsstaðaáreyrar, og þar vestur af eru 3 hólmar, Álftahólmar, sem eru austast í Laugarvatni [...] Þar hafa verpt álfir á hverju ári frá ómunatíð. Sögn er um það, að eitthvert óhapp eigi að henda Laugarvatnsbóndann, ef öllum eggjum álfahjónanna er rænt. Helzt á sauðburður að ganga illa. Svo lengi sem ég man til, hefir þetta aldrei verið gert. Þegar ég var ungur, voru alltaf skilin eftir þrjú egg, en í mínum búskap hefir aldrei verið tekið neitt af eggjunum," segir í örnefnaskrá. Álftahólmi eru

rúmum 1 km norðaustan við bæ 001 við norðurenda Laugarvatns um 5 m frá landi. Hólminn er í eins konar vogi af vatninu. Hann er grasi gróinn en þar vaxa einnig sóleyjar, hvönn og víðir. Fyrir nokkrum árum var hólminn nærri því alveg horfinn en þá tók Lionsklúbburinn sig til og endurhlóð hann og er hann nú í góðu ástandi. Hann er um 15 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 4-5, 7-8

**ÁR-409:060** *Hveraopna* álagablettur

X 416066 Y 413484

"Út undan honum [Hveralæk] er svonefnd Hveraopna í vatninu. Leggur hana aldrei á vetrum, hve mikill gaddur sem er. Þar er friðland álfra í vetrarhörkum. [...] Hveraopnunn, vökinni út undan hvernum, fylgja þau álög, að þar megi aldrei skjóta eða deyða álf. Á þá bezti gripur bóndans að farast. Um 1895 var vinnumaður hjá föður mínum, sem Halldór hét, fremur kærulaus. Eitt sinn, sem oftast var hann að skjóta rjúpu. Gekk það treglega. Fór hann þá niður á "Opnu" og skaut tvær álfir í sama skoti. Varð föður mínum illa við, enda hefndi þetta sín. Morgunin eftir var reiðhestur hans, 7 vetra gamall, stólpa-gripur, hengdur á hesthúshurðinni. Var höfuðið fyrir utan en skrokkurinn fyrir innan. Hafði

hann spynt svo fótum við veggnum, að sprengja þurfti með járnkarli frá fótunum til þess að losa hann. Þótti slys þetta koma vel heim við álögin," segir í örnefnaskrá. Hveraopna var beint framundan Hverunum. Vatnsbotninn er sendinn og aflíðandi á þessum slóðum. Laugarvatni leggur aldrei á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 5, 8

**ÁR-409:061** *Reyniviðarbrekka* álagablettur

X 415498 Y 415409



*Trúlofunarhrísla ÁR-409:061, horft vesturs.*

"Gil myndast í Helgadal, sem nær alla leið niður fyrir veg. Nefnist það Stóragil. [...] Í Stóragili eru tvær reyniviðarhríslur. Önnur er forn mjög og liggur hálfgerð við jörð. Hin er miklu yngri og beinni. Sagt er að þau álög fylgi, að ef tekin er grein af þeim, fylgi annarri lán og gæfa, en hinni ógæfa. Ekki er þess getið hvor hríslan er gæfuhríslan. En þetta hefir orðið til þess, að af hvorugri hefir verið tekið," segir í örnefnaskrá. "Litlu neðar [en Gunnarshellir] með gílinu er falleg brekka sem heitir Reyniviðarbrekka. Þar eru tvær reyniviðarhríslur. Önnur er forn mjög og liggur hálfgerð við jörð. Hin er miklu yngri og beinni. [...] En stærri hríslan er oft nefnd Trúlofunarhríslan og hún er víða merkt hjörtum og fangamörkum," segir í Árnesingi. Reyniviðarbrekka er hátt upp með Stóragili og um 2,1 km í beina loftlínu frá bæ 001. Í gílinu

sést enn eitt reyniviðartré sem liggur reyndar við jörðu nú (2015) og er alþakið fangamörkum og hjörtum og er því hin svokallaða Trúlofunarhrísla. Gilið er talsvert bratt á þessum slóðum en grasi gróið austan gils. Ofan í gílinu eru stór klettabjörg á þessum slóðum. Reyniviðurinn liggur niðri en vel má þó enn lesa fangamörk og hjörtu þótt eitthvað af því sé að verða nokkuð máð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarvatn, 3, 8; Árnesingur X, 98

**ÁR-409:062** heimild um þvottastað

X 416021 Y 413489

"Þó munu hverirnir fyrrum hafa verið nýttir til ullar- og klæðþvotta. Einnig munu kartöflur hafa verið ræktaðar við hverina vegna jarðvarmans, að minnsta kosti frá því fyrir síðustu aldamót og fram á þessa

[20.] öld. Ekki skal fullyrt hvenær farið var að nota jarðhitann til brauðbaksturs en vitað er að það var gert í upphafi aldar," segir Sigurður Kristinsson í "Bújörðin Laugarvatn". Hverasvæðið við Laugarvatn er um 400 m ANA við bæ og voru þvottar þvegnir þar áður fyrr. Helstu hverirnir eru nú afmarkaðir með girðingu en eru um 60 m sunnan við Fontana á Laugarvatni. Engin ummerki sjást nú um fornan þvottastað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Sigurður Kristinsson, 143

**ÁR-409:063** tóft beitarhús

X 408215 Y 413517

Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi er birt frásögn Bergsteins Kristjánssonar sem segir svo frá síðustu nytjum hellanna: "Jón bóndi setti allveglegt bæjarþil fyrir hellismunnann, og þar fyrir innan - undir hellisskútanum fremst var allvegleg "baðstofa". Þar var eldavélin (maskínan), svo að hlítt var þar innan veggja. Þarna var þiljað, nema loftið það var dökkur og rakur sandsteinninn. Jón bóndi hjó gat á hellisloftið og stakk þar í gegn reykrörinu frá maskínunni. Þil voru á alla vegu en fyrir innan miðþilið - gaflinn hélt hellisrangali hækkandi inn í fjallið dálítinn spöl. Þar voru nokkur lömb höfð á vetrum. En fyrir vestan þennan helli er annar hellisranghali mjór og frekar lágur. Þar var kýrin (eina!) höfð og snéri höfði inn að dimmunni en bossanum út í birtuna, enda varð hún blind strax á fyrsta vetri. [...]

Beitarhús hafði Jón skammt frá Vallarétt [sjá einnig 063] við Konungsveginn [ÁR-701:002]. Tóftir þeirra sjást enn greinilega." Jón Þorvarðsson, bjó í Laugarvatnshellum 1918-22. Beitarhúsin eru um 7,5 km vestur af bæ 001 og um 700 m suður af Laugarvatnshellum 007. Í mosavaxinni hraunbrekku suður af Reyðarmúla.



*Beitarhús ÁR-409:063. Á ljósmynd er horft til norðurs.*

Tóft er mjög vel greinileg frá gamla þjóðveginum sem var aflagður 2010 og liggur um 20 m suður af henni. Tóftin er um 10 x 8 m að stærð, snýr austur-vestur og er tvískipt. Tóftin er grjóthlaðin en aðeins gróin grasi ofan á veggjum og í gólfum. Veggir eru um 1,5 m háir. Hvort hólfa er um 5,5 x 2,5 m að innanmáli. Í vestara hólfinu er garði, um 5 m langur. Í eystra hólfinu hefur hrunið úr veggnum milli hólfa um miðbik hans. Inngangar eru á báðum hólfum um miðjan suðurvegg en í eystra hólfinu er veggur við inngang hruninn að hluta. Norðurveggur er niðurgrafinn í hraunbrekku.



Bjarni F. Einarsson skráði beitarhúsin árið 2003 þegar hann skráði fornleifar vegna lagningu Gjábakkavegar milli Þingvalla og Laugarvatns.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Manngerðir hellar á Íslandi, 70 ; Bjarni F. Einarsson, 70

**ÁR-409:064** heimild um hlöðu

"Árið 1901 byggði faðir minn heyhlöðu heima 12x17 álnir með 6 álna veggjum á hæð. Var hún vel hlaðin, þótt vont væri grjótið, og stóð allvel nokkuð lengi," segir í Undir Tindum e. Böðvar Magnússon. Ekki er lengur vitað hvort hlaðan var sambyggð bæjarsamstæðunni (en hlaða var vestan við bæinn sjá 001) eða hvort hún var stakstæð og ef svo var, hvar hún var nákvæmlega. Því reyndist ekki unnt að staðsetja hlöðuna við vettvangsskráningu 2015.

**Heimildir:** Böðvar Magnússon, 126

**ÁR-409:065** heimild um tóft

408350 412992

Bjarni F. Einarsson skráði rúst þegar hann kannaði minjar vegna Gjábakkavegar. Hnit rústar var N 64°12.435 W 020°53.236 samkvæmt upplýsingum frá honum, og í skrá hans segir: "Um 30-35 m N af malarvegi og um 15 m S af Konungsvegi, í móa. 25 m A af fornleifum [063]." Staðsetning uppgefins hnits er hins vegar um 560 m sunnan við fjárhús 063. Upplýsingar um staðinn bárust eftir að vettvangsvinnu lauk en gengið var um svæðið fast austan við fjárhús 063 og ekki fundust fjárhúsleifar þar. Því er ekki nákvæmlega vitað hvar umrædd rúst var og einhver villa virðist vera í texta/hniti í eldri skráningu og því var staðurinn ekki skráður sumarið 2015 en uppgefið hnit er úr skýrslu Bjarna.

Bjarni F. Einarsson lýsir rústinni á eftirfarandi hátt: "4,5 x 9 m (N - S). Veggir úr grjóti, 0,6 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir. Breidd veggjanna bendir til þess að þarna hafi staðið timburhús og grjóti hlaðið upp að. Gólf rústarinnar er grafið niður í halla. Dyr eru trúlega mót N. Í miðri rústinni er jarðfall, um 1 m í þvermál"

**Heimildir:** Bjarni F. Einarsson, 72

**ÁR-409:066** heimild um mógrafir

X 412366 Y 412810

Bjarni F. Einarsson skráði árið 2003 mógrafir vegna lagningu Gjábakkavegar. Mýrarsund um 3,3 m vestur af bæ 001 og um 500 m sunnan varða 022. Mýrarrimi í móavöxnu holti.

Rimi sem mögulegar mógrafir eru í er um 400 m langur og um 30 m breiður, snýr í norðvestur-suðaustur. Um þær segir Bjarni F. Einarsson "Líklega eru mógrafirnar fleiri en 50. Þrjár mógrafir [...] eru fylltar vatni. Fleiri mógrafir ofan í brekkunni eru sömuleiðis fylltar vatni. Mógrafir eru að mestu leyti fallnar saman og grónar."

**Heimildir:** Bjarni F. Einarsson, 69

"Leiðin liggur frá Gjábakka austur yfir heiðina í átt að Skálholti. Í hrauni, holti og móa. [...] Leiðin er sennilega samsíða Kónsveginum á kafla þegar hún fer hjá Gjábakka og í átt að Taglaflöt. Skiljast þá leiðir." "Á Hvítá hefur verið einkum eitt vað, þ. e. á Kópsvatnseyrum. Hefur það ætíð verið notað. Þó hefur það ekki verið allskostar heppilegt þeim, er fóru til Þingvalla. Þá varð að fara sérstaklega yfir Tungufljót og Brúará, bæði vötnin ill og vegir þar vondir yfir Tungur. Íðuferja hefur því verið mjög notuð, og lá þá leiðin um Skálholt. Brúará hefur einnig verið farin á ferju hjá Spóastöðum. Hér eru tvö sundvötn, en vegir hafa verið miklu betri þessa leið. Síðan lá leiðin fyrir norðan Mosfell, þá milli Neðra Apavatns og Þóroddsstaða, norðan á Lyngdalsheiði, um Biskupsbrekku, út yfir Gjábakkahraun, niður að Þingvallavatni hjá Vellankötlu og þá á Þingvöll. Einnig lágu á þennan veg leiðir frá Neðra-Apavatni, Gröf og Laugarvatni. Norðan við þessa leið liggja Beitivellir, sem voru áfangastaður ferðamanna, sem fyrir segir," segir í ÁFÍ 1961.

"Með stefnu norðvestur á Reyðarbarm var farið úr Skálholti um austanverða Lyngdalsheiði á Þingvöll. [...] Víst má ætla að meginleið af Þingvöllum í Laugardal hafi fremur verið fyrir endann á Reyðarbarmi en austur úr Barmaskarði [...]. Frá Barmshorninu lá leiðin suðaustur með stefnu á Haustrúguvörðu sem er á norðurenda Lyngdalsheiðar suðaustur af Barmshorninu Frá vörðunni sveigir leiðin til austurs og liggur að mestu um vallendi suðaustan undir Lyngdalsheiði milli heiðarjaðarsins og Vallanna sem svo eru kallaðir, Laugarvatnsvellir og Beitivellir, grösugra vallendisflata með vötnum sem liggja austan undir Stóra-Reyðarbarmi og Kálfstindum. Göturnar liggja með heiðinni sunnan Vallanna og stefna á hálsinn sem gengur undan Laugarvatnsfjalli vestan við Laugarvatn. [...] Þessi leið var kunnug höfundu Brennu-Njáls sögu, hann segir að á Beitivöllum áði Flosi á Svínafelli með mönnum sínum á leið á þing eftir brennuna á Bergþórshvoli og riðu þar að þeim flokkar margir; var þar Hallur af Síðu og allir Austfirðingar. Af frásögn Kristni sögu er einsýnt að þessa leið hafa farið þeir Hjalti Skeggjason og Gissur hvíti þegar þeir komu af skipi í kristniboðserindum Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs og ætluðu á alþing. Þeir riðu úr Rangárþingi, komu í Laugardal og þá að Vellankötlu við Ölfusvatn [Þingvallavatn] og þaðan á alþing. [...] Mennirnir hafa því riðið sem leið lá af Þingvöllum hjá Gjábakka og þaðan eftir því sem sléttast var og minnst um hraungrýti undir hestahófum og best um áfanga neðan undir Hrafnabjargahálsi og frá horninu á Reyðarbarmi með sýn til Heklu og austur milli Laugarvatnsvalla og Lyngdalsheiðar og komið ofan að Laugarvatni sunnan til á hálsinum sem gengur suður undan Laugarvatnsfjalli. Var þá skammt til laugar á vatnsbakka; þar kallast nú Vígðalaug eftir frásögn Kristni sögu. Skálholtsmenn hafa án efa stundum farið þessa leið á Þingvöll og frá riðið að heiman um Torfastaðaheiði og yfir Brúará á vaði á Miklaholtsnesi eða Böðmódsstaðavaði. Áin er ströng og vatnsmikil og var ekki riðin nema þegar lítið var í henni, en í vatnavöxtum varð að fara á brúnni yfir gjána fyrir innan Efstadal. Síðan réðu Laugardalsfjöll leið á aðra hönd uns komið var upp á hálsinn vestan við Laugarvatn en þá hefir stefna verið tekin sunnan með Völlum og sem næst því á endann á Reyðarbarmi og haft mið af Biskupsvörðu sem ber hátt yfir á brún Biskupsbrekku norðaustanhallt á Lyngdalsheiði. Greinilegar götur marka þessa leið og víst

er að hana hafa prestafylkingar riðið úr Laugardal á Þingvöll á tíð Gissurar Einarssonar Skálholtsbiskups," segir í Leiðum Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði. "Úr Laugardal liggur vegur suður með Lyngdalsheiði til Mosfells- og Klausturhólaprestakalla. Að austanverðu við heiðarveg þann, er liggur til Þingvallasveitar, er Laugarvatn, en áfangastaður á Laugarvatnsvöllum, er liggja austan undir Reyðarmúla og eru grasi vaxnir og sléttar vallendisflatir, " segir í Sýslu og sóknarlýsingum. "Þegar farið er úr Skálholti yfir Lyngdalsheiði á Þingvöll liggur leiðin í fyrstu yfir Skálholtsása um Tíðaholt þá yfir Kerslæk og framhjá Spóastöðum líkt og slitlögð þjóðbraut liggur nú. Á lygnunni ofan við hamarinn var ferja yfir Brúará. [...] Frá ferjustaðnum Við Brúará lá hin forna reiðleið norðvestur um móamýrar þar sem heitir Reiðholt og þræddi þar sem þurrast var og minnst um svakka í mýrinni sem nú hefir verið kílræst og orðin mun þurrari en áður. [...] Götturnar lágu fram hjá bænum Seli og sveigðu norður fyrir Mosfell í Grímsnesi. [...] Í móanum vestan undir Mosfelli og sunnan við Selmýrar mátti til skamms tíma sjá hestatroðninga sem lögðust hlið við hlið eftir því sem aldirnar skiptu um götu. Þar lágu vegir þeirra sem komu austan yfir ár og ætluðu niður á sveitir ellegar út Lyngdalsheiði. Leiðirnar greindust á Selhæð, móholti nokkru vestan við fjallsendann og fóru aðrar með stefnu á Svínavatn en hinar sunnan við Apavatn og út Lyngdalsheiði. [...] Troðningarnir, hinar aldagömlu götur norðan og vestan við Mosfell, hafa að mestu runnið saman við vegarlagningu og plógför þar sem vélsettir trjásprotar af erlendum tegundum vaxa hægt í stríði við vorhret og þralátan norðanstreng. Reiðgötur markaðar af skemmtiferðamönnum nútíðar liggja líkt og fornir vegir en með öðru lagi. [...] Á móts við suðvesturenda Mosfells tóku götturnar stefnu á Ölduna (Apavatnsöldu), langa mosagróna melhæð sem gengur austan undan Lyngdalsheiði með gróðurríkum lautum og lindum. Leiðin liggur um Smalaskála og á Kirkjuvaði yfir Stangarlæk. [...] Trúlegt er að Skálholtsmenn hafi stundum riðið Ósinn [Svartós] á leið norður yfir Lyngdalsheiði í stað þess að krækja vestur fyrir Selmýrar. Sagnir eru um að Skálhyltingar hafi haft veiðistöð á suðurbökkum Apavatns og hafa þá eflaust riðið norður fyrir Mosfell og yfir Ósinn. [...] Leiðin frá Mosfelli kallast Kirkjugötturnar og vaðið á Stangarlæk Kirkjuvað, kennd við kirkjuveg að Mosfelli í Grímsnesi frá Þóroddsstöðum, Gröf og Efra- og Neðra-Apavatni. Þegar komið er vestur yfir Stangarlæk liggja Kirkjugötturnar um Grafarhæð og hjá Grafarmýri [...]. Niður Grafarhæð liggja götturnar yfir Fannalæk sem fer um Stekkjarmýri sem liggur að suðurbökkum Apavatns. [...] Fannalækur á upptök í víðáttumiklu mýrarflæmi sem liggur vestan að Stangarlæk og standa upp úr því tvö holt, Miðholt nær og Krossholt fjær. [...] Holtin með mýrina í milli sín blasa við í útsuðri af gömlu biskupaleiðinni þar sem hún sker öxlina á Hádegishól, eyktarmarki í hásuðri frá bænum að Neðra-Apavatni. Við Fannalæk, litlu austan við Hádegishól, greinast leiðir og liggja grónar götur í átt að horfnum tröðum heim að bænum sem fóru ofan við túngarðinn upp Holtin og yfir Apá áleiðis á heiðargötur upp í Laugardal. Alfaravegur á Þingvöll lá hinsvegar um suðuröxl Hádegishóls og yfir Hrossalæk sem rennur um Veiturnar, valllendismóa milli Hádegishóls og Tjaldhóls sem var nyrstur þriggja hóla undir heiðarrótum milli Þóroddsstaða og Neðra-Apavatns. Þjóðleiðin gamla er nú að sjá sem djúpt far með stefnu upp til heiðarinnar norðanmegin við Tjaldhól. Þar eru góðir hagar í lautum við Hrossalæk og

hefir trúlega verið áð þar fyrrum, jafnvel tjaldað. Snertispöl sunnar en hin forna þjóðgata lá á Hádegishól er nú merktur einkavegur sumarhúsaeygenda við Apavatn. [...] Biskupaleiðin gamla úr Skálholti á Þingvöll liggur rakleiðis í norðvestur frá Tjaldhól upp Moldbrekkur og undir Hofmannshóla (Hofmannahóla) sem liggja með suðaustur-norðvesturstefnu á mótum Apavatsöldu norðar Þóroddsstaðaöldu sunnar. [...] Götunar liggja við Stekkatún í norðurátt um Borgarásgil og fara eftir því undir ásum uns sveigt er til norðvesturs og er þá skammt í Áfangamýri undir Heiðarbrún," segir í Leiðum Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði. "Af heiðarbrúninni halda götunar áfram í norðvestur stefnu og þegar hærra dregur fer Barmurinn að rísa með Súlnafjöll að baki. Vestanhallt ber Búrfell í Þingvallasveit við loft, fjær er Mosfellsheiði og vestan hennar teygir Esjan sig fram á Faxaflóa. Leiðin liggur um sléttlent vindbarið smápýfi og á næsta leiti er Beinavarða hlaðin úr grjóti á grjótdyngju sem virðist vera rúst af byrgi, líklega litlu sæluhúsi ef ekki fornmannadys — hér við alfaraveg. [...] Glögggt má sjá hvernig hin forna leið lagðist norðanhallt yfir heiðina með mið af fjöllum; héðan ber Heklu yfir Skálholtsstað í suðaustri, en í beina stefnu gagnvert ber Búrfell í Þingvallasveit yfir þingstaðinn í norðvestri. Leiðin myndar nær þráðbeinan öxul úr suðaustri í norðvestur milli biskupsstóls og þingstaðar. Frá Beinavörðu er haldið með stefnu norðvestur á Litla-Barm uns komið er að Biskupsbrekku. [...] Frá Biskupsbrekku liggur leiðin enn yfir lautótt og melblásin heiðartögl með stefnu á Haustrúguvörðu nær og Barminn enn fjær. [...] Frá Haustrúguvörðu liggja götunar yfir hraunlæg beinan veg til norðvesturs á endann á Litla-Barmi. Þegar komið er fyrir múlann hækkar hraunbrúnin og við taka hraunstorkur runnar úr Eldborgum, gígaröðum suðaustan við Hrafnabjörg. [...] Hrafnabjargarháls er hraunhallinn sem gengur með Eldborgum sunnan undir Hrafnabjörgum og sleppir hálsinum þar sem land lækkar. Kallast Karlhraun fram undan hálsinum síður undir Miðfellshraun. Barmahraun er kallað vestan við Stóra- og Litla-Reyðarbarm [...] Vestan undir Reyðarbarmi verða leiðamót. Einar götur þræða veg til norðvesturs yfir hraunið undir Hrafnabjargarhálsi í átt að Þingvallavatni. Fylgt er vörðum, sú hæsta er á hraunhól nær miðja vega milli Reyðarbarms og Gjábakka. [...] Frá Gjábakka var farið yfir Hrafnagjá á Klukkustíg og þá götur ofan í Hallvik og haldið um kjarrið hjá Vellankötlum og þaðan annaðhvort um hraunið hjá Skógarkoti ellegar um götur eftir vatnsbökkum og komið á þingstað réttan á völlum við Öxará," segir í Leiðum Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði



*Hluti af leið ÁR-409:067 sést á breiðu beltí beggja vegna við ruddan reiðstíg.*

Talsverð ummerki um Biskupagötur má sjá víða en göturnar voru ekki gengnar þegar minjar á Laugarvatni voru skráðar heldur bara kannaðar í námunda við Biskupsvörðu 034 og Haustrúarvörðu 033 en þar sjást talsverðar götur í námunda við malarbornar reiðgötur sem nú liggja um svæðið.

Gamla leiðin milli Skálholts og Þingvalla sést t.d. vel þegar komið er norðaustar í hraunið en Biskupsvarða, t.d. rúma 700 m norður af Hamraselshelli. Miklar götur sjást enn í námunda við 033 og er talsvert rof út frá þeim. Sem fyrr segir voru göturnar ekki raktar en þar sem mest er sjást margfaldir slóðar á um 200 m breiðu beltí við núverandi reiðgötur (malarbornar). Eldri reiðgötur gætu verið frá ýmsum skeiðum. Stór hluti leiðarinnar er ekki í landi Laugarvatns.

**Heimildir:** Bjarni F. Einarsson, 41; ÁFÍ 1961, 145-146; SSÁ, 149; Leiðir Skálholtsbiskupa, 14-17, 32-38, 49-52, Herforingjaráðskort 1910 37, Hengill NA

**ÁR-409:068** heimild um leið

X 415641 Y 413417

Í riti um Laugarvatnshjónin segir svo: "Þjóbrautin var norðan við bæinn á svipuðum slóðum og nú, og heimreiðin var vestan við bæinn nokkurn veginn þar sem aðkeyrslan að Menntaskólanum er nú." Gata, hefur legið frá túnmörkum í norðvestri að útihúsi [018] og er hún merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Gatan hefur legið á sama stað og gatan Skólátún liggur núna (2015) eða réttara sagt í beinu framhaldi af henni til norðurs í átt að Birkihlíð og þeim stað sem útihús 018 stóð. Sléttuð grasflöt í halla til suðausturs er á þessum stað en ekki sjást ummerki um götuna.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV, Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir - Afkomendaskrá og annar fróðleikur, 113-117

**ÁR-409:069**

þúst

útihús

X 415760 Y 413427



Beint austan við lóðarmörk íbúðarhússins Garðs, á grasblettinum sem er milli þess og Héraðsskólans á Laugarvatni, neðan (sunnan) göngustígs er óljós þúst. Þústin er á grasflöt í aflíðandi halla til suðvesturs. Á þessum stað er grasi vaxin hæð sem rís aðeins (0,4-0,8 m)hærra en umhverfið. Hún er 15 x 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar gætu leynst undir sverði á þessum slóðum.

*Ógreinileg þúst ÁR-409:069, horft til austurs.*

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

## V. Niðurstöður

Að beiðni sveitarfélagsins Bláskógabyggðar var hafist handa við aðalskráningu í sveitarfélaginu, á Laugarvatni og Snorrastöðum í júní 2015. Þá voru skráðar allar þekktar fornleifar innan landamerkja gömlu jarðanna, samtals 113 fornleifar en 128 minjæiningar. Af fornleifunum 113 voru 69 á Laugarvatni en 44 á Snorrastöðum. Gengið var á alla þekkta staði en í átta tilfellum var ekki hægt að staðsetja minjar og voru því staðsettar 105 fornleifar. Ástæður þessa voru oftast að lýsing minjastaða úr heimildum var afar óljós og ekki náðist í neina heimildamenn sem gátu aðstoðað við að staðsetja minjarnar.


Ástæða þess að Laugarvatn og Snorrastaðir töldust á meðal forgangsjarða í skráningu í Bláskógabyggð er sú að þar hafa miklar breytingar átt sér stað á síðustu áratugum. Talsvert þéttbýli er risið á Laugarvatni, en þar eru hótél, skóli, sundlaug, veitingastaðir og verslanir, auk þétttrar íbúðahúsabyggðar. Framkvæmdir við umræddar byggingar hafa eðli málsins samkvæmt þegar umturnað eldra menningarlandslagi mikið og eiga án efa eftir að gera það enn frekar á næstu árum. Sjálft heimatún Laugarvatns er inni í þéttbýlinu og engar leifar sjást til að mynda um bæjarhól eða kirkju/bænhús sem var í námunda við hann. Á Snorrastöðum er hins vegar enn búið og hafa minjar í heimatúni þar helst horfið vegna dæmigerðra framkvæmda sem fylgja búskap s.s. sléttunar og byggingar nýrra húsa. Innan landamerkja Snorrastaða hafa hins vegar risið bæði sumarbústaða- og hjólhýsahverfi á undanförunum áratugum. Þessar framkvæmdir hafa umturnað landslagi nokkuð en þar sem þær eru fjarri heimatúni þar sem flestra minja er að vænta, hafa ekki margar þekktar fornleifar vikið í framkvæmdunum.

Jarðirnar Laugarvatn og Snorrastaðir eiga sér báðar langa sögu. Laugarvatn er að öllum líkindum landnámsjörð svæðisins enda landgæði þar mikil og land

jarðarinnar mjög stórt. Jörðin var höfuðból svæðisins um aldur og er getið í fjölda fornra heimilda. Þar reis snemma kirkja (er getið í kirknatali um 1200 en hefur líklega risið strax í kringum 1000) og væntanlega verið stórbú um aldir. Snorrastaðir hafa að öllum líkindum einnig byggst fremur snemma og þá líklega úr landi Laugarvatns. Jarðarinnar er getið í biskupasögum og virðast gæði hennar hafa verið ágæt, þar var til dæmis nægur skógur til þess að fleiri jarðir ættu þar ítök gegn beitarrétti. Líklega hefur hefðbundinn búskapur verið stundaður á báðum jörðum í gegnum aldirnar allt fram á 20. öld þegar landnýting jarðanna fór

að breytast. Skóli var stofnaður á Laugarvatni 1928 og í kjölfarið hófst uppbygging þéttbýlis á svæðinu. Á Snorrastöðum hófst uppbygging frístundabyggðar talsvert seinna eða á síðustu áratugum 20. aldar.

Minjarnar sem skráðar voru á Laugarvatni og Snorrastöðum bera augljós merki þessi að þær eru á svæði þar sem talsverðar framkvæmdir hafa átt sér stað um áratuga skeið og hafa þær framkvæmdir haft gríðarleg áhrif á varðveislu minja,



Skífurit: ástand minja á Laugarvatni og Snorrastöðum

sérstaklega þó á Laugarvatni. Þrátt fyrir þetta hafa margar minjar varðveist og má segja að varðveisla sé víða ágæt um leið og komið er út fyrir helstu framkvæmdasvæðin á jörðunum tveimur. Af skráðum minjastöðum er tæplega helmingur horfinn (47%) vegna ýmiskonar framkvæmda. Þar sem sást til minja var algengast að óljós ummerki sæjust (sést til 33%) en hleðsluleifar bygginga sáust í um 20% tilfella (sjá skífurit).

Á hverjum minjastað var metið hvort hætta steðjaði að fornleifum og þá hvaða hætta. Aðeins um fjórðungur (26%) af minjastöðum á skráningarsvæðinu taldist ekki í neinni hættu en 74% minja töldust í einhverri hættu. Hátt hlutfall minjastaða í hættu skýrst mest af því hversu miklar framkvæmdir hafa og munu að líkindum eiga sér stað innan jarðanna tveggja á næstu áratugum. Það voru þó fleiri hættur sem steðjuðu að minjum og má sem dæmi nefna að gróður á svæðinu er víða að þéttast mikið og eru nokkrar fornleifar að hverfa í skóg og gróður og ágangur ferðamanna á svæðinu er einnig nokkur og voru einhverjar fornleifar taldar í hættu vegna þess. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfyrstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Sem dæmi um



Þetta má nefna að allir minjastaðir í heimatúnunum bújarða í byggð eru að jafnaði taldir í hættu vegna ábúðar, þar sem talsverðar framkvæmdir fylgja oftast búskap í sveit og margar minjar hafa á síðustu áratugum vikið í slíkum framkvæmdum. Á Laugarvatni og Snorrastöðum voru flestir þeirra minjastaða sem töldust í hættu (eða um tveir þriðju, 67%) í hættu vegna ábúðar og fellur þar jafnt undir búskapur, íbúðahúsabyggð eða hjólhýsa- og sumarhúsabyggð. Almennar framkvæmdir töldust ógna 17% minjastaða en aðrir staðir voru í hættu vegna ágangs gróðurs eða átroðnings ferðamanna.

Þeir minjastaðir sem skráðir voru á Laugarvatni og Snorrastöðum eru að mörgu leyti dæmigerðir minjar um landbúnað og landnýtingu fyrri alda. Hlutverk um 12% þeirra staða sem skráðir voru var óþekkt, þ.e. ekki er lengur vitað nákvæmlega hvaða hlutverki minjastaðurinn gegndi. Slíkir staðir voru t.d. þústir, tóftir eða vörður sem engar heimildir eru um til hvers voru byggð og ekki bera greinileg einkenni sem hægt er að nota til að ráða í mögulegt hlutverk. Af minjastöðum með þekkt hlutverk voru útihús algengust en 19 slík voru skráð (þar af voru 12 staðir þar sem ekki var vitað nákvæmlega hvers lags útihús var um að ræða) en talsvert var einnig skráð af kálgörðum (7 slíkir) og leiðum og tröðum (12). Ástand útihúsa var slæmt og eru langflest þeirra horfin, þótt í einhverjum tilfellum sjáist þústir eða hæðir þar sem húsin stóðu og er svipaða sögu að segja af þeim kálgörðum sem voru á svæðinu. Traðir eru flestar horfnar en ummerki um margar af þeim leiðum sem skráðar voru og lágu á milli sveitarfélaga sjást víða þegar komið er út fyrir þéttbýlissvæðin.

Af öðrum minjum má nefna bæi (ýmist flokkað sem bústaður eða býli eftir því hvort um aðalbú á lögbýli eða hjáleigur var að ræða) en heimildir um slíka minjar voru skráðar á átta stöðum. Bústaðirnir tveir áttu það sameiginlegt að litlar sem engar minjar sáust um þá. Á Laugarvatni sjást engin ummerki um síðasta bæinn (ÁR-409:001) og á Snorrastöðum (ÁR-409:001) má segja að ummerki um eldri bæi séu hartnær horfin þótt þar sjáist reyndar enn sæmilega stæðilegur bæjarhóll sem þó hefur talsvert verið raskað. Á Snorrastöðum er þekkt fornbýlið Bali (ÁR-409:020) og sáust lengi vel ummerki um það (rústir og garðar) ekki langt frá bæ en allar hafa þær minjar nú horfið í sléttun. Á Laugarvatni eru þekkt fimm býli en eru heimildir fremur fámálar um þau öll. Tveggja þeirra (ÁR-409:016 og 043) er þó getið í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar. Annað þeirra er nafnlaus hjáleiga (ÁR-409:043) en samkvæmt Jarðabókinni var hún skammlíf og komin í eyði síðla á 17. öld. Hjáleigan virðist hafa verið í heimatúni Laugarvatns þótt nákvæm staðsetning sé nú týnd en vel má vera að mögulegt bæjarstæði, sem getið er í örnefnaskrá (sjá ÁR-409:028) á Snúðsflöt skammt fyrir norðan gamla Laugarvatnsbæinn sé á sama stað og eldri hjáleiga. Hitt býlið sem getið er

í Jarðabókinni er Stekkjarbakki/Gamla-Stekkjartún (ÁR-409:016) sem var um 1,5 km norðan við bæ. Þar var í byggð 1674-1694 en síðar var byggður stekkur á sama stað. Sigin stekkjartóft er á svæðinu, mitt inni í þéttum skógi, en ekki fundust frekari minjar á svæðinu þótt rétt sé að taka fram að gróður hamlaði nokkuð leit. Fjórða býlið sem þekkt er í landi Laugarvatns er talið að hafi heitið Bullunga (ÁR-409:025) og var um 760 m norðaustan við bæ, þar sem nú er grænt svæði milli íbúðahúsabyggðar á Laugarvatni og Laugarvatns. Þar fannst stök og sigin tóft en svæðið er að hverfa í runnagróður og annan trjágróður þannig að ekki er hægt að útiloka að þar geti leynst frekari tóftir eða garðar. Fimmta býlið nefndist svo einfaldlega Kot (ÁR-409:051) og var suðvestan við bæ. Þar var hjáleiga fram yfir 1900 en þá voru byggð beitarhús á sama stað og sjást ummerki um það á svæðinu. Auk þeirra býla sem hér hafa verið talin upp má auðvitað bæta við Laugarvatnshellum (ÁR-409:007) en í þeim var, eins og frægt er orðið, búið um skeið.

Af öðrum fornleifum sem skráðar voru má nefna margvíslegar minjar um útbeit og fjárbúskap en skráðir voru 14 slíkir staðir (fernar kvíar, fimm beitarhús, þrjú sel, einn stekkur og einn náttagi. Ástand þessara minja var að jafnaði ágætt. Þó eru þrjár af fernum kvíum (ÁR-408:019 og ÁR-409:018 og 027) horfnar en ummerki um kvíar sáust í landi Snorrastaða (ÁR-408:036). Einhver ummerki sáust um öll beitarhúsin (ÁR-409:032, 041, 051 og ÁR-408:027) en aðeins fundust leifar af einu seli (ÁR-409:013) af þremur en ekki tókst að staðsetja Þóroddssel (ÁR-409:012) í landi Laugarvatns og er mögulegt að það hafi áður staðið þar sem beitarhús (ÁR-409:032) voru síðar byggð. Ógreinileg ummerki um sel í landi Snorrastaða (ÁR-408:023) sáust lengi vel ofan við bæinn en svæðið er nú á kafi í þéttum trjágróðri og ekki fundust greinileg ummerki um selið við vettvangsgöngur. Það má hins vegar vekja athygli á því að aðrar tóftir í landi Snorrastaða gætu vel verið sel þótt heimildamaður hafi talið þær kvíar. Tóftirnar (ÁR-408:036) eru í Fagradal, um 2,6 km norðvestan við bæ og staðsetning þeirra og útlit minnir um margt á dæmigerðar seljarústir.

Af öðrum skráðum minjastöðum á Laugarvatni og Snorrastöðum er helst að nefna þar sem efni var fengið til eldiviðar og bygginga en á svæðinu eru þekktir staðir þar sem gert var til kola (ÁR408:033, ÁR-409:009 og 058), þar sem torf var rist (ÁR-408:031 og ÁR-409:010 og 017) og þar sem mór var tekinn (ÁR-408:034 og ÁR-409:066). Í flestum tilfellum sáust nú lítil sem engin ummerki um þessa landnýtingu fyrri alda.

Fjölmargir aðrir minjastaðir voru skráðir en í öllum tilfellum aðeins einn eða tveir staðir af hverri tegund og vísast hér með í fornleifaskrá til frekari upplýsinga um þá. Helsta

undantekningin frá þessu eru álagablettir en skráningarsvæðið var óvenjuauðugt a skemmtilegum frásögnum um alls kyns friðhelga staði sem ekki mátt nýta án þess að einhver ógæfa dynja á þeim sem ryfi friðhelgi staðarins. Einn slíkur staður var skráður í landi Snorrastaða (ÁR-408:026) og fjórir staðir í landi Laugarvatns (ÁR-409:059-060).

Sem fyrr segir eru ummerki um marga minjastaði á skráningarsvæðinu nú horfin oftast vegna framkvæmda. Mikilvægt er að mótuð verði heildstæð stefna um þær minjar sem eftir standa á þéttbýlissvæðum, í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Ljóst er að enn eru nokkrir staðir innan þéttbýlis á Laugarvatni sem mikilvægt er að vernda og má þar helst nefna tóftina Bullungu (ÁR-409:025) og Stekkjarbakka (ÁR-409:016) en í báðum tilfellum fer það saman að þegar eru góðir göngustígar í námunda við tóftirnar en gróður ógnar þeim og nánasta umhverfi þeirra. Með aðhaldsaðgerðum mætti tryggja það að gróðri á þessum svæðum sé haldið í skefjum og gæti miðlun upplýsinga um staðina aukið talsvert á gildi útivistar á svæðinu. Í þéttbýlinu á Laugarvatni er að finna frægan, friðlýstan minjastað, Vígðulaug, sem greinilega laðar að sér talsverðan fjölda ferðamanna enda um fallegan og vel merktan minjastað að ræða. Aðgengi að minjunum er gott en ljóst að svæðið er viðkvæmt og mikill átroðningur við laugina gæti ógnað minjum í framtíðinni. Mikilvægt er að ráðstafanir séu gerðar til að verja Vígðulaug til framtíðar, í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Annar minjastaður í landi Laugarvatns sem þegar nýtur talsverðrar hylli og gott aðgengi er að eru Laugarvatnshellar. Þar er að finna skemmtilegar minjar í fallettu umhverfi og bílastæði og skilti með upplýsingum, í hæfilegri fjarlægð, auka enn á gildi staðarins fyrir ferðamenn. Þar skammt frá er svo Barmarétt sem samkvæmt heimildum er friðlýst en finnst ekki á friðlýsingaskrá. Réttin er falleg og vel staðsett og gæti einnig hentað vel til frekari kynninga. Af öðrum minjastöðum sem eru utan þéttbýlisins á Laugarvatni og gætu hentað til kynningar má nefna Snorrahaug (ÁR-409:036) en nýverið útbjó Lionsklúbburinn á Laugarvatni stikaða leið að haugnum. Þrátt fyrir að haugurinn geti ekki talist líklegur legstaður er hann gott dæmi um þjóðsagnakenndan legstað sem lengi vel var talsverður átrúnaður lagður og eru til sagnir um fleiri slíka legstaði landnámsmanna á þessum slóðum sem tvinna mætti saman ef ákveðið væri að miðla upplýsingum um Snorrahaug. Að auki er gönguleiðin upp að haugnum skemmtileg og útsýni þaðan gríðargott. Fjölmarga aðra staði mætti tína til, þjóðleiðir sjást víða á skráningarsvæðinu og má t.a.m. sjá leifar Konungsvegar víða. Hann mætti t.d. kynna í tengslum við Laugarvatnshella. Fleiri staði mætti kynna áhugasömum og bæta aðgengi að, sé

vilji til og má þar nefna beitarhúsaleifar sem sjást víða, leifar sels í landi Laugarvatns sem og aðrar minjar um búskaparhætti og landnýtingu.

Auk þeirra minjastaða sem enn sjást á yfirborði og geta talist sjónrænir og vel hentugir til að kynna áhugasömum er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu að fyllstu varúðar ber að gæta þar eru þekktar minjar en lítil sem engin ummerki sjást á yfirborði. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Þetta er orsökinn fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

## Heimildaskrá

- Árnesingur X:** Kristinn Kristmundsson. „Um örnefni í Laugardal.“ *Árnesingur. Rit X*, 2009, 87-101.
- ÁFÍ 1961:** *Árnessýsla. Grímsnes og Biskupstungur*. Ferðafélag Íslands, árbók 1961.
- Árbók 2000-2001:** Orri Vésteinsson. „Vígðalaug í Laugardal,“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2000-2001*, 205-218.
- Biskupa sögur*. I bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1858.
- Bjarni F. Einarsson.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Laugarvatns, Laugarvatnshreppi. Fornleifafræðistofan, Reykjavík 1999.
- Bjarni F. Einarsson:** *Fornleifaskráning. Vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar í Þingvalla- og Laugardalshreppi, Árnessýslu*. Fornleifafræðistofan, Reykjavík 2003.
- BL:** Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur 1967.
- Böðvar Magnússon. *Undir Tindum*. Norðri, [útgáfustað vantar] 1953.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV. Kaupmannahöfn/ Reykjavík, 1857-1972.
- Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: skráningarátak. FS570-14171*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2015.
- FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* I-II. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson, Reykjavík 1943.
- FF I:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. I bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Örn og Örlygur, Reykjavík 1983.
- FSP:** Sveinn Pálsson. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Snælandsútgáfan, Reykjavík 1945.
- Friðlýsingaskrá:** Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*. Reykjavík, 1990.
- ÍF:** *Íslensk fornrit*. I-XVII. bindi. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík 1935-2002.
- JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla*. II bindi. Kaupmannahöfn, 1918-1921.
- JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.
- Kristjana Vilhjálmisdóttir. *Meningarminjar í Bláskógabyggð: Svæðisskráning fornleifa*. Fjölrit númer: FS584-15221. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2015.
- Laugarvatnshjónin:** Bergljót Magnadóttir (ritstjóri). *Laugarvatnshjónin: Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir: afkomendaskrá og annar fróðleikur*. [Án útgefanda], Reykjavík, 1997.
- Leiðir Skálholtsbiskupa:** Guðrún Ása Grímsdóttir. *Leiðir Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík 2000.
- Manngerðir hellar á Íslandi:** Árni Hjartarson, Hallgerður Gísladóttir & Guðmundur J. Guðmundsson. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1991.
- Orri Vésteinsson.** *Vígðalaug í Laugardal: greingargerð*. Fjölrit nr. FS054-98041. 1998, Reykjavík.
- Ponzi, Franz.** *Ísland Howell's: 1890-1901*. Mosfellsbær: 2004, Brennholtsútgáfan.
- SB III:** *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*. III. bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.] 1983.
- Sigurður Kristinsson. „Bújörðin Laugarvatn.“ *Árnesingur*, 1990, 141-163.
- SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. Reykjavík, 1979.

*Sturlunga saga*. I-II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlungaútgáfan, Reykjavík 1946.

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. *Grær undan hollri hendi*. Setberg, Reykjavík 1964.

Þorvaldur Thoroddsen. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1905.

**Ö-Snorrastaðir:** Örnefnaskrá Snorrastaða. Haraldur Finnsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1973.

### **Óprentaðar heimildir**

#### ***Fornleifastofnun Íslands***

Sólveig Guðmundsdóttir Beck. Deiliskipulag í landi Laugarvatns: útgefið bréf um niðurstöður fornleifaskráningar, 24.04.2007. Varðveitt á Fornleifastofnun Íslands.

#### ***Landsbókasafn Íslands***

**Herforingjaráðskort:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

#### ***Landmælingar Íslands***

Örnefnasjá LMÍ. Sótt af <http://atlas.lmi.is/kortasja/>

#### ***Þjóðarbókhláða/Landsbókasafn***

Herforingjaráðskort. Sótt af [www.islandskort.is](http://www.islandskort.is)

#### ***Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum***

**AM 263 fol:** *Máldagabók*, 1598. Arnamagnæanske samling, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

#### ***Þjóðskjalasafn Íslands***

**Túnakort 1920:** Túnakort Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps & Þingvallahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands. 1920.

#### ***Örnefnastofnun Íslands:***

**Ö-Laugarvatn:** Örnefnaskrá Laugarvatns. Böðvar Magnússon skráði. Birt í Ársriti Laugarvatnsskólans 1935. Örnefnastofnun, Reykjavík, 1935.

### **Heimildamenn**

Guðmundur Rafnar Valtýrsson

Halldór Steinar Benjamínsson

Pálmi Hilmarsson

Sveinbjörn Jóhannsson

Hlíf Böðvarsdóttir

**Viðauki 1: Hnitaskrá yfir allar skráðar minjæningar í skýrslunni (ISN93)**

Samtala	X	Y
ÁR-408:001	417485.46	416547.67
ÁR-408:002	417429.05	416519.27
ÁR-408:003	417491.78	416522.23
ÁR-408:004	417454.89	416514.14
ÁR-408:005	417460.22	416538.8
ÁR-408:006	417462.39	416521.05
ÁR-408:007	417434.58	416555.37
ÁR-408:008	417426.29	416601.52
ÁR-408:009	417333.4	416518.09
ÁR-408:010	417339.12	416505.47
ÁR-408:011	417464.16	416668.78
ÁR-408:012	417490.39	416675.88
ÁR-408:013	417554.1	416667.79
ÁR-408:014	417511.5	416340.18
ÁR-408:014B	417517.22	416200.54
ÁR-408:015	417567.32	416484.56
ÁR-408:016	417692.36	416588.9
ÁR-408:016B	417641.67	416523.81
ÁR-408:017	417651.54	416649.25
ÁR-408:018	417378.56	416798.56
ÁR-408:019	417307.36	416743.73
ÁR-408:020	417176.59	416383.57
ÁR-408:021	417398.88	417123.01
ÁR-408:022	417406.37	417172.12
ÁR-408:023	417161.8	417798.93
ÁR-408:024	416389.82	419508.17
ÁR-408:025	417626.29	416321.64
ÁR-408:026	416634.2	416154.39
ÁR-408:027A	416961.21	416180.03
ÁR-408:027B	416971.07	416158.53
ÁR-408:027C	417018.81	416177.86
ÁR-408:028	416887.05	416180.62
ÁR-408:029	416186.47	415850.65
ÁR-408:030	416536.17	415650.25
ÁR-408:031	417127.48	416478.05
ÁR-408:032	416886.85	416781

ÁR-408:032B	417093.36	416696.19
ÁR-408:033A	417293.95	417716.88
ÁR-408:033B	417255.09	417692.03
ÁR-408:034	416815.85	416002.52
ÁR-408:035	417633.39	416317.9
ÁR-408:036	416388.05	418919.43
ÁR-408:037	417642.46	416552.8
ÁR-408:038	417195.73	416440.38
ÁR-408:038B	417187.64	416435.25
ÁR-408:039	417544.04	416611.38
ÁR-408:040A	416426.31	418213.72
ÁR-408:040B	416417.44	418202.28
ÁR-408:041A	416426.71	419387.07
ÁR-408:041B	416416.45	419374.84
ÁR-408:042	417652.13	416559.11
ÁR-408:043	416724.92	415978.06
ÁR-408:044	417371.07	416572.72
ÁR-409:001	415682.73	413311.24
ÁR-409:002	415698.51	413290.93
ÁR-409:003	415541.51	413301.97
ÁR-409:004	415545.26	413279.68
ÁR-409:005	415815.87	413442.4
ÁR-409:006	415977.8	413520.9
ÁR-409:007A	408542.23	414131.74
ÁR-409:007B	408565.11	414133.71
ÁR-409:007C	408543.81	414115.76
ÁR-409:007D	408545.78	414122.47
ÁR-409:007E	408548.54	414089.53
ÁR-409:008	408247.56	413589.15
ÁR-409:011	408376.94	413581.06
ÁR-409:013	411278.08	415196.02
ÁR-409:014	406837.72	410803.59
ÁR-409:015	415797.52	413421.1
ÁR-409:015B	415817.25	413409.07
ÁR-409:016	415919.22	414814.37
ÁR-409:017	415970.3	414223.26
ÁR-409:018	415557.88	413488.95
ÁR-409:019A	416299.09	414319.9
ÁR-409:019B	416304.42	414371.78
ÁR-409:020	415715.47	413462.92
ÁR-409:021	414551	413257

ÁR-409:022A	412361.88	413299.41
ÁR-409:022B	412264.45	413268.64
ÁR-409:022C	412196.4	413297.24
ÁR-409:023A	416031.45	413712.42
ÁR-409:023B	416030.85	413712.62
ÁR-409:023C	416031.25	413713.01
ÁR-409:023D	416030.66	413713.4
ÁR-409:023E	416030.46	413713.01
ÁR-409:023F	416029.08	413712.02
ÁR-409:024	409767.85	415032.12
ÁR-409:025	416038.55	413970.6
ÁR-409:026	415456.51	413417.35
ÁR-409:027	415422.58	413309.66
ÁR-409:028	415655.71	413440.83
ÁR-409:029	415748.02	413377.71
ÁR-409:030	415347.04	413320.91
ÁR-409:032A	413746.28	413204.14
ÁR-409:032B	413739.97	413160.95
ÁR-409:033A	407512.46	411148.56
ÁR-409:033B	407573.61	411230.21
ÁR-409:034	409234.72	410110.71
ÁR-409:035	408438.28	413394.28
ÁR-409:036A	414936.2	414786.36
ÁR-409:036B	414940.34	414793.07
ÁR-409:036C	414948.43	414801.95
ÁR-409:036D	414948.43	414807.86
ÁR-409:036_auka	414834.82	414767.63
ÁR-409:037	410540.81	414847.9
ÁR-409:038	415819.02	413342.01
ÁR-409:040	416026.12	413707.68
ÁR-409:041	408291.34	413484.22
ÁR-409:042	415290.04	413762.12
ÁR-409:044	415702.65	413316.76
ÁR-409:045	415557.69	413361.93
ÁR-409:046	415753.34	413311.44
ÁR-409:047	415673.46	413453.65
ÁR-409:048	415965.96	413558.57
ÁR-409:049	415988.45	413576.52
ÁR-409:050	408518.36	413317.36
ÁR-409:051	415038.96	412802.97
ÁR-409:052	415745.06	413271.01

ÁR-409:053	414931.07	413300.59
ÁR-409:054	406905.57	410850.73
ÁR-409:056	411253.23	415257.95
ÁR-409:058	413392.83	412703.36
ÁR-409:059	416443.47	414068.23
ÁR-409:060	416066.16	413484.22
ÁR-409:061	415498.32	415408.64
ÁR-409:062	416021.19	413489.35
ÁR-409:063	408215.21	413516.96
ÁR-409:065	408350.12	412991.92
ÁR-409:066	412366.03	412810.07
ÁR-409:067	408231.98	410746
ÁR-409:068	415640.92	413415.97
ÁR-409:069	415761.23	413428.6
ÁR-409:070	415635.99	413321.5




## Viðauki 2: Sérheitaskrá

Sérheitaskrá	
Sérheiti	Samtala
Austurhús	ÁR-408:012
Álfakirkja	ÁR-409:024
Álfhóll	ÁR-409:046
Álftahólmar	ÁR-409:059
Bali	ÁR-408:020
Barmaréttir	ÁR-409:035
Barnhóll	ÁR-409:038
Biskupsvarða	ÁR-409:034
Blaríusarkirkja	ÁR-409:002
Borgarhóll	ÁR-409:031
Breiðagata	ÁR-408:032
Bullunga	ÁR-409:025
Einstein	ÁR-408:026
Fjóshóll	ÁR-409:029
Gamla-Stekkjartún	ÁR-409:016
Gamli-Stöðull	ÁR-409:027
Gvendarbrunnar	ÁR-409:056
Haustrúarvarða	ÁR-409:033
Húsatorfsmýri	ÁR-408:031
Hveraopna	ÁR-409:060
Kárahella	ÁR-409:008
Ketilhöfði	ÁR-408:029
Kolhóll	ÁR-409:058
Kot	ÁR-409:051
Lambhús	ÁR-408:011
Laugarvatn	ÁR-409:001
Laugarvatnshellar	ÁR-409:007
Líkasteinar	ÁR-409:023
Mjúkur	ÁR-409:057
Nátthagar	ÁR-409:030
Reyniviðarbrekka	ÁR-409:061
Réttartunga	ÁR-409:053
Sandtótt	ÁR-408:025
Sauðabraut	ÁR-408:021
Sel	ÁR-408:023
Seltóft	ÁR-409:013
Skottatóft	ÁR-408:030
Skyggfir	ÁR-409:022
Snorrahaugur	ÁR-409:036
Snorrastaðir	ÁR-408:001
Steinhóll	ÁR-409:026
Stekkur	ÁR-408:027
Stiklur	ÁR-408:016

Sérheitaskrá	
Stöðull	ÁR-408:019
Stöðull	ÁR-409:018
Syðsti Kálfstindur	ÁR-409:039
Sökk	ÁR-408:022
Tjaldflöt	ÁR-408:018
Torfholt	ÁR-409:017
Vatnsgata	ÁR-408:039
Veita	ÁR-408:014
Vestur-Klofningar	ÁR-408:024
Vígðalaug	ÁR-409:040
Þóroddssel	ÁR-409:012



# Minjakort 1: Minjar í úthögum Snorrastaða




AR408024  
AR408041A-B

AR408036

AR408040A-B

AR408023  
AR408033A-B

AR408022  
AR408021



AR408026

AR408043

AR408034

AR408029

AR408030


## Skýringar

- Minjastaðir
- Mörk fornleifa
- Gróflega áætluð landamerki byggð á upplýsingum frá RALA
- Mörk túns um 1920

0 500 1.000  
metrar




# Minjakort 2: Minjar í heimahögum Snorrastaða






# Minjakort 3: Minjar í úthögum Laugarvatns



### Skýringar

- Minjastaðir
- Mörk fornleifa
- Gróflega áætluð landamerki byggð á upplýsingum frá RALA
- Mörk túns um 1920







# Minjakort 4: Minjar í heimahögum Laugarvatns

